



SKOÐUN Páll Matthíasson þakkar konum sem stutt hafa Landspítalann. **17**



MENNING Reykjavík Midsummer Music verður haldin í fjórða sinn í Hörpu. **24**



LÍFIÐ Lagið 17. júní hljómar víða í tilefni dagsins. Langaði til að lýsa deginum. **38**



SPORT Kristinn Jónsson er leikmaður 8. umferðar að mati Fréttablaðsins. **32**

Gasblöðrur
Lítlar: 699 kr.
Stórar: 999 kr.

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
17. júní 2015
140. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ A ÍSLANDI*

MARKAÐURINN



Vilja Íslenska fjárfesta
Á árunum fyrir hrun unnu sjö þúsund Frakkar í fyrirtækjum þar í landi sem voru í íslensku eigu. Það breyttist í hruninu. Nú vilja Frakkar aftur fá Íslendinga til að fjárfesta í Frakklandi.

FRÉTTIR



Spennandi kosningar
Búast má við óvenjuspennandi kosningum í Danmörku á morgun, því samkvæmt könnunum skiptist fylgið nær jafnt milli blokka. **12**


Stefnir í verkfall Slitnað hefur upp úr kjaraviðræðum iðnaðarmanna og Samtaka atvinnulífsins. Samningur var þó í auglýsingu. **2**

Ófremdarástand Á Landspítalanum hafa nú 118 starfsmenn sagt upp, þar af 91 hjúkrunarfræðingur. **4**

Engir fundir Störf komust í uppnám á Alþingi í gær eftir tillögu um breytingar á makrílfrumvarpi. **6**



3 SÉRBLÖÐ Markaðurinn | Íslenskt, já takk | Fólk



YFIRBURÐIR
Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalbestur kvenna á tölublað, 18-49 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan. - mar. 2015



Allt sem þú þarft ...



Gledilega Þjóðhátíð

ÆFING Í GÆR Sigrún Kristín Sigurjónsdóttir og Pórey Lovísa Sigurmundsdóttir voru meðal hressra skáta sem síðdegis í gær æfðu fyrir hátíðahöldin á Austurvelli í dag. Hátíðahöld verða venju samkvæmt um land allt í tilefni af Þjóðhátíðardegi Íslendinga, 17. júní. Í Reykjavík fara skátar fyrir skrudgöngu frá Hlemmi niður Laugaveg þar sem Lúðrasveit Reykjavíkur og Kampen Janitsjarorkester leika og Götuleikhúsið tekur þátt. Flestir ættu að finna eitthvað við hæfi í fjölbreyttri dagskrá dagsins. Sjá síðu 2

Þjóðin í tvö horn vegna laga á verkfall

Yfir helmingur þeirra sem afstöðu tóku telja að það hafi ekki verið rétt af Alþingi að setja lög á verkfall BHM og hjúkrunarfræðinga. Formaður Félags hjúkrunarfræðinga túlkar niðurstöðurnar sem stuðning við kjarabaráttu félagsmanna sinna.

KJARAMÁL „Ég túlka það sem stuðning við okkar málstað að meirihluti þjóðarinnar vill að við náum einhverjum árangri í okkar kjarabaráttu, segir Ólafur Skúlason, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, um niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins.

Helmingur aðspurðra telur að það hafi ekki verið rétt af Alþingi að samþykkja lög á verkfall Bandalags háskólamanna og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Þetta kemur fram í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Rúmlega þriðjungur, eða 37 prósent, telur aftur á móti að það hafi verið rétt að samþykkja lög á verkfallið. Um þriðjungur er óákveðinn í afstöðu sinni og 2 prósent svara ekki spurningunni. En þegar einungis eru skoðuð svör þeirra sem afstöðu tóku má sjá að 58 prósent telja að ekki hafi verið rétt að setja lög á verkfallið en 42 prósent telja að það hafi verið rétt.

Ólafur túlkar þá niðurstöðu að 42 prósent hafi sagt að það væri rétt að setja lög á verkfallið þannig að það sýni mikilvægi þess-




ÓLAFUR G. SKÚLASON

ara starfsstétta í þeirri þjónustu sem er verið að veita hérna á Íslandi. „Fólk telur að þetta sé þjónusta sem ekki megi missa sín og það er í fullu samræmi við það sem við höfum verið að tala um undanfarið. Að það þurfi að gera þessi störf samkeppnishæf í launum, þannig að fólk kjósi að vinna við þau. Þetta þykir mér bara algjörlega endurspeglar það,“ sagði Ólafur Skúlason.

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, mælti fyrir lögnum á Alþingi á föstudag. Þau voru samþykkt síðar um helgina. Í aðdraganda laganna hafði Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, og aðrir stjórnendur lýst áhyggjum af öryggi sjúklinga. Fulltrúar þeirra starfsstétta sem verkfallsrétturinn var tekinn af hafa hins vegar lýst mikilli reiði. Könnunin var gerð þannig að

→ Var rétt af Alþingi að samþykkja lög á verkfall BHM og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga?



hringt var í 1.205 manns þar til náðist í 774 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 15. og 16. júní. Svarhlutfallið var 64,2 prósent. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr Þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Einkunnaverðbólga:
Vill samræmd próf að nýju

MENNTUN Meðaleinkunn nemenda úr grunnskóla hefur hækkað gríðarlega frá því samræmd próf voru aflögð árið 2008. Ingi Ólafsson, skólameistari Verzlunarskóla Íslands, segir einkunnaverðbólgu hafa átt sér stað og vill taka upp samræmd próf að nýju til þess að nemendur séu metnir jafnt. Sú staða sem upp er komin nú sé hálfgerð vitleysa og það verði að vinda ofan af þessari þróun.

Opið 17. júní

Iceland

- jhh

VEÐUR



Hæg suðvestlæg átt og þokuloft eða súl sunnan- og vestanlands, en líklega skúrir seinni partinn inn til landsins. Hægviðri og skýjað með köflum á Norður- og Austurlandi og mun væntanlega eitthvað sjást í þá gulu. Hiti 10 til 18 stig, hlýjast á Norður- og Austurlandi.

SJÁ SÍÐU 22

Samkomulag við lánardrottna á að bjarga fjárhag Sunnuhlíðar sem átt hefur í miklum skuldavanda: Ríkið greiðir milljarð fyrir hjúkrunarheimilið

ÖLDRUNARMÁL Íslenska ríkið mun greiða einn milljarð króna fyrir húsnæði hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar við Kópavogsbraut 1c. Kaupin eru hluti af lausn á skuldavanda Sunnuhlíðarsamtakanna, en ríkið tók yfir rekstur hjúkrunarheimilisins á síðasta ári. Samtökin áttu húsnæðið áfram.

Samkvæmt svari fjármálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins voru 147 milljónir greiddar til Sunnuhlíðarsam-

takanna fyrir húsnæðið, sem alls er 4.500 fermetrar. Einnig voru lífeyrisskuldbindingar við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga, sem nema 728 milljónum króna, yfirteknar. Þar að auki var yfirtekn um 137 milljóna króna skuld hjúkrunarheimilis Sunnuhlíðar við ríkisaðila sem myndast hafði af rekstri þess.

Með samkomulaginu á fjárhagur samtakanna að vera kominn í lag. „Þessi lausn miðar að því að

allir koma út á sléttu,“ segir Þóra Þórðardóttir, formaður stjórnar Sunnuhlíðarsamtakanna. Sunnuhlíðarsamtökin munu áfram reka íbúðir í grennd við hjúkrunarheimilið.

Hluti af samkomulaginu felst í að Kópavogsbær falli frá 81 milljónar króna fasteignagjaldaskuld Sunnuhlíðar við bæinn. Þá þurfa lánardrottinn einnig að afskrifa hluta af lánum sínum við Sunnuhlíð að sögn Þóru.

-ih



SUNNUHLÍÐ Húsnæðið sem ríkið kaupir er alls 4.500 fermetrar að stærð.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



HELDUR RÆÐU Hér mæta Donald Trump og eiginkona hans, Melania, til eigin blaðamannafundar í Trump Tower í New York í Bandaríkjunum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Audkýfingurinn Donald Trump býður sig fram til forseta: Fleiri framboð fyrir repúblikana

BANDARÍKIN Alls hafa tólf repúblikanar formlega tilkynnt um framboð sitt til forseta Bandaríkjanna, þar á meðal Jeb Bush, sonur George Bush, fyrrverandi forseta.

Í gær tilkynnti milljarðamæringurinn Donald Trump um framboð sitt til forseta Bandaríkjanna.

Trump, sem býður sig fram í forvali Repúblikanaflokksins, hélt fjölmennan fund í byggingu sinni, Trump-turninum í New York. Þar sagðist hann vilja gera Bandaríkin að stórkostlegu landi á ný.

-ngy

HÁTÍÐARDAGSKRÁ Á ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGINN Í REYKJAVÍK

- RÁÐHÚSIÐ**
13.30 Tónleikar.
14.00 Kraftakeppni.
20.00 Harmonikkuball.
- INGÓLFFSTORG**
13.30-17.00 Sirkus Íslands með götuleikhús og sirkusskóla.
- HLJÓMSKÁLAGARÐURINN**
13.30 Barna- og fjölskylduskemmtun í Hljómskálagarði hefst.
- SKOTHÚSVEGUR**
12.15 – 16.00 Hópakstur bílklúbbsins Krúsera og sýning.
- DÓMKIRKJAN**
10.15 Guðsþjónusta.
- HARPA**
12.15 – 16.00 Hópakstur og sýning Fornbílklúbbsins.
14.00 – 18.00 Ýmsir tónleikar og aðrar menningarupptakomur.
- HLEMMUR**
13.00 Skrúðganga frá Hlemmi niður Laugaveg.
- AUSTURVÖLLUR**
11.10 Hátíðardagskrá hefst. Ávörp forsætisráðherra og Fjallkonu, kórsöngur og fleira.
11.50 Ganga frá Austurvelli í kirkjugarðinn við Suðurgötu.
- ARNARHÓLL**
13.30 Barna- og fjölskylduskemmtun.
17.00 Tónleikar.

Fjölbreytt dagskrá

Dagskráin á þjóðhátíð í Reykjavík er fjölbreytt í dag. Mikið er um skemmtiatriði. Dagskráin hefst korter yfir tíu árdegis og lýkur tíu í kvöld, eftir tónleika að venju.

MANNLÍF Skipulögð þjóðhátíðardagskrá í Reykjavík hefst klukkan korter yfir tíu með guðsþjónustu í Dómkirkjunni. Í kjölfarið tekur við dagskrá þar sem flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Veðurspá er sæmleg í borginni, átta gráða hita spáð auk lítillar rigningar. Léttur vindur verður af suðaustri.

Hefðbundnir dagskrárliðir eru til staðar, til að mynda ávarp forsætisráðherra og ávarp Fjallkonunnar. Skrúðgöngur verða farnar frá Austurvelli, Hlemmi og Hagatorgi. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, leggur blómsveig frá Íslendingum að minnisvarða Jóns

Sigurðssonar og Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar, leggur blómsveig frá Reykvíkingum að leið hans og konu hans.

Barna- og fjölskylduskemmtanir verða annars vegar á Arnarhóli og hins vegar í Hljómskálagarðinum klukkan hálf tvö. Þá verða stórtónleikar á Arnarhóli í dag þar sem fram koma til að mynda Þórunn Antonía, AmabAdamA, Kolrassa krókríðandi og Reykjavíkurdætur. Skipulagðri dagskrá lýkur klukkan tíu í kvöld.

17. júní er fagnað í flestum sveitarfélögum landsins. Dagskráin hefst klukkan 13 á Akureyri og Ísafirði. thorgnyr@frettabladid.is

→ Ávarp Fjallkonunnar

Ávarp Fjallkonunnar hefur verið fastur liður hátíðahalda á 17. júní allt frá lýðveldisstofnun 1944. Fjallkonan er tákngervingur Íslands og er túlkud af leik konu í sérstökum skautbúningi sem er í vörslu Árbæjarsafns. Við skautbúninginn er stokkabelti með vínvíðarmunstri úr silfri og brjóstnæla í stíl.

Hér er Brynhildur Guðjónsdóttir í gervi Fjallkonunnar árið 2004. 60 árum fyrr, eða árið 1944, var Kristjana Milla Thorsteinsson fyrsta Fjallkona okkar Íslendinga.



Lögregla lýkur rannsókn: Tíu látnir sæta gæsluvarðhaldi

LÖGREGLUMÁL Fíkniefnamál, sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur lokið rannsókn á, teygði anga sína til Svíþjóðar, Hollands, Frakklands og Brasilíu.

Við rannsóknina, sem hófst í júlí í fyrra, var lagt hald á tæplega 700 grömm af kókaíni, um fjögur kíló af amfetamíni, rúmlega sjö kíló af sterum, 150 kannabispöntur og 500 grömm kannabisefna, segir lögregla. Á fjórða tug manna var yfirheyrður og sátu tíu í gæsluvarðhaldi síðasta haust. Sakborningarnir eru á aldrinum 20 til 44 ára, íslenskir ríkisborgarar nema einn og hafa áður komið við sögu lögreglu. -óka

Borgarar orðið fyrir tjóni: Vilja viðhald á holóttum götum

REYKJAVÍK Borgin á að móta viðhaldsstefnu vegna gatnaframkvæmda samkvæmt tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks á borgarstjórnarfundi í gær.

„Fjölmargir borgarbúar hafa orðið fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni sem rakið verður til óviðunandi og hættulegs ástands gatna,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks. Í ræðu sinni nefndi hann líka að í stjórnsýslu- og rekstrarúttekt innri endurskoðunar hafi verið talað skýrt um viðhald fasteigna og gatna. Samþykkt var að vísa tillögunni til borgarráðs til frekari umfjöllunar. -ngy

Frá kr. **14.900**

Barcelona

Flugsæti aðra leið með sköttum.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Samtök atvinnulífsins slíta viðræðum við VM og Rafiðnaðarsambandið: Samningar voru nánast í höfn

KJARAMÁL Samtök atvinnulífsins slitu í dag viðræðum við Rafiðnaðarsamband Íslands annars vegar og Félag vélstjóra og málmteknimanna hins vegar um nýjan kjarasamning. Kristján Þórður Snæbjarnarson, formaður RSÍ, segir viðræður hafa verið á lokametrunum og samningur nánast í höfn þegar SA hafi tekið ákvörðun um að slíta viðræðum.

„Þetta eru óneitanlega gríðarleg vonbrigði að SA hafi slitið viðræðum á þessum tímamarki. Samtökin vildu ekki fallast á sérkröfur okkar



VIÐRÆÐU-SLIT Líkur hafa aukist á því að iðnaðarmenn hefji verkfallsaðgerðir þann 22. þessa mánaðar.

FRÉTTABLAÐIÐ /STEFÁN

og ákváðu að slíta viðræðum. Þetta er skritin tímasetning því samningur var langt kominn og við höfum unnið hart að því að vinna texta í nýjum samningi,“ segir Kristján Þórður.

Náist ekki að semja munu iðnaðarmenn fara í verkfall þann 22. júní næstkomandi. Áður hafði verkfallsaðgerðum verið frestað í þeirri von að samningar næðust áður en til verkfallsaðgerða kæmi. -sa



1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 12 mán.
fylgir.

Samsung Galaxy S6 32GB

119.990 kr. stgr.

7.190 kr. /18 mán.

64GB 139.990 kr. stgr.



1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 12 mán.
fylgir.

iPhone 6 16GB

124.990 kr. stgr.

7.590 kr. /18 mán.

64GB 134.990 kr. stgr.



1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 12 mán.
fylgir.

LG G4 32GB

114.990 kr. stgr.

6.890 kr. /18 mán.

Leather 119.990 kr. stgr.

GÓÐA VERÐIÐ ER HJÁ NOVA

Ókeypis
heimsending!
nova.is

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkortu + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánari upplýsingar á Nova.is

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lág múla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

SPURNING DAGSINS



Er þetta ekki loðin afstaða?

„Hún er misloðin.“

Inga Mekkín Beck heldur úti síðunni Loðin í kjól, sem hefur það að markmiði að storka kynbundnum staðalmyndum um hárvöxt.

Læknir og framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landspítalans lýsir yfir miklum áhyggjum af ástandinu: 118 starfsmenn Landspítalans hafa sagt upp

HEILBRIGÐISMÁL Eftir að lög voru sett á verkföll heilbrigðisstarfsmanna hafa 118 starfsmenn Landspítalans sagt upp störfum. Af þeim er 91 hjúkrunarfræðingur, auk 21 geislafræðings og sex lífeindafræðinga.

Læknir á spítalanum segir ómögulegt að manna stöðurnar ef til uppsagnanna kemur. Í mörgum tilfellum er um að ræða hjúkrunarfræðinga með sérfræðimenntun.

„Á gjörgæsludeild Landspítalans fer mjög viðkvæm starfsemi fram þar sem veikustu sjúklingarnir hvíla. Þar starfa 55 hjúkrunarfræðingar en af þeim hafa 15 nú þegar sagt upp störfum,“ segir Alma D. Möller, lækni og framkvæmdastjóri



ALMA D. MÖLLER

aðgerðasviðs Landspítalans, í viðtali við fréttastofu. Gjörgæsluhjúkrunarfræðingar starfa á aðgerðasviði spítalans. Þá hefur hluti hjúkrunarfræðinga á skurðstofum og svæfingadeildum einnig sagt upp. „Á sviðinu eru 240 hjúkrunarfræðingar. Þannig að þetta er þegar komið yfir tíu prósent og við höldum að það eigi eftir að koma fleiri uppsagnir.“ Alma segist hafa miklar áhyggjur af ástandinu. „Það verður að ná samningum,“ segir hún.



LANDSPÍTALINN Heilbrigðisstarfsmenn segja upp eftir að lög voru sett á verkföll heilbrigðisstarfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



VERÐMÆTI Þorskveiði eykst ár frá ári.

Porskvótinn 239.000 tonn: Ráðherra fylgir ráðgjöf Hafró

SJÁVARÚTVEGUR Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur þriðja árið í röð fylgt tillögum Hafrannsóknastofnunar um heildarafla fyrir tiltekna nytjastofna á næsta fiskveiðiári.

Aflamark þorsks verður 239.000 tonn sem er hækkan um 21.000 tonn frá ráðgjöf fyrir yfirstandandi fiskveiðiár. Aflamark ýsu verður 36.400 tonn sem er 6.000 tonna aukning.

Verðmætaaukning vegna aukins útflutnings sjávarafurða gæti numið sjö til átta milljörðum króna, haldist afurðaverð svipað því sem af er ári.

Veitti fé í rekstur sonar síns: Kona dró sér fé í fimmtán ár

SAKAMÁL Fjármálastjóri byggingafyrirtækisins Hyrnu á Akureyri hefur játað að hafa dregið sér fé frá fyrirtækinu sem nemur á sjötta tug milljóna króna. Hefur athæfi komunnar staðið yfir í um fimmtán ár. Konunni hefur verið víkið frá störfum.

Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Hyrnu, segir bróðurpart fjádráttarins hafa átt sér stað á síðustu þremur árum. „Stærstur hluti fjáris hefur runnið beint inn á bankareikninga konunnar en eitthvað hefur einnig farið á reikninga veitingahúss sonar hennar,“ segir Örn.

Vill fá samræmd próf aftur

Meðaleinkunn nemenda sem útskrifast úr grunnskólum landsins hefur hækkað ört frá því samræmd próf voru aflögð árið 2008. Skólameistari segir einkunnaverðbólgu eiga sér stað. Hann vill sjá samræmd próf á nýjan leik.

MENNTUN Meðaleinkunnir nýnema framhaldsskólanna á næsta skólaári er sú hæsta frá upphafi. Skólameistari Verzlunarskóla Íslands segir verðbólgu myndun greinilega í einkunnum nemenda úr grunnskólum landsins.

„Það er greinilegt að einkunnir úr grunnskólum hafa farið stigvaxandi frá því að samræmdu prófin voru lögð af,“ segir Ingi Ólafsson, skólameistari Verzlunarskóla Íslands.

Meðaleinkunn nýnema í stærðfræði árið 2004 var 7,8 á samræmdu prófunum. Áratug síðar var meðaleinkunn nýnema 9,2 í stærðfræði. Samræmd próf við lok grunnskóla hafa ekki verið haldin síðan 2008. „Við getum ekki séð að nýnemi í fyrra hafi verið betri námsmaður en fyrir áratug. Þar bendir fátt til þess að nemandi með 9,0 árið 2014 standi sig betur en nemandi með 8,0 árið 2004.“

Ingi segir mikla einkunnaverðbólgu hafa átt sér stað á síðustu árum og að engum sé greidd gerður með að veita nemandi hærri einkunn en hann á skilið. „Ég trúir því ekki að þessi verðbólga eigi aðeins við okkur í Verzlunarskólanum og þætti mér gaman að sjá hvernig þessu er háttað í öðrum skólum,“ segir Ingi.

Alls bárust 4.045 umsóknir um skólavist í framhaldsskólum landsins næsta vetur. 83 prósent nýnema komust inn í þann framhaldsskóla sem þeir völdu sem fyrsta val og 15 prósent nýnema komust inn í þann skóla sem þau völdu sem annað val.

Tæplega eitt hundrað nýnemar fengu inni í skóla sem þeir völdu ekki sem fyrsta eða annað val. Því var þeim úthlutað öðrum skóla. Í flestum tilvikum tókst að innrita nemendur í skóla í þeirra nærumhverfi.

Sá hópur sem komst ekki inn í þá skóla sem hann valdi er mun



Meðaleinkunn innritaðra nýnema í fjóra vinsælustu framhaldsskóla landsins (Íslenska, enska og stærðfræði)

Verzlunarskóli Íslands	9,28
Menntaskólinn í Reykjavík	9,23
Menntaskólinn við Hamrahlíð	8,81
Kvennaskólinn í Reykjavík	8,82



INGI ÓLAFSSON

stærri en í fyrra og hefur hann stækkað um 67 prósent. Meðaleinkunnir þeirra sem innrituðust í fjóra vinsælustu skólana í ár eru mjög háar. 9,28 er meðaleinkunn nýnema í Verzlunarskólanum. Nýnemar MR með 9,23, 8,81 er meðaleinkunn nýnema í MH og nánast sama í Kvennaskólanum.


Ingi telur eðlilegast að menn horfi aftur til þeirra tíma þegar sanngarnt viðmið var haft að leiðarljósi við mat nemenda inn í framhaldsskóla landsins og telur vænlegt að horfa til upptöku samræmdra prófa á nýjan leik. „Svarid við því hvort ég vilji samræmdu prófin aftur er já. Að því gefnu að við eignum að taka inn nemendur byggðra á einkunn. Sú staða sem upp er komin núna er eiginlega bull og vitleysa,“ segir Ingi. „Frá því þetta var opnað fyrir nemend-

EINKUNNA-VERÐBÓLGA

Að mati skólameistara Verzlunarskóla Íslands er nemandi sem var með átta í meðaleinkunn fyrir tíu árum engu lakari námsmaður en sá sem er með níu í meðaleinkunn nú.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

→ Innritanir í framhaldsskóla eftir vali nemenda



um hefur pósthólf mitt fyllst af reiðum foreldrum vegna þess að börn með góðar einkunnir komast ekki inn hjá okkur. Við þurfum að skoða þá stöðu sem upp er komin,“ segir Ingi.

sveinn@frettabladid.is

Nicorette® QuickMist munnholsúðinn

virkar á 60 sek.

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette QuickMist munnholsúði er nikótínlyf sem dregur úr fráhrarfseinkennum og nikótínþörf þegar reykingum er hætt.

2 pakningastærðir:
1 stk. og 2 stk.

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® QuickMist munnholsúði, lausn (inniheldur nikótín, inniheldur hjálparefnið etanól/alkohól, innan við 100 mg af etanólí/úða) er ætlaður til meðferðar við tobaksfíkn með því að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum. Helst á að nota lyfið samhliða atferlismeðferð ásamt stuðningi. Skammtar: Hætta skal reykingum á meðan meðferð stendur. Börn yngri en 18 ára eiga ekki að nota lyfið. Fullorðnir: Nota má allt að 4 úða á klst. en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun og ekki fleiri en 64 úða á 16 klst. á sólarhring. Eftir 6 vikna meðferð á að byrja að draga úr daglegum úðaþjóða. Ekki er mælt með notkun lengur en 6 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma til að koma í veg fyrir bakslag. Frábendingar: Örnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnum. Þeir sem aldrei hafa reykt. Varnarorð: Reykingarfolk með nýlegu hjartaþrengi, óstöðuga eða vandrættis hjartaþrengi (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gestar skal varúðar og leita ráða hjá lækni við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið örnæmisþjúg eða ofsaklaða, eru með skerta lífrar- eða nyrnastarfsemi, sykurski, ómeðhöndlað skjaldrakvæði, krómíklæxli, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. Yfirfærð ávanabinding getur komið fyrir. Gestar skal þess að úða ekki í augu. Aðgát í návist barna: Nikótínsmáttar sem fullorðnir þola geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænar lítlum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Meðgangna og brjóstgjöf: Einguðu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst til fósturs og hefur áhrif á öndunarhefingir og blóðrás þess. Nikótín berst í brjóstmjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmjólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

IS/NC/2014-12-Q-1

Gleðilega hátíð



VEISTU SVARIÐ?



1. Hvers lenskt er parið sem braust inn í Kaupfélagið á Norðurfirði.
2. Hver sagði „Hvar er kjarkurinn?“
3. Styttu hvaða listakonu var stolið í Kaupmannahöfn?

SVÖR:
Stefinnur Þórhaldsson
1. Svissneskt 2. Gunnar Brazi Sveinsson 3.

Tillaga sjávarútvegsráðherra um kvótasetningu á makríl hleypir illu blóði í stjórnarandstöðu:

Engir fundir og allt vitlaust á Alþingi

ALÞINGI Tillaga Sigurðar Inga Jóhannssonar, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um breytingar á frumvarpi um makríl varð til þess að störf á Alþingi komust í uppnám. Fundur átti að hefjast klukkan 11 en honum var ítrekað frestað og að lokum fór það svo að klukkan 17.15 hófst fundur þar sem ekkert annað var samþykkt en tillaga um stofnun Jafnréttissjóðs Íslands.

Ekki verður að óbreyttu boðað til almenns þingfundar fyrr en í næstu viku.

Tillaga ráðherra gengur út á það að makrillinn verði kvótasettur líkt og aðrar fisktegundir. Samkvæmt frumvarpi ráðherra var gert ráð fyrir því að kvóta yrði úthlutað til sex ára, framsal kvóta yrði óheimilt en tilflutningur milli skipa innan sömu útgerðar yrði heimill.

Hart er deilt um frumvarpið og hefur stjórnarandstaðan gagnrýnt að úthlutað sé til sex ára. Þá hefur útgerðin gagnrýnt að sérreglur séu settar um makrílkvóta, aðrar en gilda um annan kvóta.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var stjórnarandstaðan tilbúin að sættast á, að óbreyttar forsendur varðandi makríl yrðu framlengdar í eitt ár, en ekki yrðu gerðar neinar varanlegar breytingar til lengri tíma. Tillaga ráðherra hleypti því öllu í bál og brand.

Alls hafa rúmlega 51.000 manns ritað undir áskorun til forseta Íslands um að vísa í þjóðaratkvæðagreiðslu hverjum þeim lögum sem ráðstafi fiskveiðiauðlindum til lengri tíma en eins árs.



RÁÐHERRA Þingstarf fór í uppnám í gær eftir að breytingartillaga Sigurðar Inga Jóhannssonar um makríl var kynnt í nefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



EVURUR Lögregla biður fólk um að kynna sér öryggisatriði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Falsaðir seðlar á Íslandi:

Tilkynnt um falsaðar evrur

LÖGREGLUMÁL Nokkuð hefur borið á tilkynningum um falsaða hundrað evru seðla að sögn lögreglu á höfuðborgarsvæðinu.

Lögreglan beinir því til fólks að kynna sér öryggisatriði sem hafa ber í huga. Hægt sé að finna vísbendingar á seðlum um hvort þeir eru falsaðir eða ekki en til þess má til dæmis nota útfjólublátt ljós. Lista yfir öryggisatriði evruseðla er að finna á vefsíðu Evrópska seðlabankans. Lögreglan beinir því til þeirra sem verða varir við falsaða seðla í umferð að hafa samband við lögreglu.

Vill lög um heimilisofbeldi:

Safnar saman undirskriftum

SAMFÉLAG „Það eru engin lög til um heimilisofbeldi. Ef ókunnugur maður ræðst á þig og lemur þig þá gilda sömu lög og ef maki þinn lemur þig innan veggja heimilisins,“ segir Bergljót Arnalds, rithöfundur og tónlistarkona.

Bergljót stendur nú, í samstarfi við Kvænnaathvarfið, fyrir undirskriftasöfnun fyrir þá sem vilja skora á stjórnvöld til að setja sér-lög um heimilisofbeldi. 685 manns höfðu skrifað undir listann í gær.

„Það verður að breyta fyrningartímanum. Hann ætti ekki að hefjast fyrr en sambandinu lýkur,“ segir Bergljót.

Ábati sagður margfaldur af styrkingu túlkasjóðsins

Fólk sem hefur þurft að reiða sig á aðstoð túlka hefur ekki getað nýtt sér þjónustuna í útskriftarveislum, á húsfundum eða í atvinnuviðtölum. Hér tryggja lög ekki heyrnarlausum viðlíka aðstoð og þekkist á Norðurlöndum.

MANNRÉTTINDI „Við höfum spurt ráðuneytið um hvort það berist viðbótafjármagn en okkur var tjáð að svo væri ekki,“ segir Valgerður Stefánsdóttir, forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra, um fjármögnun túlkasjóðs.



VALGERÐUR STEFÁNSDÓTTIR

Túlkasjóður er uppurinn og skapar það umtalsverð vandamál fyrir fólk sem treystir á aðstoð túlka.

„Við höfum fengið þau skilaboð að við fáum 23,6 milljónir í sjóðinn út árið og þessu er skipt upp í fjögur tímabil. En það er ljóst að þetta fjármagn dugir okkur ekki.“

Féð fyrir þennan fjórðung er búið og von er á næsta kvóta 1. júlí en Valgerður segir að ástandið hafi bitnað á mörgum.

Hún telur upp fjölda viðbúnaðs á borð við útskriftir, ættarmót, starfsviðtöl og fleira þar sem fólk hefur verið neitað um túlkun. Þá geta heyrnarlausir ekki sinnt lögbundnum hlutverkum líkt og að mæta á húsfundi.

„Ímyndaðu þér ef þú gætir ekki stundað samskipti á neinu sviði sem ekki tengist hinu opinbera. Það er alveg ljóst að þetta fjármagn er ekki nóg.“

Valgerður segir lykilinn felast í lagasetningu en á Íslandi er ekki lögbundin krafa að veita heyrnarlausum og heyrnarskertum túlkabjónustu.

„Hjá nágrannalöndum okkar er þessi þjónusta ótakmörkuð enda er hún bundin í lög,“ segir Valgerður. Ennfremur bendir hún á að ef Alþingi myndi staðfesta sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks yrði það ígildi þess að lögfesta þau réttindi.

Daði Hreinsson, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra, segir ástandið með öllu óviðunandi.

„Lögræðingur okkar hefur skrifað menntamálaráðherra bréf og við höfum margitrikað að meira fjármagn þurfi í sjóðinn en það heyr-



ELSKA TÁKNMÁL Táknmál var lögfest árið 2011 sem fyrsta mál þeirra sem það nota.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

ist ekkert. Við höfum það hvað það kemur lítið til okkar og hve mikið skilningsleysið er. Það er algert,“ segir Daði en hann segir stjórnvöld ekki hafa sýnt þessu mikinn áhuga síðan túlkasjóður tæmdist fyrst í fyrravetur.

Daði segir Félag heyrnarlausra hafa gert úttekt á því hver ábati samfélagsins væri ef heyrnarlausum væri tryggð almennileg þátttaka samfélaginu til dæmis með hjálp túlkasjóðs.

„Við fengum Tryggingastofnun til að reikna fyrir okkur og Deloitte staðfesti þær tölur að ef okkar fólk væri fullvinnufært en ekki á örorku væri ábatinn af því í gegn um skatttekjur og því um líkt um 112 milljónir á ári fyrir ríkið. Það sem okkur vantar í túlkasjóð er dropi í hafið á móti ábatanum,“ segir hann og



Lögræðingur okkar hefur skrifað menntamálaráðherra bréf og við höfum margitrikað að meira fjármagn þurfi í sjóðinn en það heyrst ekkert.

Daði Hreinsson, framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra

ítrekar mikilvægi úrbóta fyrir heyrnarlausum.

„Þetta snýst um grundvallarmannréttindi ákveðins hóps í samfélaginu og jafnan aðgang hans að vinnumarkaðnum frekar en að stuðla að óvirkni hans.“

stefanrafn@frettabladid.is

Fyrir isklifrið	Fyrir fjallgöngurnar	Fyrir Laugaveginn	Fyrir gönguförðina	Fyrir fjallahlaupin
Mammut Eiswand GTX	Hanwag Alaska GTX	Mammut MT. Trail XT GTX	Mammut Comfort High GTX SURROUND	Mammut MTR 201 Pro Low
Verð 70.995,- Með afslætti 59.796,-	Verð 59.995,- Með afslætti 47.996,-	Verð 45.995,- Með afslætti 36.796,-	Verð 38.995,- Með afslætti 31.196,-	Verð 24.995,- Með afslætti 19.996,-

20% afsláttur af gönguskóm fimmtudag, föstudag og laugardag

MAMMUT

EVEREST

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

PERSONULEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RÁÐGJÖF



GLEÐILEGA ÞJÓÐHÁTÍÐ

STARFSFÓLK HÓTEL EDDU ÓSKAR ÞÉR GLEÐILEGRAR
ÞJÓÐHÁTÍÐAR OG HLAKKAR TIL AÐ TAKA Á MÓTI ÞÉR Í SUMAR.



Við hjá Hótel Eddu fyllumst ætíð miklu stolti og tilhlökkun á 17. júní. Líkt og aðrir landsmenn höldum við upp á þjóðhátíðardaginn. En fyrir okkur markar hann jafnframt sumarkomuna því þá er búið að opna öll hótelin okkar upp á gátt.

SUMARSÆLA Í 54 ÁR

Fyrsta Edduhótelid var opnað árið 1961 samkvæmt þeirri hugmynd að nýta húsnæði og heimavistir héraðsskólanna til að bjóða ferðalöngum þar upp á gistingu yfir sumartímann. Nú mynda 12 Edduhótel víðs vegar um Ísland eina elstu og virtustu hótélkeðju landsins. Sum þeirra eru sérhönnuð sem hótél, en öll eru þau starfrækt á þeim upprunalega grunni að bjóða hagkvæma og notalega gistingu og góða þjónustu.

ATVINNUSKAPANDI FERÐAMENNING

Við erum stolt af hlutverki okkar í ferðamenningu Íslendinga og ekki síður af þætti Edduhótélanna í atvinnusköpun á landsbyggðinni. Nú sem fyrr eru hundruð sumarstarfa á Edduhótélum í heimabyggð gríðarlega eftirsótt, jafnt meðal íslenskra ungmenna og þeirra sem eldri eru. Reynsla starfsfólksins og þekking á náttúru og nágrenni hótélanna eru dýrmætur sjóður fyrir okkur og gesti okkar að sækja í.

12 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKí Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Höfn • 6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir
8 Stórutjarnir • 9 Akureyri • 10 Laugarbakki • 11 Ísafjörður • 12 Laugar í Sælingsdal

Skemmtisiglingar með **VITA**

Glæsilegt úrval
margar siglingar að seljast upp.



NÝ SIGLING

NEW YORK OG KARÍBAHAFIÐ
MEÐ NÝJASTA SKIPI HEIMS
Anthem of the Seas 7. – 23. nóvember

HAWAII
Radiance of the Seas 8. – 24. september

1 KLEFI

BARCELONA – ISTANBÚL
Celebrity Equinox 5. – 21. september

UPPSÆLT

ISTANBÚL OG MIÐJARÐARHAF
16. – 30. september

3 KLEFAR

FENEYJAR OG MIÐJARÐARHAF
Splendour of the Seas 18. – 28. september

3 KLEFAR

PEKING - SINGAPORE
Mariner of the Seas 3. – 25. október

2 KLEFAR

HONG KONG - SINGAPORE
Celebrity Millennium 7. – 23. nóvember

4 KLEFAR

VESTUR KARÍBAHAF
Allure of the Seas 12. – 24. nóvember

Flugið með Icelandair

Skráðu þig
í netklúbbinn - VITA.is
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444

vita VITA er lífið

Tíðarfarið nyrðra kostnaðarsamt fyrir sveitarsjóðinn á Akureyri:

Mokuðu snjó fyrir 80 milljónir

AKUREYRI Snjómokstur á Akureyri fyrstu fjóra mánuði ársins kostaði bæjarfélagið 82,4 milljónir króna samanbúið við 76 milljónir á sama tíma árið áður. Allt árið 2014 greiddi bæjarfélagið yfir 150 milljónir króna í það eitt að ryðja snjó af götum bæjarins. Til samanturðar hljóðaði áætlun Hveragerðisbæjar um snjómokstur upp á fimm milljónir króna fyrir allt árið 2015.

Tíðarfarið i vetur var nokkuð erfitt og mikið um snjó á götum

bæjarins. Sveitarfélagið greiddi 58 milljónir í desembermánuði einum í snjómokstur.

Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri segir það erfitt að skipuleggja þessi útgjöld og þetta sé vissulega háð veðri og vindum. „Þetta fylgir því að búa á norðlægum slóðum,“ segir Eiríkur Björn. „Hins vegar erum við að bjóða góða þjónustu og bæjarbúar eru flestir ánægðir með snjómokstur hjá okkur.“

- 5a



Á AKUREYRI Miklum snjó þurfti að ryðja af götum bæjarins. Einnig þurfti að flytja mikið af snjó af götum á staði sem gátu tekið við magninu, svo sem í árfarveg Glérar og út í sjó.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



KÚABÚ Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra segir nýja skýrslu ítreka góðan árangur landbúnaðarkerfisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ráðuneytið semur um tollalækkunar

Landbúnaðarráðherra segir landbúnaðarráðuneytið standa í viðræðum við ESB um gagnkvæmar tollalækkunar en sambandið frestar ítrekað fundum. Hann segir núverandi kerfi um mjólkurframleiðslu koma bændum og neytendum vel.

LANDBÚNAÐUR Sigurður Ingi Jóhannsson, landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra, segir skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um stöðu og horfur í mjólkurframleiðslu á Íslandi ekki vera áfelligdóm yfir kerfinu. Þvert á móti sýni skýrslan fram á að þróun kerfisins undanfarnin ár hafi skilað ábata til neytenda.

„Meginniðurstaða skýrslunnar er að þau markmið um að heimila mjólkuriðnaðinum að hagræða og hafa með sér samstarf hefur skilað neytendum miklu og jafnframt skilað bændum miklu á sama tíma,“ segir Sigurður. „Það var einmitt meginmarkmið búvörusamninganna frá árinu 2004.“

Í skýrslu Hagfræðistofnunar sem kom út í síðustu viku er meðal annars lagt til að innflutningstollar á mjólkurafurðir verði lækkaðir í 20 prósent til þess að auka ábata neytenda. Bæði Félag atvinnurekenda og Alþýðusamband Íslands hafa tekið undir sjónarmið skýrslunnar um tollalækkunar. Stofnunin bendir



SIGURÐUR INGI JÓHANSSON

á að hið opinbera greiði nú þegar um 15 milljarða í niðurgreiðslu á mjólkurframleiðslu en áætlað að aukinn innflutningur á mjólkurafurðum gæti sparað ríkinu rúmlega átta milljarða króna.

Sigurður segir landbúnaðarráðuneytið hafa staðið í viðræðum við Evrópusambandið um gagnkvæmar tollalækkunar á matvöru í nokkurn tíma.

„ESB hefur frestað fundum í þriggja þriðjung þess er verið að tala um gagnkvæmar lækkunar á tilteknu magni,“ segir Sigurður og bendir á að einnig sé áfram unnið að fríverslunarsamningum við önnur ríki utan ESB.

Í skýrslunni kemur fram að verð á mjólkurafurðum hefur lækkað minna en aðrar neysluvörur frá árinu 2003 og að opinber framlög til

búvöruframleiðslu námu fimm prósentum af landsframleiðslu fyrir 30 árum en einu prósentu í dag.

Sigurður segir að 70 prósent matvöru hafi lækkað mun meira á tímabilinu en mjólkurvörur undir opinberri verðlagningu. Um 20 prósent matvöru lækkuðu svipað en aðeins 10 prósent matvöru lækkuðu minna.

„Með öðrum orðum, lækkuðu mjólkurvörur mun minna en aðrar vörur og voru undir vísitöluhækkun. Þetta kom því neytendum til góða, á sama tíma og bændur fengu herra verð til sín.“

Sigurður segir ljóst að bæði neytendur og bændur hafi hagnast á því fyrirkomulagi sem er í gildi.

„Á sama tíma hefur stuðningur hins opinbera snarlækkað. Áður var kvóti settur á til að takmarka framleiðslu. Nú eru hins vegar nýir tímar þar sem framleiðslan er drifin áfram af eftirspurn og því nauðsynlegt að skoða vel hvernig fyrirkomulaginu eigi að vera háttað til framtíðar.“

stefanraf@frettabladid.is

Flokkar þjóðernissinna ná saman um stofnun þingflokks á Evrópuþinginu:

Ekkert til að bjóða flóttafólki

EVROPUMÁL Þjóðernisflokkar á Evrópuþinginu náðu í gær samkomulagi um stofnun þingflokks á þinginu.

Það voru Marine Le-Pen, leiðtogi frönsku Þjóðfylkingarinnar, og Geert Wilders, leiðtogi hollenska Frelsisflokksins, sem fóru fyrir viðræðum um stofnun nýja þingflokksins sem kallast Evrópa þjóða og frelssis.

„Í dag er D-dagur,“ sagði Geert Wilders í samtali við blaðamenn. „Í dag er upphafið að frelsi okkar,“ sagði hann.

Le Pen verður annar þingflokks-

formanna flokksins en hún sagði fjölmiðlum að þau ætluðu að verja hagsmuni Evrópubúa. Hún sagði að Evrópa hefði ekkert að bjóða flóttafólki og upplausn evrunnar væri skynsamlegasta lausnin við efnahagsvandana Evrópu.

Með því að ná saman um stofnun þingflokks á Evrópuþinginu munu þjóðernissinnar auka vægi sitt til muna. Til dæmis munu þau fá rúmlega eina milljón evra í styrk frá þinginu og sæti á fundum þingflokksformanna sem hafa dagskrárvald á þinginu.

- 5f5



MEIRI ÁHRIF Þingflokkur þjóðernissinna mun fá um milljón evrur á ári frá ESB.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÁFP

OLZA
PRINCE POLO
od 1955 roku



Međ pjođinni i 60 ár



Alcoa styrkir Eistnaflug

SAMFÉLAGSMÁL Vorúthlutun samfélagsstyrkja Alcoa Fjarðaáls fór fram á Egilsstöðum í síðustu viku. Veittir voru styrkir að upphæð samtals átta milljónir króna.

Hæsta styrk hlaut tónlistarhátiðin Eistnaflug á Neskaupstað sem verður haldin í ellefta sinn í ár. Hátiðin hefur stækkað gríðarlega að umfangi síðustu ár og er þetta í fyrsta skipti sem hún verður ekki í Egilsbúð, heldur flytur hún sig um set og verður í íþróttahúsinu á staðnum.

- 5A

Ríkisendurskoðun hvetur til þess að tilfærsla Þjóðminjasafns undir fosætisráðherra verði endurskoðuð:

Gagnrýnir flutning til fosætisráðuneytis



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

um og gangi þar með gegn fyrri ábendingum Ríkisendurskoð-

sjái almennt um safnamál og þar sé faglega þekkingu á málefnum safna að finna. Því dragi flutningur Þjóðminjasafnsins úr forræði mennta- og menningarmálaráðuneytisins yfir málaflökknunum og gangi þar með gegn fyrri ábendingum Ríkisendurskoð-

unar. „Í ljósi þess og þeirrar faglegu þekkingar á málefnum safna sem það ráðuneyti býr yfir, má telja að óskorað forræði þess yfir safnamálum stuðli að skilvirkri, markvissri og faglegrri stjórn safnamála,“ segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Því færi betur á því að Þjóðminjasafn Íslands, sem sé höfuðsafn á sviði menningarminja, líkt og önnur safnamál, væri á forræði mennta- og menningarmálaráðuneytis.

- ih



ÞJÓÐMINJASAFNIÐ Ríkisendurskoðun gagnrýnir flutning safnsins milli ráðuneyta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



DAUÐA-DÆMDUR Stuðningsmenn Mohammeds Morsi, fyrrverandi forseta Egyptalands, segja réttarhöld yfir honum hafa verið farsakennd. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Á að hafa skipulagt fjöldaflotta öfgasinnaðra úr fangelsi: Dauðarefsingin á Morsi staðfest

EGYPTALAND Æðsta dómssvald í Egyptalandi hefur staðfest dauðarefsingu yfir Mohammed Morsi, fyrrverandi forseta Egyptalands.

Dauðadómur yfir honum og öðrum hátt settum embættismönnum innan bræðralags múslima féll upphaflega í maí á þessu ári.

Honum er gert að sök að hafa, í samráði við hryðjuverkasamtök á borð við Hamas, skipulagt fjöldaflotta öfgasinnaðra íslamista úr fangelsi árið 2011.

- 5F5



Í HÖFN Mest ber á fjárfestingu í skipum en fleira kemur til.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýi sjávarútvegurinn græðir á afnámi hafta

Áætlanir um afnám fjármagnshafta gefa fyrirheit um aukið aðstreymi erlends fjármagns til nýrra greina sjávarútvegsins. Fjárfestingarbylgja er í farvatninu, er mat hagfræðinga. Þegar hafa fjárfestingar aukist stórum í skipum og nýrri tækni.

SJÁVARÚTVEGUR Með afnámi fjármagnshafta má fastlega gera ráð fyrir að meira fjármagn leiti í hinar nýju greinar sjávarútvegsins frá erlendum fjárfestum; til sjávarlíftækni, vinnslu afurða úr aukahráefni og ýmiss konar fullvinnslu.

Áætla má að fjárfestingar í nýjum búnaði og nýsköpunum hvers konar í sjávarklasnum um 15-25 milljörðum króna á ári á næstu árum.

Þetta kemur m.a. fram í nýrri greiningu Íslenska sjávarklasans um fjárfestingar í sjávarútvegi sem hafa stóruáhrif að undanförunu.

„Miðað við áhuga erlendra fjárfesta á ýmsum nýsköpunarverkefnum þrátt fyrir höftin, er alveg klárt að þær munu verða umtalsverðar þegar fram líða stundir. Lítil og vaxandi fyrirtæki í líftækni og ýmiss konar vinnslu- og veiðitækni munu njóta góðs af frjálsu flæði fjármagns til landsins. Á sama tíma er ekki ólíklegt að frelsi til að flytja fjármagn úr landi hvetji stærri tæknifyrirtæki til að sækja fram á erlendum mörkuðum,“ segir Haukur Már Gestsson, hagfræðingur Sjávarklasans, en greininguna

Fjárfestingar í dag greinast í fernt

- Fjárfesting í nýjum skipum sem smíðuð eru erlendis en að einhverju leyti fylgir þeim innlend fjárfesting í tæknibúnaði.
- Fjárfesting í nýsköpun og tækni sem tengist veiðum og hefðbundinni fiskvinnslu.
- Fjárfesting í nýsköpun við fullvinnslu og vörupróun afurða.
- Fjárfesting í nýsköpun á sviði líftækni, m.a. þróun sjávarafurða til lyfjaframleiðslu og framleiðslu fæðubótarefna.



Lítill og vaxandi fyrirtæki í líftækni og ýmiss konar vinnslu- og veiðitækni munu njóta góðs af frjálsu flæði fjármagns til landsins.

Haukur Már Gestsson, hagfræðingur

unnu ásamt honum þeir Bjarki Vigfússon, hagfræðingur Sjávarklasans, og Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri hans.

Mest hafa verið áberandi fjárfestingar í nýjum skipum að und-

anförunu og Haukur telur að þær muni halda áfram þó ekki verði af jafn miklum krafti. Stærri sjávarútvegsfyrirtæki eru á bak við þá fjárfestingu sem mun nema í það minnsta 33,5 milljörðum króna á næstu þremur árum, samkvæmt Hagsjá Landsbankans og vísar til í greiningunni. Verið er að smíða ellefu nýja togara fyrir íslenskar útgerðir, þar af átta ísfisktogara, tvö uppsjávarskip og einn frystitogara.

„Að stórum hluta voru fjárfestingar í nýjum skipum orðnar óumflýjanlegar. Eftir nokkurra ára óvissu og deyfð hrannast þessar fjárfestingar nú inn. Hins vegar er enn til staðar svigrúm til áframhaldandi fjárfestinga í nýjum skipum og aðlögun eldri skipa að breyttu veiðimynstri,“ segir Haukur. svavar@frettabladid.is

Suður England og Wales 10. – 16. ágúst



Sjö daga ferð um Suður-England og Wales
Ein af vinsælustu ferðunum okkar

Ekið um borgir og þorp í hjarta Englands og komið víða við. Skemmtileg og fræðandi ferð. Skoðunarferðir alla daga og hálf tæði innifalið. Flögið með Icelandair. Fararstjóri er Emil Örn Kristjánsson
Verð frá 198.500,-



Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónssonar
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515 • outgoing@gjtravel.is • www.ferdir.is



VIKINGASUSHI ÆVINTÝRASIGLING

Upplifðu gersemar Breiðafjarðar

FERJAN BALDUR

Bein leið til Vestfjarða

FLATEY

Eyjan þar sem timinn stendur kyrr



www.saeferdir.is
sími 433 2254

SLÁUM UPP FÁNA



Til hamingju með daginn. Munið að hjá okkur finnið þið allt til að gera garðinn ykkar að sannkölluðum sælureit í sumar.

Aðeins opið í Skútuvogi í dag frá 10 til 17.

Tax-free jafngildir 19,35% afslætti. Tvöfalt tax-free jafngildir 38,7% afslætti. Gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“. Að sjálfsgöðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

Vill fá aðlögunarráðuneytið aftur

Búast má við óvenjuspennandi þingkosningum í Danmörku á morgun því samkvæmt skoðanakönnunum skiptist fylgi kjósenda nokkurn veginn jafnt milli blokkanna tveggja. Lars Løkke Rasmussen vonast til þess að fella Helle Thorning-Schmidt úr stól forsætisráðherra.

DANMÖRK Lars Løkke Rasmussen hyggst endurvekja, sigri hann í þingkosningunum á morgun, svo nefnt aðlögunarráðuneyti sem myndi sjá um málefni flóttafólks og innflytjenda.

Manu Sareen, ráðherra barnamála, jafnréttis, aðlögunar og félagsmála, segir þetta fráleita hugmynd: „Á einhvern hátt virkar þetta á mig sem algerlega bílað,“ er haft eftir Sareen á fréttasíðu danska ríkisútvarpsins. „Að mínu mati myndi þetta þeyta aðlögunarmálunum marga áratugi aftur í tímann.“

Helle Thorning-Schmidt forsætisráðherra tekur ekki jafn djúpt í árinna og Sareen, heldur segir þetta fyrst og fremst snúast um tæknilegt aukaatriði: „Það sem máli skiptir er að aðlögunin virki,“ segir hún.

Málefni innflytjenda og hælisleitenda hafa verið eitt helsta hitamálið í kosningabaráttunni, sem hófst nokkuð skyndilega fyrir þremur vikum þegar Thorning-Schmidt ákvað að boða til kosninga.

Flairi mál hafa vissulega brunnið á Dönum, ekki síst atvinnuleysi, velferðarmál og skattlagning en flóttamannastraumurinn frá Sýrlandi hefur enn á ný vakið upp ótta við aðkomufólk í litlu landi.

Það sem af er þessu ári hafa 3.500 manns sótt um hæli í Danmörku. Á síðasta ári sóttu nærri 15 þúsund um hæli, og hafði hælisleitendum þá fjölgað um helming frá árinu áður. Hælisleitendum í Danmörku fjölgaði verulega síðastliðið sumar, um sama leyti og hundruð þúsunda manna hröktust undan vígasveitum Íslamska ríkisins í Írak og Sýrlandi.

Hámarki náði þetta í september á síðasta ári þegar 3.149 manns sóttu um hæli í Danmörku, en síðan þá hefur þessi bylgja gengið yfir og nú virðist straumurinn aftur hafa náð jafnvægi. Undanfarna mánuði hafa um það bil 500 manns sótt um hæli í hverjum mánuði, og sá



LARS LØKKE RASMUSSEN Leiðtogi hægrimanna stakk upp í sig gömsætri kjötbollu á kosningaferðalagi í Lyngby.



HELLE THORNING-SCHMIDT Leiðtogi sósíaldemókrata stillti sér upp fyrir myndatökur með aðdáendum á kosningaferðalagi í Viborg.

Aðlögunarráðuneytið 2001-2011

Ráðuneyti flóttafólks, innflytjenda og aðlögunar var sjálfstætt ráðuneyti í Danmörku á árunum 2001 til 2011. Anders Fogh Rasmussen, þáverandi leiðtogi Venstre, kom þessu ráðuneyti á fót þegar hann tók við embætti forsætisráðherra árið 2001. Lars Løkke Rasmussen tók við af honum, bæði sem flokksleiðtogi og forsætisráðherra, árið 2009 og hafði þetta ráðuneyti áfram í ríkisstjórn sinni allt til ársins 2011, þegar Venstre varð undir í þingkosningum. Helle Thorning-Schmidt, leiðtogi sósíaldemókrata, tók þá við og lagði ráðuneytið niður, en málefni innflytjenda voru sett inn í stærra ráðuneyti barnamála, jafnréttis, aðlögunar og félagsmála.

12% íbúa Danmerkur eru innflytjendur eða afkomendur innflytjenda

14.792 sóttu um hæli í Danmörku árið 2014

fjöldi er svipaður og hafði verið þangað til í júní á síðasta ári.

Samkvæmt venju vilja hægriflokkarnir herða stefnuna í útlendingamálum en vinstri-flokkarnir leggja meiri áherslu á að taka vel á móti innflytjendum. Í þetta skiptið hafa sósíaldemókratar hins vegar lagst

á sveif með hægri flokkunum og sett það á stefnuskrá sína að setja þurfi hælisleitendum strangari skilyrði. Þetta hefur meðal annars haft þau áhrif að fylgi Danska þjóðarflokksins, sem jafnan hefur verið harðastur allra flokka í afstöðunni til innflytjenda, hefur dalað nokkuð nú

Afstaða flokkanna

- A. Á að verða erfiðara að fá hæli í Danmörku
B. Á að lækka framlög til þróunarástæðar
C. Taka opinberar stofnanir of mikið tillit til trúarminnihluta?

	A	B	C
Rauða blokk			
Sósíaldemókratafl.	Já	Nei	Nei
Róttæki vinstrifl.	Nei	Nei	Nei
Sósíalíski þjóðarf.	Nei	Nei	Já
Einingarlistinn	Nei	Nei	Nei
Alternatívet	Nei	Nei	Nei

	A	B	C
Bláa blokk			
Venstre, Frjáls. fl.	Já	Já	Já
Danski þjóðarf.	Já	Já	Já
Frjálslynda bandal.	Já	Já	Já
Íhaldsflokkurinn	Já	Já	Já
Kristilegir demókr.	Kannski	Nei	Nei

Heimild: Danska ríkisútvarpið, dr.dk

síðustu dagana fyrir kosningar.

Mikil óvissa ríkir um úrslit kosninganna, þar sem fylgi fylkinganna tveggja hefur verið að mælast nánast jafnt í skoðanakönnunum undanfarið. Bláa

blokkinn svonefnda, fylking hægriflokkanna, var með nokkurra prósentu forskot við upphaf kosningabaráttunnar, en hefur nú glatað því forskoti.

gudsteinn@frettabladid.is

Skafís

Í TÍLEFNI DAGSINS – ALLA DAGA

(SINN MEÐ GULLA LÖGUNU)

MEÐ VANILLUBRAGÐI

MEÐ SÚKKULADISÓSU

HNETUÍS MEÐ KARAMELLUSÓSU

emmessis

-Toppurinn á ísnum



VINDORKUGARÐUR

Rætt hefur verið um tíu vindmyllur og 25 megavatta framleiðslu.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Bæjarráð Norðurbings tekur vindorkugarð fyrir: Skoða vindorkugarð norðan við Húsavík

ORKUMÁL Bæjarráð Norðurbings mun á næstunni taka til umfjöllunar hugmyndir EAB New Energy Europe um vindorkugarð í nágrenni Húsavíkur. Fyrirtækið hefur fundað með forsvarsmönnum Norðurbings í tvígang og kynnt vilja sinn til að rannsaka svæði norðan Húsavíkur sem mögulegan framtíðarstað.

„Næstu vikur fer þetta til umræðu inni í bæjarráði, sem tekur væntanlega ákvörðun fljótlega um hvort einhvers konar viljayfirlýsing verði undirrituð

um framþróun verkefnisins, að því gefnu að allra leyfa sem að starfsemi sem þessari líta verði aflað og farið eftir skilyrðum og lögum,“ segir Kristján Þór Magnússon, bæjarstjóri Norðurbings, en í síðustu viku var haldinn íbúafundur þar sem fyrirtækið kynnti hugmyndir sínar.

Kristján segir að tilgangur fundarins hafi verið að opna á samtal EAB New Energy Europe við íbúa svæðisins, um hvað málið snúist í raun og veru og kanna hug íbúa til verkefnisins.

- shá



Góðan þjóðhátíðardag!

Kaffislippur klæðir sig í upphlutinn

Það er blómlegt í kringum Icelandair hótél Reykjavík Marina þessa dagana og nýjasta rósinn í hnappagatið er Kaffislippur, notalegt kaffihús á jarðhæð nýju viðbyggingarinnar þar sem stjarnað er við bragðlaukana og öll hin skynfærin. Sérgreinar Kaffislipps eru magnaður morgunmatur, alls konar kaffi, hádegishollusta og síðast en ekki síst klikkaðar kökur. Og hvenær á ævintýrlega djúsi kökusneið betur við en á þjóðhátíðardaginn?

Hjartanlega velkomin á Kaffislipp 17. júní og alla daga upp frá því!



FLÓTTAFÓLK Í MAKEDÓNÍU Hópur flóttafólks hjólar í áttina að landamærum Serbíu. Stjórnvöld í Makedóníu hafa látið slík ferðalög afskiptalaus, en flóttafólkið er komið frá stríðshrjáðum löndum í Afríku og Mið-Austurlöndum. NORDICPHOTOS/AFP



FLÓTTAFÓLK Á ÍTALÍU Grátur og gnístran tanna braust út þegar ítalskir lögreglumenn fjarlægðu flóttafólk frá landamærum Frakklands, en flóttamennirnir höfðu reynt að komast yfir landamærin. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



Á REIÐHJÓLI Í KÍNA Úrhellisdemba var þegar þetta hjólreiðafólk var á ferðinni í Shanghai, en regntímabilið er að hefjast þar. NORDICPHOTOS/AFP



JÓGA Á INDLANDI Indverskir skólanemar á jóganámskeiði í Ahmedabad að búa sig undir alþjóðlegan jógadoðag, sem haldinn verður á sunnudaginn kemur. NORDICPHOTOS/AFP



ÁSTAND HEIMSINS

NISSISS

Spotify + Síminn

NÚ STREYMR ÞÚ TÓNLISTINNI FYRIR 0 KR. MEÐ SPOTIFY PREMIUM Á FARSÍMANETI SÍMANS

HLAUPATÚRINN HEFUR ALDREI HLJÓMAÐ EINS VEL!

Siminn.is/spotify



Götuleikhúsið 2015

Dagskrá 17. júní 2015 í Reykjavík

Kl. 10:00
Samhljómur kirkjuklukkna í Reykjavík

Kl. 10:15
Guðsþjónusta í Dómkirkjunni
Biskup Íslands, Agnes M. Sigurðardóttir, predikar, sr. Hjálmar Jónsson og sr. Sveinn Valgeirsson þjóna fyrir altari Dómkórinn syngur undir stjórn Kára Þomar, einsöngvari er Hildigunnur Einarasdóttir

Kl. 11:10
Athöfn á Austurvelli
Hátíðardagskrá á vegum Alþingis og Forsætisráðuneytisins
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur Yfir voru ættarlendi. Stjórnandi er Hörður Áskelsson
Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, leggur blómsveig frá íslensku þjóðinni að minnisvarða Jóns Sigurðssonar
Mótettukór Hallgrímskirkju syngur þjóðsönginn
Hátíðarræða forsætisráðherra, Sigmundur Davíðs Gunnlaugssonar
Gradualekór Langholtskirkju syngur Hver á sér fegra föðurland. Stjórnandi er Jón Stefánsson
Ávarp fjallkonunnar
Lúðrasveit verkalýðsins leikur Ég vil elska mitt land. Stjórnandi er Kári Húnfjörð Einarsson

Kl. 11:50
Skrúðganga frá Austurvelli í kirkjugarðinn við Suðurgötu
Forseti borgarstjórnar, Sóley Tómasdóttir, leggur blómsveig frá Reykvikungum á leiði Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarasdóttur
Lúðrasveit verkalýðsins leikur

Kl. 12:15-16:00
Akstur fornþila og sýningar
Hópakstur Fornþilaklúbbsins og sýning við Hörpu
Hópakstur Krúsera og sýning á Skothúsvegi. Krúserbandið leikur kl. 15

Kl. 13:00
Skrúðgöngur
Skátar leiða skruðgöngu frá Hlemmi niður Laugaveg. Lúðrasveit Reykjavíkur og Kampen Janitsjarorkester leika og Götuleikhúsið tekur þátt.
Skátar leiða skruðgöngu frá Hagatorgi í Hljómskálagarði. Lúðrasveitin Svanur leikur

Kl. 13:00-18:00
Hljómskálagarður
Skátarnir í Reykjavík verða með hátíðardagskrá í Hljómskálagarði þar sem þeir selja upp Skátaland með leiktækjum, hoppukastala, klifurvegg og veitingasölu til styrktar skátastarfi í Reykjavík. Ókeypis er í leiktækin í garðinum. Barna og fjölskyldudagskrá á sviði, íþróttasýningar og fjölskyldudansleikur

Kl. 13:30
Barna- og fjölskylduskemmtun á Arnarhóli
13:30 Söngvaborg

13:40 Lína langsokkur
14:05 Latibær
14:25 Agla Bríet
14:35 Danslistarskóli JSB
14:40 Dansskóli Birnu Björns
14:45 Dansflokkurinn Rebel
15:10 Hrafnhildur og Beata
15:15 Reykjavíkurokkrar Kramhússins
15:20 Dans Brynju Péturs
15:25 Dansstúdíó World Class
15:40 Barna og fjölskyldudansleikur með Sunnyside Road
16:20 Gunni og Felix
16:45 María Ólafsdóttir
Sigga Beinteins, María Björk, Lóa Ókurteisa, Subbi sjóræningi og Masi frá Söngvaborg kynna dag skrána og Sirkus Íslands sýnir loftfílmleika
17:00 Tónleikar

Kl. 13:30
Ráðhúsið
13:30 Lög og ljóð íslenskra kvenna. Hafís Helga Helgadóttir, Guðrún Gunnarsdóttir, Unnur Birna Björnsdóttir, Pálmi Sigurhjártarson og tríóið Sæbra flytja. Dagkráin er unnin í samstarfi við Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO
14:30 Credo kórinn frá Dallas syngur
15:00 Karlakórinn Esja
15:30 Albert Melkonyan og Tatyana Iskandaryan frá Armeníu leika á Duduku og lesa ljóð
16:00 Tangóævintýrafélagið sýnir og kennir tangó og heldur tangóball

Kl. 13:30-17:00
Sirkustorg á Ingólfstorgi
Sirkus Íslands með götuleikhús og sirkusskóla
Sirkussyningar kl. 14:15, 15:30 og 16:30

Kl. 13:30 og 14:30
Brúðubíllinn í Hallargarði
Brúðuleiksyningin Leikið með líti

Kl. 13:30
Barna- og fjölskylduskemmtun í Hljómskálagarði
13:30 Dan Marques trúður og töframaður
14:10 Tóti trúður
14:30 Mama Lou - Sterkasta kona í heimi
15:00 Barnadansleikur með Fjörkórlum
15:40 Kung fu sýning
16:00 Fimleikasýning frá Ármanni
16:00 Fallhlífstökk
16:15 Aikido sýning
16:35 Skyldingafélag Reykjavíkur

Kl. 13:30
17. júnímót í siglingum
Siglingakeppni hefst frá Ingólfsgarði (á bak við Hörpu). Ópið hús hjá Siglingakúbbnum Brokley og bátar til sýnis

Kl. 13:30-17:00
Listhópar Hins Hússins
Götuleikhúsið fer um miðbæinn með sýningu sína Hver á sér fegra föðurland? ásamt bláasaraveitinni Ventus Brass
Reginfirra skrifar örsögur og teiknar myndir í frjálsu flæði í Ráðhúsinu kl. 13:30-15:30

Dansgjörningahúpurinn Dansráðuneytið sýnir atriðið Sundlaugaparty í pollinum við Ráðhúsið kl. 14-16
Staría frumsemur tónlist við texta Megasar og flytur í Mæðragarðinum kl. 14-16
Póetið semur nýtt ættjarðarljóð með lýðræðislegum hætti í Fógetagarðinum kl. 14-16
Muscycle leika í Hörpu kl. 14 og á Austurvelli kl. 15:30
Náttól leikur í Hörpu kl. 14:20 og á Austurvelli kl. 16
Unnur Sara og hljómsveit hennar leika á Austurvelli kl. 14:20
Bláasaraveitin Ventus Brass leikur í Hörpu kl. 14:40
Bláeygða vofan flytur listræna gjörninginn Svartur og rauður á plani við Vonarstræti á móti Ráðhúsinu kl. 16

Kl. 13:45
Þjóðsöngur í Hörpu
Dagskrá í Eldborgarsal
13:45 Norska lúðrasveitin Kampen Janitsjarorkester
14:00 Þjóðsöngur í Eldborg undir stjórn Garðars Cortes ásamt Óperukómum í Reykjavík
14:30 Þrjár systur
15:00 Lög íslenskra kvenna
15:30 Hlé
16:00 Sniglabandið

Kl. 14:00-18:00
Hátíð í Hörpu
Smurstöð
14:00 Muscycle
14:20 Náttól
14:40 Ventus Brass
16:00 Átta sirkuslistamenn henda hluti á lofti
16:20 Dúó Stemma
16:45 Aurora djassband
17:15 Alda Dis
17:30 Skuggamyndir frá Býsans

Norðurbryggja eða Hörputorg
15:00 Dan Marques trúður og töframaður
15:30 Jón Víðis töframaður
15:50 Mama Lou -Sterkasta kona í heimi

Hörpuhörn
15:15 Harpa International Music Academy
15:30 Reykjavík Midsummer Music
16:00 Credo kórinn frá Dallas syngur Maximús heilsar börnum og gefur blóður í framhúsinu kl. 15 og 16 og á Hörputorgi verður fornþila-sýning og fríar Tuk tuk ferðir

Kl. 14:00
Tónleikar á Austurvelli
14:00 Átta sirkuslistamenn henda ýmsa hluti á lofti
14:20 Unnur Sara
14:50 Rampa Sakornrum
15:00 Hinemoa
15:20 Bergmál
15:30 Muscycle
15:50 Saga Matthildur
16:00 Náttól
16:20 Kristín Sesselja
16:25 Jafnréttisrápp
16:30 Una Stef

16:50 Alan Jones JT/Bruno Mars Show
17:10 Complete Vocal Studio
17:40 Opinn hljóðnemi og lifandi karaoke. Komdu með gítarinn eða upptekinn undirleik og taktu lagið eða syngdu karaoke við undirleik Pálma Sigurhjártarsonar

Kl. 14:00-16:00
Sóliskoðun á Austurvelli
Stjörmuskoðunarfélag Seltjarnarness og Stjörnufræðivefurinn

Kl. 14:00
Kraftakeppni við Ráðhúsið
Bændaganga í Vonarstræti í keppninni Sterkasti maður Íslands

Kl. 14:00-17:00
Fjöltefla á Útitaflinu
Skákakadémiá Reykjavíkur stendur fyrir fjöltefli við skákmeistarar á Bernhöftstorfu og gestir geta teft sín á milli

Kl. 16:00
Þjóðhátíðarbænaustund í Hallgrímskirkju
Hörður Áskelsson og Sigurður Árni Þórðarson sjá um tónlistar- og ihugunar-samveru í kirkjunni. Börnin velkomin

Kl. 17:00
Tónleikar á Arnarhóli
17:00 Ellen Kristjáns og dætur
17:25 Þórunn Antonía
17:50 Heimilistónar
18:20 Amabadama
18:50 Beebe and the Bluebirds

19:15 Rythmatik
19:35 Kolrassa krókríðandi
20:00 Reykjavíkurdætur

Kl. 17:00
Dansleikur á Ingólfstorgi
Bollywoodhúpur Kramhússins sýnir og kennir
Tanya og Zumba Dívurnar frá Heilsuskóla Tanyu dansa
Dansfélagið Komið og dansið býður öllum upp í dans

Kl. 20:00
Harmóníkuball í Ráðhúsi
Léttuveit Harmóníkufélags Reykjavíkur leikur fyrir dansi

Kl. 22:00
Dagskrárlök

Hátíðarsvæði
Skipulagt hátíðarsvæði er Kvosin þ.á.m. Austurvöllur, Kirkjustræti, Templarasund, Ingólfstorg, Arnarhóll, Tjarnargarður og Reykjavíkurbíó. Umferð bifreiða er takmörkuð um þessi svæði og torgsala er óheimil án leyfis. Umsjón með dagskrá þjóðhátíðar í Reykjavík hefur þjóðhátíðarnefnd á vegum Íþrótt- og tólmundaráðs Reykjavíkur en Hitt Húsið sér um framkvæmdina.

Týnd börn
Upplýsingar um týnd börn í stjórnstöðinni í Hinu Húsinu Pósthússtræti 3-5, sími 411 5500



Akstursleið Strætó 17. júní að og frá miðbæ Reykjavíkur
Hverfisgata og Lækjargata eru lokaðar fyrir umferð vagna

Laugardagsakstur frá 09:00-21:00

Eftir það er hefðbundinn akstur

strælo.is

Ríkisendurskoðun þrýstir á úrbætur safnamála:

Engum til sóma

Enn er úrbóta þörf í skipulagi og stjórnun safnamála hér á landi. Þetta kemur fram í eftirfylgniskýrslunni „Íslensk muna- og minjasöfn: Meðferð og nýting á ríkisfé“ sem Ríkisendurskoðun skilaði Alþingi í gær.

Líklega eru þeir til sem telja að taka mætti enn dýpra á árinum og segja sem svo að ástand safnamála og utanumhald væri í farvegi sem ekki væri sæmandi sjálfstæðri þjóð. Þannig hefur eitt höfuðsafna landsins, Náttúruminjasafn Íslands, verið geymt í kössum um árabil þar sem engin aðstaða er til sýninga og fjármunir af svo skornum skammti að vart dugar til reksturs einnar skrifstofu. Á fjárlögum þessa árs eru tæpar 25 milljónir eyrna-merktar Náttúruminjasafni en rúmur hálfur milljarður Þjóðminjasafni.

Óli Kristján Armannsson

olikr@frettabladid.is



Í skýrslu sinni nú fer Ríkisendurskoðun yfir að í ferli sé vinna við tvær ábendingar sem eftir stóðu af nýju sem gerðar voru í skýrslu stofnunarinnar árið 2009. Enn á nefnilega eftir að móta hér heildstæða stefnu um málefni safna og marka langtímaáætlun um fjárveitingar til safnamála.

Ríkisendurskoðun upplýsir þær ánægjulegu fréttir að í svári mennta- og menningarmálaráðuneytisins til stofnunarinnar á þessu ári hafi komið fram að á árinu væri von á fyrstu tillögum safnaráðs um heildstæða stefnu í málaflokknum, en ráðið hafi frá ársbyrjun 2013 sinnt stefnumótun safnamála. „Ríkisendurskoðun telur ekki ástæðu til að ætla annað en að vinna safnaráðs beri ávöxt þótt óvíst sé að áformaður tímarammi standist,“ segir í skýrslunni.

Þá er líka vonarglæta tengd mörkun langtímaáætlunar um fjárveitingar til safnamála, því þar segir ráðuneytið að lausnin sé fólgin í væntanlegum lögum um opinber fjármál. Þau geri ráð fyrir að málefni safna verði sérstakur málaflokkur og langtíma-stefna því óaðskiljanlegur hluti af fjárlagagerð hvers árs.

Enn á þó eftir að vinda ofan þeirri vitleysu sem ákveðin var við stjórnarskiptin 2013, að færa hluta safnamála (Þjóðminjasafnið þar á meðal) frá mennta- og menningarmálaráðuneyti yfir til forsætisráðuneytisins. Vandséð er að sú ráðstöfun sé annað en gerræðisleg ákvörðun til þess eins fallin að forsætisráðherra geti betur skipt sér af málum á eigin áhugasviði og styrkt verkefni þar sem henta þyki. Ríkisendurskoðun bendir hins vegar á að breytingin dragi úr forræði mennta- og menningarmálaráðuneytisins yfir málaflokknum. „Og ganga þar með gegn ábendingum stofnunarinnar frá árinu 2009,“ segir Ríkisendurskoðun.

Augljóst er hvernig óskýrt yfirvald og boðleiðir geta gert ógagn í þessum málaflokki. Á hreinu þarf að vera hver gerir hvað og furðulegt ef góðar hugmyndir sem fæðast undir hatti eins ráðuneytis sé hægt að drepa í öðru. Fyrsta skref í að lagfæra þetta rugl var tekið í byrjun síðasta árs þegar Árnastofnun var færð aftur undan hatti forsætisráðuneytisins. Taka má undir með Ríkisendurskoðun í hvatningu til ríkisins um að taka tilhögunina til endurskoðunar.

Miðað við stöðu mála mætti raunar fremur ætla að uppstokkun væri þörf. Kannski færi betur á því að ein stofnun safnamála, undir hatti mennta- og menningarmálaráðuneytis, haldi utan um alla safnastarfsemi ríkisins og útteili fjármunum. Öbreytt ástand er í það minnsta engum til sóma.

FRÁ DEGI TIL DAGS


Ég mótmæli!

Nonni Sig á afmæli í dag og gengur líklega nakinn í vínrauðum slopp um íbúð sína í handanheimum. Íslendingar eru svo stoltir af Jóni að við höfum gert afmælisdaginn hans að okkar þjóðhátíðardegi. Það er ekki að ástæðulausu að afmælisdagur Jóns varð fyrir valinu. Hann er holdgerv-ingur sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar, þegar Íslendingar stóðu keikir gegn oki erlends yfirvalds og brutust til síns réttborna sjálfstæðis. Eða þannig vill þjóðernissinnaða söguskoð-unin hafa það. Og vissulega barðist Jón fyrir auknum rétt-indum Íslendingum til handa, þótt hann hafi verið meira í reikninga- og fjármálum en að berjast fyrir aðskilnaði við Dani. Jón var

afskaplega leiðinlegur penni, en tvö frægustu orð sem hann lét út úr sér voru „Ég mótmæli,“ en sjaldan fylgir sögunni að næstu orð í setningunni voru „...í nafni konungs...“

Vér mótmælum allir!

Hvað sem öllu líður er Jón Sigurðsson fyrst og fremst þekktur í huga okkar sem mótmælandi. Og í raun skiptir því litlu hvað hann gerði, hann lifir sjálfstæðu lífi sem ímynd í huga fólks. Og þar er hann svo mikill mótmæl-andi að þegar hann lét þessi fleygu orð falla á Þjóðfundinum 1851 risu aðrir fulltrúar upp og sögðu einum rómi: „Vér mótmælum allir!“ Já, einföld og þægileg sjálfs-mynd sem kitlar hégóma-girnd Íslendinga.



Æ, ekki vera að mótmæla í dag í ljósi alls þessa er sú skoðun sér-kennileg sem Kolbrún Bergþórsdóttir, ritstjóri DV, og Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, töluðu fyrir í gær. Þeim stöllum finnst nefnilega ótækt að einhverjir ætli sér að mótmæla á þessum mikla hátíðisdegi, sjálfum 17. júní. Það er nú einu sinni þjóðhátíð og getum við ekki öll verið vinir? Kannski einhver hefði átt að segja þetta við Jón Sigurðsson. Æ, Nonni, það er nú einu sinni Þjóðfundur, getum við ekki bara sýnt smá samheldni og einhug og verið í góðu skapi? Ha? Við getum svo fengið okkur kandífloss á eftir.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Átakastjórnsmál og þjóðarhagsmunir

STJÓRN MÁL



Oddný G. Harðardóttir þingmaður Samfylkingarinnar

„Þessa ríkisstjórn er ekki hægt að styðja í þessu máli frekar en nokkru öðru,“ sagði formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, þegar greidd voru atkvæði um að færa erlendar eigur þrotabúa gömlu bankanna undir gjaldeyrishöftin í mars 2012.

Átakastjórnsmál eru leiðinleg og það sem meira er, þau geta valdið gríðarlegum skaða. Sjálfstæðismenn greiddu atkvæði gegn því í mars árið 2012 að þrotabú gömlu bankanna færu að öllu leyti undir gjaldeyrishöftin og að sammingsstaða Íslands gagnvart kröfuhöfum yrði styrkt til mikilla muna. Rökstuðningurinn var ekki efnismeiri en sá að ekki væri hægt að styðja tillögur ríkisstjórnarinnar.

Að eiga í átökum við ríkisstjórnina virtist þá mikilvægara en hagsmunir Íslendinga. Sem betur fer fyrir þjóðarhag þurfti formaður Sjálfstæðisflokksins að lúta í lægra haldi fyrir stjórnarmeirihluta ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstri grænna í þessu mikilvæga máli.

Nú er Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra og kynnti nýverið lausn á haftamálinu sem byggir alger-

→ **Að eiga í átökum við ríkisstjórnina virtist þá mikilvægara en hagsmunir Íslendinga.**

lega á lögunum sem hann var á móti, sem og öðrum leiðum sem varðaðar voru í tíð síðustu ríkisstjórnar, samningum við kröfuhafa og útgönguskatti. Hvar værum við stödd ef formanni Sjálfstæðisflokksins hefði tekist það ætlunarverk sitt að koma í veg fyrir lagasetninguna þann 12. mars 2012?

Mörg nauðsynleg skref hafa verið tekin til að verja hagsmuni íslenska þjóðarbúsins vegna hruns bankanna og krónunnar. Lagasetningin 2012, sem setti þrotabúin að öllu leyti undir gjaldeyrishöftin, var eitt slíkt skref og afar mikilvægt. Sjálfstæðisflokkurinn greiddi atkvæði gegn þeirri lagasetningu og Framsókn sat hjá.

Við höfum ekki heyrt aðra skýringu á afstöðu formanns Sjálfstæðisflokksins frá því í mars 2012 en þá að hann gæti bara ekki stutt neitt sem sú ríkisstjórn sem þá var lagð til. Ef til er önnur skýring er hér með kallað eftir henni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefania Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Hversu mikið hefur eignin þín **hækkað** í verði?

Þú getur komist að því með **fríu** verðmati.



Kristján P. Hauksson
Sölufulltrúi.
696 1122
kristjan@fastlind.is



Þórunn Gísladóttir
Löggiltur fasteignasali.
510 7900
www.fastlind.is



Framúrskarandi þjónusta í þína þágu

Takk konur

Um þessar mundir fögnum við því að 100 ár eru liðin frá því að konur fengu kosningarétt. Á svipuðum tíma og konur háðu baráttu fyrir því að fá sömu grundvallarmannréttindi og karlmennt, börðust þær einnig fyrir því að allir Íslendingar hefðu aðgang að heilbrigðisþjónustu. Á kvennafundi sem haldinn var á Austurvelli árið 1915 til að fagna kosningaréttinum var skýrt frá því að næsta baráttumál kvenna yrði bygging Landspítala. Þá höfðu karlar á Alþingi haft málið til umræðu í um 60 ár og velt fyrir sér hvort þörf væri á byggingu spítala án þess að nokkuð hefði þokast áfram. Konur svöruðu hvatningarorðunum á Austurvelli, tóku málið í sínar hendur, hófu fjáröflun og lögðu grunninn að fyrsta þjóðarsjúkrahúsi Íslendinga sem reis aðeins 15 árum síðar. Konur héldu stuðningi sínum áfram eftir bygginguna og stóðu fyrir stofnun kynsjúkdómadeildar og fæðingardeildar spítalans og stýrðu Minningargjafasjóði Landspítala sem enn gegnir mikilvægu hlutverki í tækjakaupum á spítalanum.

Hvítabandskonur reistu einnig sjúkrahús við Skólavörðustíg í kringum 1930 og starfræktu það í um áratug. Þær afhentu svo Reykjavíkurborg það að gjöf en þær er í dag rekin göngudeild geðsviðs fyrir fólk með átröskun og persónuleikaraskanir. Konur hafa alla tíð síðan látið sig heilbrigðismál varða og styrkt starfsemi spítalans með margvíslegum hætti.

Protlaus vinna og eljusemi Saga Barnaspítalans einkennist

HEILBRIGÐIS- MÁL



Páll Matthíasson
forstjóri
Landspítala



einnig af þrotlausri vinnu og eljusemi kvenna. Upp úr aldamótunum 1900 voru það systur úr reglu St. Jóseps sem opnuðu sérstakar barnastofur. Um hálfri öld síðar hófst farsælt samstarf Kvenfélagsins Hringins og Landspítala sem leiddi til opunar fyrstu barnadeildar spítalans, 19. júní 1957. Hringskonur lögðu fram mikla fjármuni í stofnkostnað og gerðu deildinni síðar kleift að flytja í stærra húsnæði árið 1965. Frá þeim tíma hefur barnadeildin verið kennd við Hringinn sem Barnaspítali Hringins og ekki að ósekju þar sem framlög Hringskvenna hafa gert okkur kleift að bjóða börnum þessa lands upp á úrvals heilbrigðisþjónustu. Hringurinn sá líka til þess að opnuð var Geðdeild Barnaspítala Hringins, sem í dag heitir Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala (BUGL) og studdi dyggilega við opnun vökudeildar.

Þá er einnig ljóst að án framlags Hringskvenna hefði nýbygging Barnaspítalans ekki orðið að veruleika. Markmið Hringins er að á spítalanum fái börn bestu heilbrigðisþjónustu og aðbúnað sem völ er á. Að þessu göfuga markmiði vinna Hringskonur hvern einasta

→ Konur hafa alla tíð síðan látið sig heilbrigðismál varða og styrkt starfsemi spítalans með margvíslegum hætti.

dag, m.a. með rekstri veitingasölu í anddyri Barnaspítalans. Frá árinu 2012 nema framlög Hringskvenna til Barnaspítalans á fjórða hundrad milljóna króna. Thorvaldsensfélagið hefur einnig styrkt heilbrigðisþjónustu við börn dyggilega og starfrækir m.a. í dag sérstakan sjóð við Barnaspítala Hringins til styrktar sykursjúkum börnum og unglingum.

Þessi upptalning á kvenfélögum sem stutt hafa við spítalann er engan veginn tæmandi en hún sýnir að konur hafa með einstökum samtakamætti verið mesti áhrifa-valdur á framþróun í heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Tugir þúsunda fjölskyldna í landinu hafa notið góðs af dagnaði þeirra og verður rausnarskapur þeirra aldrei fullþakkaður. Um leið og ég óska konum til hamingju með kosninga-afmæli vil ég líka þakka þeim þeirra ómetanlega framlag. Takk konur.

Fyrsta flokks heilbrigðisþjónusta kosningamál 2017

Þrisvar sinnum síðastliðinn mánuð hefur Landlæknir sent stjórnvöldum formlegt bréf þar sem fram kemur að „ástandið í heilbrigðiskerfinu sé komið út fyrir þau mörk að hægt sé að tryggja öryggi sjúklinga“ og „aðgerðir sem binda enda á verkfall án þess að samningar náist leysa ekki vanda heilbrigðiskerfisins þegar til lengri tíma er litið“.

HEILBRIGÐIS- MÁL



Jón Þór Ólafsson
þingmaður Pírata

Fyrir kosningar töluðu báðir stjórnarflokkarnir um „að heilbrigðisstarfsfólkið okkar eru hin raunverulegu verðmæti heilbrigðiskerfisins“ og „að verðmæti heilbrigðisþjónustunnar felst fyrst og fremst í mannauðnum og því þarf að bæta starfsumhverfi og kjör heilbrigðisstétta og draga þannig úr brotthvarfi innan stéttarinnar“. Það var fyrir kosningar.

Það kom skýrt fram í skoðanakönnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Pírata í nóvember að yfir 90% landsmanna vilja forgangsraða sínu skattfé í heilbrigðismál, sama hvar í flokk eða sveit þeir eru settir. Á síðustu fjárlögum vantaði samt 3 milljarða í heilbrigðiskerfið samkvæmt forsvarsmönnum allra heilbrigðisstofnana landsins. Þessir fjármunir voru til, enda fjárlögin hallalaus upp á 3,4 milljarða. Og núna, í stað þess að afstýra hættu-ástandi heilbrigðiskerfisins bæði til lengri og skemmri tíma með því að

forgangsraða skattfé landsmanna í það góða samninga við heilbrigðisstarfsmenn að við höldum í þá og það fyrsta flokks heilbrigðiskerfi sem þeir hafa skapað þá gripa stjórnvöld til skaðlegrar skammtímalausnar með lögum á verkföll heilbrigðisstarfsmanna.

Búist var við því að heilbrigðisþjónustan á Íslandi myndi versna verulega í kjölfar hrunsins og kreppunnar eins og kemur fram í árlegri skýrslu „Euro Health Consumer Index“ sem Landlæknir hefur stuðst við til að meta gæði heilbrigðisþjónustu landsins. En svo varð ekki og okkur hefur þess í stað tekist að halda öllum flokkum þjónustunnar grænum á sama tíma og Noregur og Svíþjóð hafa fallið úr þeim flokki. Þetta hefur heilbrigðisstarfsfólkið okkar gert þrátt fyrir mikinn niðurskurð, lág laun, lélegan aðbúnað og mikið vaktalag. Heilbrigðisstarfsfólkið okkar er hetjur og ef við stöndum ekki vörð um það núna þá eigum við skilið að missa það úr landi.

Það eru tvö ár í kosningar og ef þessum stjórnvöldum tekst að skaða það fyrsta flokks heilbrigðiskerfi sem heilbrigðisstarfsfólkinu okkar tókst með miklum fórnunum að halda á lífi í gegnum mjög erfið kreppuár þá verður fyrsta flokks heilbrigðisþjónusta kosningamál 2017.

Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004

Beltone **First**™

Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone **First**™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

Framleitt fyrir
iPod iPhone iPad

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN

Starf bráðahjúkrunarfræðings

Líf fólks getur breyst á einni mínútu. Ég er hjúkrunarfræðingur á Bráðamóttökunni í Fossvogi og ef þú lendir í slysi eða alvarlegum sjúkdómi þá gæti það vel verið svo að ég myndi taka á móti þér. Mig langar til þess að kynna fyrir þér, ágæti lesandi, hlutverk hjúkrunarfræðinga á Bráðamóttökunni.



Hrönn Stefánsdóttir
hjúkrunarfræðingur

Ég hef alltaf verið stolt af starfi mínu. Ég hef komið heim til mín mjög sátt með dagsverkið og stolt af því að vera hluti af þessu frábæra teymi sem starfar á Bráðamóttökunni.

Það eru kannski ekki margir sem leiða hugann að starfi hjúkrunarfræðinga. Hjúkrunarfræðingar eru órjúfanlegur hlekkur í heilbrigðisþjónustunni. Af rúmlega 4.500 starfsmönnum Landspítala Háskólasjúkrahúss eru um 1.500 hjúkrunarfræðingar.

Til þess að starfa sem hjúkrunarfræðingur á Bráðamóttökunni þurfum við að hafa lokið a.m.k. 4 ára háskólanámi í hjúkrun frá háskólam ein og Háskóla Íslands eða Háskólanum á Akureyri. Margir hjúkrunarfræðingar hafa ýmsa sérhæfingu s.s. eins og meistaranám, diplómanám og doktorsnám.

HEILBRIGÐISMÁL
Þar að auki þurfum við að vera í stöðugri símenntun. Það felur í sér að sitja fjölda námskeiða ár hvert. Sækja rýnifundi í hverri viku. Þar að auki komum við saman nokkrum sinnum á ári á stórum deildarfundum þar sem við förum yfir áherslur á hin ýmsu málafni sem tengjast starfi okkar og fáum fræðslu varðandi nýjungar og verklag í starfi.

Búa yfir mikilli þekkingu

Hjúkrunarfræðingar á Bráðamóttökunni vita aldrei hvernig dagurinn á eftir að þróast. Þeir taka á móti sjúklingum bæði í gegnum biðstofuna og við móttöku á sjúkrahúsum og þýlum.

Hjúkrunarfræðingar forgangsraða sjúklingum eftir alvarleika sjúkdóma eða slysa. Þeir þurfa því að búa yfir mikilli þekkingu og „klínisku nefi“ til þess að vita hvernær eða hvort það þurfi að hefja meðferð strax, innan 10 mínútna eða hvort sjúklingur geti beðið lengur eftir skoðun lækis.

Vaktstjórar á Bráðamóttökunni eru hjúkrunarfræðingar. Vaktstjóri á Bráðamóttöku er tengiliður Bráðamóttökunnar við aðra viðbragðsaðila.

Á Bráðamóttökuna kemur margbreytilegur sjúklingahópur. Það gerir kröfu til okkar að við þurfum að hafa mikla þekkingu á öllum líffærakerfum líkamans, starfsemi hans og þekkingu niðurstöður rannsóknna og myndgreininga svo fátt eitt sé nefnt.

Sá sjúklingahópur sem við sinnum eru lungnasjúklingar sem eru margir súrefnisháðir, hjartasjúklingar, krabbameinssjúklingar, aldraðir, einstaklingar sem orðið hafa fyrir alvarlegum eða minniháttar slysum, einstaklingi sem hefur lent í áfalli, einstaklingi sem hefur verið nauðgað, einstaklingi í sjálfsvígshugleiðingum eða í alvarlegri andlegri vanlíðan og svona mætti lengi telja.

Það er því að öllum líkindum hjúkrunarfræðingur sem tekur á móti þér ef þú lendir í einhverju ofangreindu. Við erum ekki að telja þetta eftir okkur, flest okkar elska starfið sitt, við völdum þetta starf vegna áhuga á manneskjunnari, heilsu og sjúkdómum.

Við viljum að starf okkar sé metið með hliðsjón af tvennu, annars vegar menntun og hins vegar ábyrgð.

Starfsfólkið er grunnurinn

Ég hef sjálf búið og starfað í öðru landi. Ég starfaði sem hjúkrunar-

fræðingur í þrjú ár í Bandaríkjunum og kom heim árið 2011. Í Bandaríkjunum voru launin helmingi hærri fyrir styttri vinnuviku. Ég var vel metin. Þar þótti aðáun-arvert að allir hjúkrunarfræðingar væru með Bachelor's Degree á Íslandi. Það er ekki algilt þar.

Þegar ég flutti aftur til Íslands fylltist ég stolti yfir því að sjá hversu mikill metnaður er innan minnar fagstéttar. Hjúkrunarfræðingar á Íslandi eru með mikinn metnað í starfi. Ég veit að marga hjúkrunarfræðinga eins og mig langar til að byggja upp spítala sem er með því besta sem þekkest. Heilbrigðiskerfi okkar Íslendinga er ekki gott eins og staðan er í dag. Þar nægir að nefna sögur sem margar hafa ratað í fjölmörgu s.s. eins og sögur um ónóga meðferð, um bilaðan tækjabúnað og svo má lengi telja.

Grunnurinn að uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á Íslandi er starfsfólkið. Ef fólk sér ekki fram á að geta veitt sér mannsæmandi lífsviðurværi þá liggur beinast við að leita starfa í öðrum geirum eða í öðrum löndum. Íslenskir hjúkrunarfræðingar eru vel menntaður starfskraftur sem getur með auðveldum hætti starfað í öðrum löndum. Því miður þá sé ég mig kannski knúna til að fara aftur af

→ Ég virkilega vona að ráðamenn þessa lands sjái að það þurfi að setja heilbrigðiskerfið og starfsmenn þess í forgrunn...

landi brott, þar sem að ég þarf að hlúa að minni fjölskyldu. En það sem við höfum búið að síðustu ár er mannaflí, flott fólk með góða og mikilvæga þekkingu, ástríðu fyrir starfi sínu og metnað. Þetta fólk megum við ekki missa.

Þróunin er sú í öðrum löndum að fólk er farið að velja sér annan vettvang að atvinnu, það sjáum við í nágrannalöndum okkar. Það er þróun sem við verðum að koma í veg fyrir, það yrði líka mjög dýrt fyrir íslenska ríkið að kaupa aðfluttan mannafla til að sinna þessum störfum.

Ég virkilega vona að ráðamenn þessa lands sjái að það þurfi að setja heilbrigðiskerfið og starfsmenn þess í forgrunn og byggja upp þessa rjúkandi rúst sem það er því miður orðið.

Það er nokkuð borðleggjandi að hjúkrunarfræðingar munu leita til annarra landa sé einungis horft til þess endurgjalds (launa) sem ríkið er tilbúið að greiða fyrir þá fjárfestingu sem nám í hjúkrunarfræði er.

Við erum vinir

Ég verð hreinlega að segja ykkur frá þeim hughrifum sem innplastað ljóð, sem hangir á handriði heitapotts í sundlaug Kópavogs, hefur vakið með mér undanfarið.

Ljóðið er eftir Alvar Orrason sem er í 5.-6. bekk í Klettaskóla: „Steingrímur er leiður en ég er glaður. Við erum vinir.“

Þetta er besta ljóð sem ég hef lesið lengi. Virðist einfalt en er mjög djúpt þegar grannt er skoðað. Fyrst er lýst tilfinningum og líðan sem greinilega getur verið upp og ofan eins og við flest þekkjum. Mér finnst líka felast í fyrrihlutanum að þó að þegar ljóðið er skrifað sé það Steingrímur sem er leiður og Alvar glaður, þá geti því síðar verið öfugt farið. Að við sveiflumst öll í tilfinningum og líðan. Það er heldur ekki verið að fela neitt, segjum hlutina eins og þeir eru. En þá kemur framhaldið sem skiptir öllu máli: „Við erum vinir.“

Hér er sett fram staðreynd sem stendur einhvern veginn sama hváð. Við erum vinir óháð tilfinningum og líðan, hún getur verið upp og ofan en við erum alltaf vinir. Það er grundvöllur sem stendur og verður til þess að sá sem þarf á stuðningi að halda fær hann frá vini sínum. Þá

SAMFÉLAG



Bjarni Gíslason
framkvæmdastjóri
Hjálparstarfs
kirkjunnar

→ Stundum er besti stuðningurinn einfaldlega að vera vinur. Þegar sú staða kemur upp að báðum líður illa er vináttan styrkur...

getur sá sem betur er staddur, staðið með vini sínum, hlustað og veitt styrk og stuðning. Stundum er besti stuðningurinn einfaldlega að vera vinur. Þegar sú staða kemur upp að báðum líður illa er vináttan styrkur sem veitir samstöðu, skilning og kraft til að halda áfram, ganga saman. Taka ábyrgð hvert á öðru.

Ljóðið segir ekki „stundum erum við vinir“ eða „þegar okkur líður vel erum við vinir“. Nei: „Við erum vinir.“ Það er snillið. Það er einmitt það sem gefur von og möguleika, grundvöll til að halda áfram göngunni.

Þannig er Alvar okkur hinum góð fyrirmynd um að sýna hvert öðru stuðning. Horfa í kringum okkur, vera opin fyrir þeim sem þurfa stuðning, nær og fjær. Hver þarf þinn stuðning?

Takk Alvar fyrir ljóðið um sanna vináttu.

Heiðursdoktor í stjórnmálafræði

Það hafa sannarlega skipst á skin og skúrir þau 100 ár sem líöin eru síðan íslenskar konur fengu kosningarétt árið 1915. Sigurvíma og vonbrigði kallast á, tekst er á um hugmyndir og hugsjónir, einstaklinga og hreyfingar. Konur sem studdu kvenréttindi og kosningarétt í upphafi síðustu aldar vildu að konur létu til sín taka á öllum sviðum þjóðlífsins.

Þær tókust á við húsmóðurhugmyndafræðina, konur og karla sem töldu móður- og húsmóðurhlutverkið vera meginhlutverk kvenna og öttuðust að þátttaka kvenna í opinberu lífi væri ógn við þjóðina og leiddi til upplausnar heimilanna. Um þetta deildu Ingibjörg H. Bjarnason og Jónas frá Hriflu í sölu Alþingis þar sem Jónas útmálaði hana sem svikara. Kvenréttindakonur höfðu hugsjónir langt umfram það að rétta af kynjahalla, þær trúðu á hugmyndir um samhjálp og samstöðu og hafa seinni tíma fræðingar talið pólitík þeirra bera keim af umhyggju- og réttlætissjónarmiðum. En sjónarmiðin voru hvorki einsleit né séríslensk, þau voru hluti af alþjóðlegum hugmyndastráum sem

JAFNRÉTTI



Þorgerður Einarsdóttir
prófessor og
varadeildarforseti
Stjórnmálafræðideildar

þarf að skilja og túlka í sínu sögulega samhengi.

Enn takast fræðimenn á um þýðingu og afleiðingar þátttöku kvenna í stjórnmálum og þjóðmálum almennt. Breyta konur stjórnmálunum sjálfkrafa? Er lýðræði þegar höfðatala kynjanna er jöfn? Er fjölgun kvenna ein og sér nægileg til að stjórnmálin taki mið af hagsmunum kvenna? Eru yfirhöfuð til sérstök hagsmunamála kvenna og skiptir máli hvaða konur veljast til forystu? Hafa konur þróað með sér umhyggjusjónarmið umfram karla og ef svo er hvernig birtist það?

Hvatning og innblástur

Meðal þeirra fyrstu til að fjalla um á fræðilegan hátt um kyn, völd og stjórnmál er Anna Guðrún Jónasdóttir, prófessor í kynja- og stjórnmálafræði við Örebro-háskóla í Svíþjóð. Anna Guðrún er íslensk-um kvenna- og kynjafræðingur að góðu kunn. Hún var fyrst íslenskra kvenna að taka doktorspróf í stjórnmálafræði og fá akademískan frama í stjórnmála- og kynjafræði. Hún var lykilyfirlesari á fyrstu íslensku ráðstefnunni um kvennarannsóknir árið 1985 þar sem hún setti fram nýstár-

→ Er fjölgun kvenna ein og sér nægileg til að stjórnmálin taki mið af hagsmunum kvenna?

lega kenningu um hið samfélagslega kynjakerfi út frá tengslum og samskiptum kynjanna. Hún sagði konur veita umhyggju og orku sem karlmenn þæðu og nýttu sér til framdráttar í lífi og starfi, og kynjamerittinu yrði seint útrýmt ef ekki væri hugað að þessu.

Fræðilegt ævistarf Önnu G. Jónasdóttur hefur verið íslensku fræðafólki hvatning og innblástur. Framlag hennar felst ekki síst í því að samþætta stjórnmálafræði og kynjafræði en það hefur hún gert með því að byggja á arfleifð hefðbundinnar stjórnmálafræði og í senn vikka út mörk hennar. Anna verður gerð að heiðursdoktor við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands 18. júní nk. í tengslum við ráðstefnuna „Vald og lýðræði 100 árum síðar“ og verður hún fyrsti heiðursdoktor deildarinnar. Það er við hæfi að gera Önnu Guðrúnu Jónasdóttur að heiðursdoktor á 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna en í okkar virðulegu aldagömlu stofnun, Háskóla Íslands, eru níu af hverjum tíu heiðursdoktorum karlar.

Lyfjaauglýsing

Viltu meðhöndla liðverkin án þess að taka töflur?

Prófaðu að meðhöndla liðverkina með Voltaren geli.

150g

50% meira magn!

Inniheldur 11,6 mg af diklófenakvetyláminni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiddi í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Háfið sambandi við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, aseytýlsalísýlryu og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum aseytýlsalísýlryu eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota á handa börnum og unglungum 14 ára og yngri. Sérstök varnarárorð: Má eingöngu bera á hella og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðberingum. Varast skal mið við sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á atækkum aukaverkunum, t.d. á nyru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhúsi 12a, 210 Garðabæ.

Alla
daga

8-20

OPIÐ 17. JÚNÍ Í AUSTURVERI

15%
afsláttur

Lambalæri án
mjaðmabeins

1599 kr./kg
~~1899~~ kr./kg.

Skráðu þig í sælkeraklúbb Nóatúns á www.noatun.is
Vikulegir vinningar, góð ráð, uppskriftir o.fl.

20%
afsláttur

Lambafille
með fiturönd
3999 kr./kg
~~4977~~ kr./kg.

Glæsilegt
úrval af
grillspjótum

Alla
daga

8-20

NÓATÚN

Austurveri

MERKISATBURÐIR

- 1900** Fyrsta póstferð með varning og fólk í fjór hjóla hestvagni farin frá Reykjavík austur í sveitir.
- 1907** Íslenskur fáni, blár og hvítur, er fyrst dreginn að húni um landið.
- 1911** Háskóli Íslands er settur í fyrsta sinn á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta.
- 1918** Loftskýtastöðin á Melunum í Reykjavík er tekin í notkun í samvinnu við Marconi-félagið í London.
- 1925** Á Ísafirði er tekið í notkun nýtt sjúkrahús sem talið var hið fullkomnasta á Íslandi.
- 1926** Björg Karítas Þorlákssdóttir verður fyrst íslenskra kvenna til að ljúka doktorsprófi er hún ver doktorsritgerð sína við Sorbonne-háskóla í París.
- 1941** Alþingi kys Svein Björnsson fyrsta ríkisstjóra Íslands.
- 1944** Stofnun íslenska lýðveldisins er formlega lýst yfir á Þingvöllum og stjórnarskrá lýðveldisins staðfest.
- 1959** Íþróttaleikvangurinn í Laugardal er vígður.
- 1980** Ísbjarnarblús Bubba Morthens kemur út.

PETTA GERÐIST 17. JÚNÍ 1811

Jón forseti fæddist

Jón Sigurðsson, oft nefndur Jón forseti, fæddist þennan dag fyrir 204 árum. Hann var helsti leiðtogi Íslendinga í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar á 19. öld, en fæðingardagur hans var valinn sem þjóðhátíðardagur Íslendinga þegar lýðveldið Ísland var stofnað 17. júní 1944.

Jón fæddist á Hrafnseyri í Arnarfirði á Vestfjörðum. Á uppvaxtarárunum stundaði Jón nám hjá föður sínum en fluttist til Reykjavíkur átján ára og tók stúdentspróf 1829. Í höfuðstaðnum kynntist hann verðandi eiginkonu sinni, Ingibjörgu Einarsdóttur. Hjónin voru bræðrabörn.

Jón nam málfræði, íslenskar bókmenntir og sögu við Kaupmannahafnarháskóla en lauk þó aldrei prófi. Hann var kosinn þingmaður Ísa-

fjarðarsýslu árið 1844 og settist á Alþingi árið 1845. Viðurnefnið forseti fékk hann vegna þess að hann var forseti Hafnardeildar Hins íslenska bókmenntafélags.

Þegar Danakonungur afsalaði sér einveldi 1848 ritaði Jón „Hugveki til Íslendinga“ þar sem hann hvatti landsmenn til baráttu fyrir sjálfstæði. Á þjóðfundinum 1851 lagði hópur Íslendinga fram móttfrumvarp við frumvarp Danakonungs um stjórnskipun Íslands. Stiftamtmaður Danakonungs neitaði frumvarpinu framgöngu og brást þá Jón við og mótmælti. Undir tóku viðstaddir með hinum fleygu orðum: „Vér mótmælum allir.“ Þaðan í frá var Jón talinn óumdeildur leiðtogi sjálfstæðisbaráttunnar.

Jón lést 7. desember 1879 eftir langvinn veikindi.



JÓN FORSETI



Elsku mamma, tengdamamma, amma, dóttir og stjúpdóttir,

PÓRUNN MAGDALENA GARDARSDÓTTIR

er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

<p>Sigríður Sæunn Jakobsdóttir Edda Rúna Kristjánsdóttir Guðrún Kristjánsdóttir</p>	<p>Örlygur Kristmundsson Rósant Guðmundsson Egill Þórarinnsson og barnabörn.</p>
---	--





Kær systir mín og frænka okkar,

BJÖRK JÓNSDÓTTIR HALLGRÍMSSON
Lindargötu 26, Siglufirði,

lést á heilbrigðisstofnuninni á Siglufirði föstudaginn 12. júní. Útförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Hrönn Jónsdóttir.





Elskuleg frænka okkar og vinkona,

RAGNA BASILISA VETURLIÐASON
frá Filippseyjum,

lést 9. júní, útför hennar fer fram frá Landakotskirkju 18. júní kl. 15.00. Þökkum öllum sem önnuðust Rögnu í veikindum hennar.

Jessica Sigurjónsson
Jósef Natan Ólafsson
Jefferson de los Reyes
Lára Þorbergsson





Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

MAGNÚS HALLDÓRSSON
Brekkgötu 13, Vogum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja fimmtudaginn 11. júní. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 19. júní kl. 11.00.

Dagbjört Jóna Bjarnadóttir
Reynir Þór Magnússon
Hörður Magnússon
Magnús Karl Reynisson
Dagný Rós Harðardóttir

Helma Dröfn Karlsdóttir
Jóhanna Þorsteinsdóttir
Dagbjört Freyja Reynisdóttir
Reynir Már Harðarson





Elsku eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

STEINUNN EDDA NJÁLSDÓTTIR
Tröllakór 6, Kópavogi,

lést á heimili sínu, í faðmi fjölskyldunnar, föstudaginn 5. júní. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 18. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hennar er bent á Karítas og Krabbameinsfélagið.

Hans B. Guðmundsson
Guðmundur Hansson
Elín Rós Hansdóttir
Berglind Íris Hansdóttir
barnabörn, barnabarnabarn og systkini.

Kristín Donaldsdóttir
Birgir Birgisson
Bjarni Ólafur Eiríksson



FJÓRIR ÆTTLIÐIR Saga, Sigurlaug, Sólveig, Ása, ættmóðirin Sigurlaug, Sigrún, Sigrún, Sólveig og Steinar sem fékk að laumast með á þessa fallegu kvenleggsmynd.

MYND/SIGURLAUG

Langamma fór með fjölskylduna í Kvinnahlaup

Sigurlaug Gísladóttir var elsti þátttakandinn í Kvinnahlaupi ÍSÍ síðustu helgi. Hún fór ásamt dóttur, ömmustelpum og langömmustelpum. Henni finnst samveran mikilvægust.

„Það er mér svo mikils virði að gera eitthvað með fjölskyldunni. Við höfum reynt að halda í þann sið.“

Sigurlaug Gísladóttir var elsti þátttakandinn í Kvinnahlaupi ÍSÍ sem haldið var um síðustu helgi. Hún fæddist árið 1921 og verður því 94 ára gömul á þessu ári en hún tók fyrst þátt í hlaupinu fyrir tveimur árum, þá 92 ára. Þegar blaðamaður nær tali af henni er hún einmitt að koma inn eftir göngutúr.

„Unglingarnir á Seltjarnarnesinu eru í vinnu við að fara með okkur sem búum hér í íbúðum fyrir eldri borgara í göngutúr. Og gettu hvað það mættu margir í göngutúrinn? Það kom enginn nema ég,“ segir Sigurlaug og bætir við að hún sé elsta manneskjan í húsinu. „Ég reyni að fara eitthvað út á hverjum degi og það er gott að ganga enda fæt-urnir enn nokkurn veginn óskemmdir,“ bætir hún við hlæjandi.

Sigurlaug gekk ásamt dóttur sinni, ömmustelpum og langömmustelpum í Kvinnahlaupinu. Það voru því fjórir ættliðir sem áttu huggulega og heilsueflandi samverustund. „Já, ég hljóp nú ekki. Það hefði nú örugglega verið heimsmet ef 93 ára gömul kona myndi hlaupa. Ég gat tekið spretti á yngri árum þegar ég keppti fyrir ungmennafélagið í sveitinni. En í þetta skiptið gekk ég tvo kílómetra en svo þurftum við að leggja svo langt í burtu að það voru örugglega tveir kílómetrar í viðbót. En það er mér svo mikils virði að gera eitthvað með fjölskyldunni. Við höfum reynt að halda í þann sið.“

Sigurlaug fékk verðlaunagrip og risastóran blómvönd þar sem hún var elsta konan í hlaupinu. „Það kom mér

algjörlega á óvart. Ég ætlaði bara að vera með en það er langt frá því að markmiðið hafi verið að fá verðlaun,“ segir Sigurlaug hlæjandi og bætir við að verðlaunagripurinn sé farandgripur. Hún segir að það geti vel verið að hún nái að halda gripnum lengur en ár hjá sér með því að taka þátt aftur að ári en hún segist lítið vilja segja til um framtíðina. „Ég verð með á meðan ég treysti mér til að ganga,“ segir hún að lokum.



Okkar ástkæri

REYNIR ÓLAFSSON
viðskiptafræðingur,
Heiðarbakka 1, Reykjanesbæ,

verður jarðsönginn fimmtudaginn 18. júní kl. 13.00 frá Keflavíkurkirkju. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

<p>Drífa Maríusdóttir Gestur Páll Reynisson Kristín Guðrún Reynisdóttir Magnús Ólafsson</p>	<p>Inga María Vilhjálmssdóttir Sigurður Helgi Tryggvason Telma Dögg Guðlaugsdóttir og barnabörn.</p>
---	--





Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

HELGA DAGMAR JÓNSDÓTTIR SILLA

lést laugardaginn 13. júní á hjúkrunarheimilinu Eir. Útför hennar verður gerð frá Grafarvogskirkju 19. júní kl. 15.

<p>Petrína Jónsdóttir Guðrún Jónsdóttir Þorvaldur Jónsson Hákon Rúnar Jónsson Jón Þorvaldsson</p>	<p>Vígfús Vígfússon Magnús Sigþórsson Áslaug Reynisdóttir og barnabörn.</p>
---	---



OYSTER PERPETUAL
MILGAUSS

ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 17. júní 2015 | 24. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir www.visir.is](http://www.visir.is)

VIÐ **ELSKUM**
UMHVERFIÐ!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

ÍSLENDINGAR VERJI SIG FYRIR GENGISSTRÍÐI

→ **Robert Aliber segir Japan og ESB heyja gengisstríð gegn Bandaríkjunum**

→ **Segir Íslendinga útsetta fyrir mikilli gjaldeyrisáhættu**

→ **Telur Íslendingum best borgið með sinn eigin gjaldmiðil** **SÍÐA 6-7**



Vilja íslenska fjárfestingu

Á árunum fyrir hrun unnu sjö þúsund Frakkar í fyrirtækjum þar í landi sem voru í íslenskri eigu. Fyrirtækjum í eigu Íslendinga hefur fækkað og þar með starfsmönnum. Gilles Debuire, frá franska útflutningsráðinu, bendir á að önnur ríki í Evrópu séu mjög mikilvæg fyrir atvinnulíf í Frakklandi. „Það eru í allt 20 þúsund útlensk fyrirtæki og tvær milljónir Frakka starfa hjá þeim,“ segir Debuire. Hann bætir því við að af þessum tveimur milljónum séu 160 þúsund Frakkar í starfi hjá fyrirtækjum með uppruna á Norðurlöndunum. → **SÍÐA 4**

Var eldri en flestir samnemendur

Oddur Ástráðsson útskrifast um næstu helgi með lögfræðipróf. Hann hefur undanfarið unnið með skóla á lögmannsstofunni Logos en er nú kominn í fullt starf sem fulltrúi lögmanns. „Ég grínast stundum með það að ég sé svolítið seinfær og ég byrjaði ekki í laganámi fyrr en ég var að verða 26 ára. Þannig að ég er nú svona eldri en flestir samnemendur mínir,“ segir Oddur, spurður út í fyrri störf. Eftir útskrift úr menntaskóla fór hann að starfa á fjölmiðlum. → **SÍÐA 8**

Ríkir verða ríkari

Ravi Batra, prófessor í hagfræði við Southern Methodist University í Dallas, segir seðlabanka og stjórnvöld á Vesturlöndum hafa viðhaldið offramleiðslu síðustu áratugi með hallarekstri og lágum stýrivöxtum. Batra benti á, í fyrirllestri í Háskóla Íslands á mánudag, að laun almennings í Bandaríkjunum hefðu ekki hækkað að neinu ráði frá árinu 1981 þrátt fyrir að framleiðni hefði margfaldast. Í Evrópu hafi laun fylgt framleiðni en með töfum. Þar sem laun stæðu í stað væri eftirspurn lítil. → **SÍÐA 8**

**STJÓRNAR-
MADURINN**

@stjornarmadur

Meira að segja sólarhringsfréttastöðvar á borð við CNN eða Sky, sem flestir taka nú sem sjálfsögðum hlut, eru einungis 30 ára gamlar. → **SÍÐA 12**

Við kynnum
Philips Ambilight
9000 sjónvörpin

Engin venjuleg upplifun

með Android

PHILIPS

Ultra HD með Android

Heimilistæki ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

Nú er Seðlabankanum að mæta!

Skjóðan

VART hafði fagnaðarlátum linnt vegna stöðugleikaáætlunar ríkisstjórnarinnar þegar Seðlabankinn steig fram og stöðvaði fögnuðinn. Stýrivextir bankans voru hækkaðir um 50 punkta, boðuð önnur eins hækkanir (hið minnsta) í ágúst og áframhaldandi brattar hækkanir eftir það.

ÁSTÆÐUR hinna miklu vaxtahækkana eru, að sögn seðlabankastjóra, miklar kauphækkanir í kjarasamningum á almennum vinnumarkaði og óhóflegar kröfur háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna.

FYRIR liggur að kjarasamningar á almennum vinnumarkaði ganga mjög nærri flestum fyrirtækjum í landinu þannig að fyrirtækin munu þurfa að hleypa hluta

launahækkana út í verðlag. Slíkt leiðir óhjákvæmilega til aukinnar verðbólgu.

SÚ verðbólga er ekki tilkomin vegna aukinnar eftirspurnar heldur vegna kostnaðar. Í ljósi skulda- og framfærsluvanda stórs hluta heimila landsins er ólíklegt að launahækkanir hjá lág- og meðaltekjufólki hafi teljandi áhrif á aukna eftirspurnarþenslu í hagkerfinu. Grundvallarmunur er á eftirspurnarverðbólgu annars vegar og kostnaðarverðbólgu hins vegar.

Í EFTIRSPURNARVERÐBÓLGU kann að vera skynsamlegt hjá seðlabönkum að bregðast við með vaxtahækkunum. Vaxtatakið er þó tveggjað sverð gegn verðbólgu í opnu hagkerfi, eins og við Íslendingar kynntumst eftirminnilega í aðdraganda hruns, þegar hávaxtastefna Seðlabankans leiddi til stórfelldra vaxtamunarviðskipta auk


þess sem íslensk fyrirtæki og neytendur kusu að fjármagna sig með gengisbundnum lánum fremur en að borga hina háu vexti Seðlabankans.

VAXTAMUNARVIÐSKIPTIN fyrir hrun bjuggu til snjóhengjuna sem stöðugleikaáætlun stjórnvalda er ætlað að bræða nú sjö árum eftir að höftum var komið á.

Í KOSTNAÐARVERÐBÓLGU er mjög varasamt, og jafnvel glæfalegt, að bregðast við með hækkan vaxta. Vextir eru jú kostnaðarliður fyrirtækja, rétt eins og laun, og hækkan vaxta ofan á hækkan launa leiðir til þess að skuldsett fyrirtæki þurfa að hækka vöruverð meira en ella. Þar með veldur vaxtahækkunin verðbólgu en vinnur ekki gegn henni eins og til er ætlast. Það er svo til að auka á skaðleg áhrif vaxtahækkunar Seðlabankans að fyrir voru

vextir nálægt því fimmtíu sinnum hærri en vextir í nágrannalöndum Íslands. Vegna verðtryggingar neytenda- og húsnæðislána virka stýrivextir Seðlabankans enn fremur seint og illa til að slá á eftirspurn, jafnvel þegar um eftirspurnarverðbólgu er að ræða.

TÍMASETNING vaxtahækkunar Seðlabankans og hótana bankastjórans um stórfelldar vaxtahækkanir í framhaldinu er athyglisverð í því ljósi að hún er tilkynnt í sömu viku og stjórnvöld setja fram vandaða áætlun um að vinna ofan af afleiðingum hávaxtastefnu Seðlabankans fyrir hrun og auknið frelsi í viðskiptum með gjaldeyri. Seðlabanki Íslands virðist lítið sem ekkert hafa lært af mistökunum, sem gerðu hrunið hér á landi alvarlegra og kostnaðarsamara en víðast hvar annars staðar.



Gengi félaga í Kauphöll Íslands

3
Á UPPLÉIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

11
Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

2
STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN

NÝHERJI
99,8% frá áramótum

REITIR
1,1% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN

TM
-27,9% frá áramótum

HAGAR
-3,1% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	119,00	14,4%	0,0%
Eik fasteignafélag*	6,28	-7,4%	0,3%
Eimskipafélag Íslands	216,00	-8,2%	0,7%
Fjarskipti (Vodafone)	39,30	10,9%	-1,3%
Hagar	37,20	-10,9%	-3,1%
HB Grandi	41,40	19,8%	-2,2%
Icelandair Group	24,60	14,0%	-0,8%
Marel	189,75	35,5%	-1,4%
N1	37,40	61,2%	0,0%
Nýherji	10,39	99,8%	-0,4%
Reginn	14,30	4,9%	-0,6%
Reitir*	62,90	-0,4%	1,1%
Sjóvá	10,18	-14,9%	-0,1%
Tryggingamiðstöðin	19,30	-27,9%	-1,8%
Vátryggingafélag Íslands	7,88	-13,0%	-0,1%
Össur	485,00	34,3%	-1,0%
Úrvalsvísitalan OMX18	1.466,33	11,9%	0,0%

First North Iceland

Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	26,00	15,0%	-9,7%
Sláturfélag Suðurlands	1,40	-24,3%	0,0%

*Skráð á árinu (þróun frá útböðsgengi).



Á VERKSTÆÐINU Davíð Vigfússon er einn á sínum vinnustað. Hann afgreiðir í versluninni og skýst svo inn á verkstæðið þess í milli.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

FIMMTUDAGUR 18. JÚNÍ
Þjóðskrá – Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis

FÖSTUDAGUR 19. JÚNÍ
Hagstofan – Samræmd vísitala neysluverðs í maí
Lánamál ríkisins – Útboð ríkisbréfa

MÁNUDAGUR 22. JÚNÍ
Hagstofan – Greiðsluþjónunarvísitala í júlí 2015
Hagstofan - Vísitala byggingarkostnaðar fyrir júlí 2015
Hagstofan - Mánaðarleg launavísitala í maí 2015

ÞRIÐJUDAGUR 23. MAÍ
Hagstofan – Viðskipti með atvinnuhúsnæði í maí

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir



BLÁA LÓNID
Heimsóknir í Bláa lónið í fyrra voru 766 þúsund.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Aðalfundur samþykkti að greiða eigendum 1,2 milljarða í arð:

Bláa lónið hagnast um 1,8 milljarða

Bláa lónið hagnaðist um 1,8 milljarða eftir skatta á síðasta ári. Þá námu tekjur Bláa lónsins 6,2 milljarðum króna.

Handbært fé frá rekstri var 2,4 milljarðar. Eignir námu 7,3 milljarðum í árslok og eiginfjárhlutfall var 36 prósent.

Á aðalfundi Bláa lónsins sem fór fram í gær var samþykkt að greiða 1.191 milljón króna í arð.

„Vöxtur Bláa lónsins undanfarin ár hefur verið í takt við þróun ferðaþjónustunnar sem í dag aflar þjóðinni meiri gjaldeyristekna en nokkur önnur atvinnugrein. Nýtt met var sett í fjölda heimsókna í Bláa lónið árið 2014 en þær voru 766 þúsund talsins,“ segir Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins, í tilkynningu.

-ih

Skósmiðir ná vopnum sínum eftir hrunið

Davíð Vigfússon hafði unnið sem skósmiður hjá öðrum í þrettán ár þegar hann ákvað að hefja eigin rekstur. Hann segir að um tíu skósmiðir séu starfandi í Reykjavík og verði áfram á sínum stað.

Skósmiðir eru ekki starfandi á hverju götuhorni nú til dags, en þó er endurnýjun í stéttinni. Hinn 32 ára Davíð Vigfússon tók við rekstri Skóarans í Hafnarfirði fyrir fáeinum mánuðum og unir hag sínum vel.

„Það er ekki mikil aukning í stéttinni, en margir velja líka sjúkraskósmíði og það er meiri aukning í því að unga fólk sé að læra hana,“ segir Davíð. Hann segir að fólk læri þá til fótaaðgerðafræðings og fari svo í skósmíði. Þetta læra menn í Tækniskólanum og svo er starfsnám hjá meistara. „Við erum tveir sem erum 32 ára, annars er næsti mun eldri,“ segir hann.

Davíð starfaði í rúm þrettán ár hjá öðrum áður en hann fór að starfa sjálfstætt. „Ég tók við verkstæðinu 15. apríl síðastliðinn,“ segir Davíð. Hann starfar einn á verkstæðinu, afgreiðir og gerir við inn á milli. „Það er nóg að gera.“

Davíð segist mest gera við skó. „En inn á milli kemur leðurfatnaður og töskur. Ég geri við leðurfatnað og skó, og allt sem ég get gert við það reyni ég að laga,“ segir hann.

Davíð kannast ekki við það að fólk hafi komið meira með hluti í viðgerð eftir hrunið. Þvert á móti. „Það var meira með leðurbotnum og setja slitsóla undir. Það er mjög algengt,“ segir hann.

Davíð býst við því að það séu um tíu skósmiðir starfandi á höfuðborgarsvæðinu. Ég spái

„Pað var meira að gera fyrir hrun, 2005 til 2006 var mjög gott. Fólk fór svo að kaupa sér ódýrari skó og þá minnkuðu viðgerðirnar. En þetta er að koma allt inn aftur.“

því að þetta séu ekki undir tíu og ekki yfir fimmtán,“ segir Davíð og býst við því að þessi tala muni standa í stað. „Ég spái því að stofunum fari ekki fjölgandi en þær munu haldast á sínum stað,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is



Make it matter.



Margur er knár þótt hann sé smár.

HP EliteBook Folio 1020 Special Edition.
Mjög örugg, einstaklega sterkbyggð og fallega hönnuð.

- Orkusparandi Intel® Core™ M örgjörvi
- Aðeins 15,7mm þunn
- Aðeins 1 kg.
- 9 tíma rafhlöðuending
- Með 12,5" Quad HD skjá
- Ytra byrði úr Magnesium-Lithium
- Stóðst 13 próf samkvæmt Mil-Spec 810G staðlinum

Nánari upplýsingar um HP EliteBook fartölvurnar eru á www.ok.is/elitebook/

*Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eda öðrum löndum.



OPIN KERFI

Opin kerfi hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | www.ok.is | sala@ok.is | sími 570 1000



HVÍTA HÚSDI/SIA 15-0919

Nú virka debetkort á netinu

Söluaðilar með **vefverslanir** geta núna tekið við greiðslum með **debetkortum** frá viðskiptavinum sínum í gegnum Greiðslusíðu eða Greiðslugátt Valitor.

PÚ SÉRÐ UM **SÖLUNA** – VIÐ SJÁUM UM **GREIÐSLUNA**

VALITOR

525 2080 // sala@valitor.is // www.valitor.is



Í **HEIMSÓKN** Gilles Debuire var hér á landi til að kynna Frakkland sem áhugavert land fyrir fjárfestingar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilja að Íslendingar fjárfesti í Frakklandi

Á árum fyrir hrun unnu sjö þúsund Frakkar í fyrirtækjum í eigu Íslendinga. Frakkar vilja að Íslendingar fjárfesti meira hér.

Á árunum fyrir hrun unnu sjö þúsund Frakkar í fyrirtækjum þar á landi sem voru í íslenskri eigu. Fyrirtækjum í eigu Íslendinga hefur fækkað og þar með starfsmönnum. Gilles Debuire, frá franska útflutningsráðinu (Business France), var staddur á Íslandi fyrir helgi og ræddi við aðila úr íslensku athafnalífi.

Debuire bendir á að önnur ríki í Evrópu séu mjög mikilvæg fyrir atvinnulífið þar. „Það eru í allt 20 þúsund útlensk fyrirtæki og tvær milljónir Frakka starfa hjá þeim,“ segir Debuire. Hann bætir því við að af þessum tveimur milljónum séu 160 þúsund Frakkar í starfi hjá fyrirtækjum með uppruna á Norðurlöndunum.

Debuire segir að ýmsar ástæður liggja að baki því að færri fyrirtæki í eigu Íslendinga starfi í Frakklandi nú en áður. Bæði hafi fyrirtæki verið seld og flutt til. „Prómens hefur til dæmis verið selt en þar vinna 700 Frakkar. Bakkavör var líka með starfsemi í Frakklandi.“

Debuire bendir líka á að Alfesca

og Actavis hafi verið starfandi í Frakklandi. „Það voru á milli 20-25 íslensk fyrirtæki með fjárfestingar í Frakklandi, en það er ekki svo mikið núna,“ segir hann. Hluttur Íslands hafi minnkað bæði vegna kreppunnar og vegna breyttra aðstæðna.

Debuire segist telja að íslensk fyrirtæki séu betur stödd núna en þau voru á fyrstu árum eftir kreppu og hafi mikið af athyglisveðrum hugmyndum. „Ekki bara fyrirtæki á sviði jarðhita, heldur líka fyrirtæki í tölvuleikjahlutanum og í sjávarútvegi. Og við viljum færa okkur nær þeim og reyna að eiga samtal við þau um það hvort íslensk fyrirtæki sjái fyrir sér að geta fjárfest í Frakklandi á næstunni.“

Debuire segir að helsti kosturinn sem Frakkland bjóði íslenskum fjárfestum sé stór markaður, með 66 milljónir íbúa. „Svo myndi ég segja að stoðkerfið væri mjög gott. Norrænu löndin geta litið á Frakkland sem tengingu milli Norður-Evrópu og Suður-Evrópu. Þetta er líka kjörin leið fyrir Ísland til að tengjast

„Norrænu löndin geta litið á Frakkland sem tengingu milli Norður-Evrópu og Suður-Evrópu.“

Evrópu. Þið eruð auðvitað svolítið út úr. Tenging við Frakkland væri líka kjörin leið til þess að eiga samskipti við Evrópusambandið. En einnig til þess að eiga samskipti við mörg Afríkuríki en viðskiptin við þau vaxa sífellt,“ segir hann.

Debuire bendir á að Ísland sé lítið land en hér sé mikið af hæfileikaríku fólki, ungu fólki sem er reiðubúið til þess að stofna fyrirtæki sem vaxi síðan. „Þið eruð hins vegar ekki með neinn markað hér. Þannig að um leið og þið stofnið fyrirtæki hér þá þurfið þið að fara að hugsa í alþjóðlegu samhengi,“ segir hann.

jonhakon@frettabladid.is

Búmenn hafa þriggja mánaða frest til að vinna úr vandanum en eigið fé er neikvætt um 500 milljónir:

Greiðslustöðvun framlengd

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur framlengt greiðslustöðvun Búmannna til 4. september en félagið fékk upprunalega heimild til greiðslustöðvunar til 5. júní. Í sumari er stefnt að því að leysa úr fjárhagsvanda Búmannna en eigið fé félagsins er neikvætt um hálfan milljarð króna.

Búmenn er húsnæðissamvinnufélag þar sem félagsmenn, 50 ára og eldri, kaupa búseturétt í einhverri af 540 íbúðum félagsins og greiða síðan mánaðargjald. Vandí Búmannna felst helst í að félagið er skuldbundið til að kaupa til baka búseturétt ríflega helmings íbúa félagsins. Uppreiknuð skuld-

binding Búmannna vegna kaupskyldu nemur 1,58 milljörðum en Búmenn geta ekki greitt hana út. Heildarskuldir Búmannna nema 14,9 milljörðum króna en eignir ríflega 14,3 milljörðum króna.

Þá standa einnig yfir viðræður við Íbúðalánasjóð um að sextíu íbúðir, sem ekki hefur tekist að selja búseturétt að, verði færðar yfir í sérstakt leigufélag í eigu Búseta. „Samliða því að þessar eignir verði færðar yfir í leigufélagið þá fari fram afskrift á þeim íbúðum séu þær yfirveðsett,“ segir Daníel Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Búmannna.

Gangi þetta eftir mun Íbúða-



ÍBÚÐIR BÚMANNA Búmenn eiga 540 íbúðir á Suðurlandi, Reykjanesi og á höfuðborgarsvæðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

lánasjóður afskrifa lán til Búmannna sem nema hálfum milljarði króna.

- ih

Póstdreifing



FJÖLPÓSTUR SEMVIRKAR

Staðbundin skilaboð, hægt að velja pósthúmer, hverfi, tegund húsa o.s.frv.



MARKHÓPADREIFÐUR FJÖLPÓSTUR

Viðtakandinn er sérstaklega valinn og þannig líklegur til að bregðast við.



MARKPÓSTUR FYRIR RÉTTA FÓLKIÐ

Ódýr og markviss leið til að ná í rétta hópinn.



ERTU ÓÁKVEÐIN/N EÐA ERTU EKKI VISS?
Fáðu tilboð hjá Póstdreifingu fyrir þín skilaboð, hafðu samband
í síma 585 8300 eða sendu okkur fyrirspurn á netfangið
SALA@POSTDREIFING.IS

BJARTSÝNN „Fólk er alltaf að finna sér eitthvað til að hafa áhyggjur af,” sagði Aliber þegar blaðamaður tjáði honum að sumir Íslendingar hefðu áhyggjur af offjárfestingu í hót- elum. Aliber lítur björtum augum á efnahagslífið á Íslandi.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslendingar verji sig í gengisstríði

Bandaríski hagfræðingurinn Robert Aliber segir að Japan og Evrópusambandið séu í gengisstríði gegn Bandaríkjunum og öllum heiminum. Íslendingar þurfi að bregðast við því. Hann er bjartsýnn á efnahagslíf Íslendinga.

Bæði Japan og Evrópusambandið hafa lýst yfir gjaldmiðlastríði á hendur Bandaríkjunum og öllum heiminum, segir Robert Aliber, prófessor emeritus í alþjóðahagfræði og fjármálum við Háskólann í Chicago. Aliber hélt ræðu á fundi Hagfræðideildar Háskóla Íslands og Samtaka sparifjáreigenda í gær.

Gengisstríð gæti haft áhrif á Ísland

Aliber segir að bæði Evrópusambandið og Japan vilji auka útflutning til Bandaríkjanna, sem sé best starfandi stóra hagkerfið í heiminum. En breytingar á gengi japanska jensins eða evrunnar muni hafa slæm áhrif á bandaríska hagkerfið. „Öll stríð taka enda, en við höfum ekki séð fyrir endann þarna,” segir Aliber í samtali við Markaðinn. Aliber segir að þetta gjaldmiðlastríð sé mjög aðkallandi vandamál fyrir Íslendinga sem séu útsettir fyrir mikilli gjaldeyris-áhættu. „Þið fáið miklar tekjur frá Evrópu en verjið háum útgjöldum í Bandaríkjunum. „Taktu sem dæmi flugfélögin. Þau fljúga 757-vélum sem eru bandarískar vélar og eldsneytið er greitt í dollurum. En ég myndi halda að fólkíð sem flýgur sé frá Evrópu,” segir Aliber. Þarna sé vandamál sem Íslendingar geti ekki haft stjórn á. Ef dollarinn rýkur upp en evran fer niður þá muni það hafa slæm áhrif á Ísland. Íslendingar þurfi því að verja sig gagnvart þessu. „Ef þetta er rétt hjá mér þá þarf Ísland að kaupa stöðugt Bandaríkjadal,” segir Aliber.

Aliber segist hafa kynnt sér aðgerðaáætlun um afnám hafta. Hann styðji þá ákvörðun að afnema höftin en hann hefði viljað fara aðra leið að því en þá sem var kynnt.

„Þeir hefðu átt að afnema þau á lengri tíma, kannski á tveimur árum. Þannig að menn sem höftin snerta hefðu, segjum á tveggja mánaða fresti, getað keypt sig út,” segir Aliber. Þannig hefði verið hægt að aflétta höftum smám saman í stað þess að gera það í einu vetfangi. Aliber telur að hefði þessi leið verið farin þá hefði hugsanlega verið hægt að hefja afnámsferlið fyrr, en það hefði þá staðið yfir í lengri tíma.

Aðspurður segist Aliber ekki sjá sérstakar hættur við það afnámsferli sem nú er að fara í gang. „Ég er ekki viss um hvað gæti farið úrskeiðis við afnám haftanna. En þegar verið er að skipta miklum gjaldeyri fyrir annan á tilteknum tíma er alltaf hætt á að það myndist þrýstingur,” segir Aliber. Þetta geti haft óheppilegar afleiðingar fyrir atvinnulífið og fyrirtæki í innflutningi.

Telur Ísland ekki þurfa evruna

Aliber kom fyrst hingað til lands árið 2007 og hefur komið hingað til lands nokkrum sinnum síðan þá. „Ég get ekki sagt að ég komi hérna reglulega, ég kem hérna frekar óreglulega,” segir hann. Í fyrri heimsóknnum sínum hingað hefur hann varað Íslendinga við því að gerast aðilar að evrusamstarfinu.

Hann varaði við því haustið 2008. Þegar Fréttablaðið spurði hann út í málið í september 2011 sagði hann að Íslendingar stæðu frammi fyrir tveimur spurningum. „Önnur varðar það hvort landið eigi að ganga í Evrópusambandið en hin hvort landið eigi að taka upp evruna. Ég tel að svarið við fyrri spurningunni sé já. Ísland ætti sennilega að ganga í Evrópusambandið til að njóta að

fullu ábata hins sameinaða markaðar. Ég held hins vegar að það sé ekki skynsamlegt fyrir Íslendinga að taka upp evru meðan óvissan er jafn mikil og raun ber vitni á evrusvæðinu. Ég mæli með því að farið verði hægt í þeim efnun og staðan metin þegar öll kurl eru komin til grafar.” Hann sagðist jafnframt efins um að evran hentaði íslenska hagkerfinu til lengri tíma. Það sé á margan hátt ólíkt hagkerfum Norð-ur-Evrópu.

Aðspurður nú hvort rétt yrði fyrir Íslendinga að taka upp dollara eða evru í framhaldi af losun haftanna segir hann það vera almennings á Íslandi að taka ákvörðun um það. „En ef ég er spurður áhlits, þá myndi ég segja að efnahagslegar aðstæður Íslands væru mjög sérstakar. Þjóðin er mjög háð einni eða tveimur útflutningsgreinum og ef tekjur þessara greina minnka mjög hratt þá þarf að vera hægt að aðlaga sig mjög hratt. Og aðlögunin er miklu hraðari ef Ísland er með sinn eigin gjaldmiðil, heldur en að vera aðili að evrusvæðinu eða dollarasvæðinu,” segir Aliber. Allt frá bankahruni hafa ýmsir kostir í evrusamstarfi verið ræddir. Mest hefur verið talað um inngöngu í Evrópusamstarfið og upptöku evru í kjölfarið. En einnig hefur verið rætt um að taka upp kanadískan dollara, norsku krónuna og jafnvel Bandaríkjadal. Aliber segist ekki hafa skoðun á því hvaða mynt Íslendingar ættu að taka upp, ef þeir myndu á annað borð sækjast eftir því að taka upp aðra mynt. „Ég held bara að spurningin eigi ekki við. Íslendingar eru fámenn þjóð og vegna smæðarinnar og einstakra útflutningsgreina er mikilvægt að hafa eigin gjaldmiðil. En það þarf

SKIPAÐUR LEKTOR 34 ÁRA GAMALL

Robert Z. Aliber er fæddur árið 1930 og var upphaflega skipaður lektor við Háskólann í Chicago árið 1964. Á meðan hann starfaði þar þróaði hann nám í alþjóðarannsóknunum í viðskiptum og Miðstöð rannsókna í alþjóðlegum fjármálum. Hann var ráðgjafi fyrir bankastjórn Seðlabanka Bandaríkjanna og margar aðrar alríkisstofnanir í Bandaríkjunum, Alþjóðabankann og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Hann hefur jafnframt unnið fyrir margvíslegar rannsóknarstofnanir og einkafyrirtæki. Aliber hefur flutt fyrirlestra í Bandaríkjunum og víðar um heim. Aliber hefur skrifað mikið um gjaldeyris- og alþjóðafjármál og samskipti banka. Á meðal ritverka hans er The Reconstruction of International Monetary Arrangements, The Handbook of International Financial Management and Global Portfolios. Hann er meðhöfundur bókarinnar Money, Banking and the Economy, Manias, Panics, and Crashes: A History of Financial Crises og höfundur The International Money Game.

að passa upp á það að halda genginu stöðugu,” segir Aliber.

Aliber segir að leiðin til þess að hafa stjórn á krónunni sé að ákveða verð á evruna og halda því stöðugu. „Segjum að það verð sé 140 og svo verða vikmörk sem eru um það bil fimm prósent,” segir Aliber. Evran myndi þá sveiflast á bilinu 130-150 krónur. „Þannig að ef verðið fer upp fyrir 150 á evruna að þá fer Seðlabankinn að selja evrur, ef það fer niður fyrir 130 á evru þá fer Seðlabankinn að kaupa evrur,” segir Aliber. Hann segir að Íslendingar glími við grundvallarvandamál í hagfræði sem sé það að landið glími við tvenns konar markmið. Annars vegar sé verðbólga og hins vegar gengismarkmið. En þrátt fyrir tvö markmið sé bara eitt töl til að fást við það. „Það eru stýrivextir,” segir Aliber. Hann bætir því við að mögulega geti bindiskylda verið annað töl fyrir Seðlabankann.

Taldi kranana aftur

Segja má að Aliber sé þekktur um allan heim fyrir að hafa spáð hruni

„Íslendingar eru fámenn þjóð og vegna smæðarinnar og einstakra útflutningsgreina er mikilvægt að hafa eigin gjaldmiðil.

íslensks efnahagslífs mánuðum áður en það raungerðist. Frægust er sagan af því þegar hann kom hingað til lands, taldi byggingarkranana sem hann sá og fullyrta að þetta ástand gæti ekki verið viðvarandi.

Aliber hefur sagt að ríkisstjórn Geirs Haarde hafi ekki borið neitt skynbragð á það sem gerðist á mörkuðum á árunum 2007 og 2008. Ríkisstjórnin virtist hafa verið stolt af fifdirfsku íslensku bankamannanna og tekið vel í þá hugmynd að gera Ísland að alþjóð-

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

Ævintýraferð
Róður á kajak er
skemmtileg leið til
að skoða landið.
SÍÐA 2



Game of Thrones
Búningahönnuðurinn
Michele Clapton hefur
hannað búninga fyrir
allar fimm þáttaraðir
Game of Thrones.
SÍÐA 4



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.



<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari >



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Amerísk
gæðavara

Amerísk
gæðavara



KÝÓTÓ „Það sem er skemmtilegt við Kýótó er að þar má finna „gamla“ Japan, sem getur reynst erfitt í borgum eins og Tókýó,” segir Sölvi.

NORDICPHOTOS/GETTY

GAMLA JAPAN

UPPÁHALDSBORGIN Sölvi Tryggvason fjölmiðlamaður hefur ferðast víða um heim undanfarin ár. Þó að hver staður og borg hafi sinn sjarma stendur japanska borgin Kýótó upp úr þegar hann er inntur eftir uppáhaldsborginni.

HVER ER UPPÁHALDSBORGIN ÞÍN?

Að velja uppáhaldsborgina mína er dálítið eins og að velja uppáhaldslag eða bíómynd. Það er af svo mörgu að taka að mjög erfitt er að velja einhverja eina. Beirút og Istanbúl komu til greina, en ég verð að setja Kýótó í Japan efst á listann.

AF HVERJU?

Borgin og næsta nágrenni hennar skarta hvorki meira né minna en 17 stöðum á Heimsminjaskrá UNESCO. Hvergi í heiminum eru svo margir slíkir staðir á jafn litlu svæði. Aldagömul hof, hallir og steinagarðar eru konfekt fyrir augu. Borgin er gríðarlega hrein og öllu vel við haldið. Matarmenningin er þannig að það er nánast upplifun í hvert einasta skipti sem sest er að borðum. Glæpir eru hér um bil óþekktir og kurt-eisi og gestrisni í algjörum heimsklassa.

Allt þetta gerir borgina að stórkostlegum stað.

HVAR ER BEST AÐ BORÐA OG HVAÐ?

Í fimm ferðum til Kýótó í gegnum tíðina hef ég aldrei hitt á slæman veitingastað. En ef ég á að velja verður Tomizushi fyrir valinu. Ekta japanskur sushi-staður, falinn í hliðargötu, nálægt miðborg Kýótó. Alvöru matarupplifun.

BESTI BARINN?

Ég hef ekki verið mikið að þræða barina í Kýótó, en bæði með árbökkum Kamo og í Gion-hverfinu er fullt af litlum og skemmtilegum börum.

BESTA KAFFIHÚSIÐ?

Í Kýótó kann fólk gott að meta þegar kemur að kaffi. Um alla borg eru lítil persónuleg kaffihús, hvert með sinn eigin stíl. Erfitt að gera upp á milli, ▶



SÖLVI TRYGGVASON

PRO-STAMINUS

ÖFLUGT NÁTTÚRULEGT EFNI FYRIR KARLMENN

Pissar þú oft á
nóttunni?
Er bunan orðin
kraftlitil?



PRO-STAMINUS er spennandi nýjung sem er flyst og fremst actúð karlmönnum sem hafa einkenni göðkynja-stökkunar á blóðruhálskerli sem getur valdið vandredum við þvaglát.

www.gengurvel.is



PRO-STAMINUS fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum og heilsuhúllum stórumarkaða



REIKNADU
DÆMIÐ
á 365.is

365.is | Sími 1817

365



Ert þú að fara að grilla í sumar?

PRÓGASTRÓ góðgerlarnir:

- eru gall- og sýrupolnir
- geta stuðlað að minnkuðu ummáli maga
- virka við hægðatregðu og niðurgangi
- léttá á meltingunni
- vinna gegn kandida og sveppasýkingu



2 hylki fyrir
máltíð léttá
á meltingunni!

Prógastro DDS+3 er einn öflugasti
asídófilusinn á markaðnum!



www.gengurvel.is

Útsölastaðir: flest apótek, heilsuþúðir og verslanir

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndis Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429



Vélorf

Mikið úrval vélorfa - bensínmotor, rafmotor eða rafhlöðudrífín -

Makita

Reykjavík: Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500	Akureyri: Lónsbakka 601 Akureyri Sími 568-1555	Vefsíða: www.thor.is	Opunartími: Opíð alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00 Lokað um helgar
--	--	--------------------------------	--

PÓR

Verum
þjóðleg
til hátíðabrigða



Gullkistan

Frakkastíg 10 | Sími 551 3160 | gullkistan@vortex.is | www.thjodbuningasillfur.is

NÁTTÚRULEGT VERKJAGEL



SORE NO MORE
Natural Pain Relieving Gel

Öflug hita- og kæli-meðferð

SORE NO MORE
Natural Pain Relieving Gel

WARM THERAPY

Fæst í Fjarðarkaup og flestum apótekum og heilsubúðum



FRÁBÆR UPPLIFUN Það jafnast fátt á við að skoða landið á kajak í fallegu veðri og útsýnið er oft stórkostlegt.

MYND/ÚR EINKASAFNI

ÓLÍK SÝN Á LANDIÐ

ÆVINTÝRI Á KAJAK Róður á kajak er skemmtileg leið til að skoða landið. Hægt er að leigja þá víða og þeir henta vel fyrir fólk á öllum aldri.

Sífelld fleiri Íslendingar sigla um á kajak í frístundum enda henta kajaksiglingar fólk á öllum aldri. Einn þeirra sem hafa stundað slíkar siglingar í langan tíma er Ísfirðingurinn Rúnar Karlsson en hann smíðaði fyrsta kajakinn sinn veturinn 1994-1995 og reri sína fyrstu ferð um Breiðafjörð sumarið 1995. „Fyrsta ferðin mín tók 3-4 daga og þar lentum við í ýmsum ævintýrum, urðum meðal annars veðurtepptir og lentum í alls konar veseni. Ferðin var þó góð og ég hef varla stoppað síðan.“

Á þessum árum stunduðu ekki margir Íslendingar kajaksiglingar en þeim hefur fjölgað jafnt og þétt síðan þá. „Það eru svo margir kostir við að ferðast um á kajak. Það er hægt að skella honum á topp bílsins og róa út frá ótal stöðum kringum landið. Einnig er hægt að ferðast með mikinn farangur. Þannig er til dæmis hægt að skella lambalærinu með og rauðvínsflöskunni sem er meira mál ef farið er í gönguferðir. Fyrst og fremst er það þó nálægðin við náttúruna sem stendur upp úr og hvernig maður kynnist landinu sínu frá öðru sjónarhorni. Ekki má gleyma fjölbreyttu dýralífi en á kajakferðum kemst maður í nánd við til dæmis fugla, seli og hvali sem er mjög skemmtileg upplifun.“

Þeir sem vilja kynnast kajaksiglinum geta leigt þá víða um land eða keypt styttri ferðir. „Það þarf ekki mikla þjálfun fyrir kajak en þó er betra að fólk sé í þökkalegu formi. Það er a.m.k. ekki skynsamlegt að stökkva beint í nokkurra daga ferð án þess að læra grunntökin fyrst. En á góðum degi getur hver sem er tekið snúning á kajak og haft gaman af.“

Rúnar á marga uppáhaldsstaði en Vestfirðirnir skipa eðlilega stóran sess. „Ísafjarðardjúp, Hornstrandir og Jökulfirðir eru mjög fallegir. Ekki má gleyma Breiðafirði og Austfjörðum en þar er gaman að róa. Flestir kajakeigendur búa á suðvesturhorni landsins og sigla út frá Reykjanesi og í vogum og víkum við Reykjavík.“

Auk fyrrgreindra staða hefur Rúnar einnig farið í nokkrar ferðir til austurstrandar Grænlands og siglt þar um á kajak.

► en ef ég nefni eitt væri það upprunalega „Inoda coffee“ kaffihúsið, sem hefur verið á sama horninu síðan 1940. Þar öðlast orðið „uppáhelling“ nýja merkingu.

BEST AÐ VERSLA?

Á leiðinni suður af Kamo í átt að Kyomishu-hofinu eru fjölmargar skemmtilegar litlar verslanir með sinn eigin stíl. Þar er hægt að fá hluti sem hvergi fást annars staðar.

BESTI STAÐURINN TIL AÐ SLAKA Á?

Við bakka Kamo-árinna er reglulega gott að sitja og slaka á í sólsetrinu. Annaðhvort einn með fuglasöng og árnið, eða miðsvæðis, þar sem má virða fyrir sér mannlífið í leiðinni.

UPPÁHALDSSTAÐUR Í BORGinni?

Fjallshlíðarnar suður af Kamo-ánni eru sá staður sem ég held hvað mest upp á. Þar eru fjölmargar gríðarlega fallegar aldagamlar byggingar og skemmtilegar gönguleiðir með frábæru útsýni yfir borgina.

LEYNDAR PERLUR?

Leyndu perlurnar eru einmitt það. Leyndar. Þess vegna get ég ekki fyrir mitt litla líf munað nöfnin á



HIN HLIÐIN Nýir fossar, víkur og klettur uppgötvast þegar róíð er fyrir landi á kajak.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Ýmislegt stendur upp úr eftir 20 árin á kajak. „Í fyrra fórum við til dæmis í mjög skemmtilega ferð um Ísafjarðardjúp. Þar lentum við í svakalegri hvalasýningu þar sem hnúfubakarnir voru buslandi í kringum okkur enda voru samferðamenn mínir yfir sig hrifnir. Fyrsta ferðin mín sem leiðsögumaður var líka frekar skrautleg. Þá tók ég að mér að fara með nokkra Bandaríkjamenn fyrir aðra ferðaskrifstofu. Hópurinn vildi endilega fara í maí en það er fullsnemmt að mínu mati enda oft snjóriður að sjó. Við lögðum af stað þrátt fyrir tvísýna veðurspá en enduðum á því að kúra inni í tjaldi í þrjá daga enda lítið hægt að gera. Það snjóaði meira að segja á okkur, en þeir voru samt mjög ánægðir enda mikil upplifun.“



HOF OG HALLIR Í fjallshlíðum kringum Kýótó eru margar fallegar aldagamlar byggingar og skemmtilegar gönguleiðir.

þeim, þar sem þær finnast í hliðargötum og allar merkingar eru á japönsku og jafnvel Google á erfitt með að ná í þær. En það er öruggt að þú finnur alls kyns leyndar perlur í Kýótó.

HVERNIG ERU ÍBÚAR?

Íbúarnir eru mjög kurteisir og gestrisnir eins og Japana er von og vísa. Það sem er skemmtilegt við Kýótó er að þar má finna „gamla“ Japan, sem getur reynst erfitt í borgum eins og Tókýó. Hvergi hef ég séð jafn mikið af fólki yfir áttæðu sem tekur fullan þátt í samfélaginu.

DEKKVERK

Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ

Sími: 578 7474 www.dekkverk.is

Opnunartímar: Opið alla daga 10-19

Helgaropnun Sunnudaga og Laugardaga 10-19

MEGA BREMSUVIKA 40%

AF ÖLLUM BREMSUVIÐGERÐUM FRÁ 18. - 25. JÚNÍ
KEMUR MEÐ VARAHLUTINA EÐA KAUPIR ÞÁ HJÁ OKKUR SKIPTIR ENGU
HRINGDU OG PANTAÐU TÍMA Í SÍMA 578-7474

KYNNINGARTILBOÐ

Stærð	Mynstur	Fullt verð	Tilboðsverð á dekkverk.is	KYNNINGAR- TILBOÐ	
<u>175</u>	65 14	SW618	64.460 kr.	53.500 kr.	46.000 kr.
<u>195</u>	65 15	SW618	73.460 kr.	59.500 kr.	51.000 kr.
<u>205</u>	70 15	SW618	97.100 kr.	79.500 kr.	68.000 kr.
<u>205</u>	55 16	SW618	93.960 kr.	77.000 kr.	94.000 kr.
<u>215</u>	60 17	SW658	142.460 kr.	102.500 kr.	89.000 kr.
<u>225</u>	45 17	SW658	130.100 kr.	105.500 kr.	91.000 kr.
<u>235</u>	65 17	SW658	162.100 kr.	131.500 kr.	113.000 kr.

Nýtt mynstur komið í hús SW658 og SW618 • Sjá mynstur og fleiri dekkjaverð á www.dekkverk.is

Verð geta breyst með litlum eða engum fyrirvara, athugið að prent- eða insláttarvillur geta verið í tilboðum.

WEST LAKE®

PERFORMANCE TYRES



OptiBac
probiotics

Flaturlagi á sjö dögum
One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.

OptiBac probiotics
One week flat

„Ég mæli með því að nota vandaða meltingargerla eins og frá OptiBac Probiotics til að viðhalda heilbrigðri meltingu og bæta almenna heilsu.“

Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.

Fæst í apótekum og heilsubúðum



DAENERYS
Daenerys Targaryen hefur breytt um stíl síðan hún varð drottning yfir Meereen. Áður voru kjólar hennar bláir en nú klæðist hún helst hvítu og gráu til að gefa tilfinningu fyrir valdi, ósnertanleika og ódauðleika. Kjöll úr smíðju Louis Vuitton þykir endurspegla vel þessa hugmynd.

TÍSKAN Í GOT

GAME OF THRONES Búningahönnuðurinn Michele Clapton hefur hannað búninga fyrir allar fimm þáttaraðir Game of Thrones. Í nýjustu línum sumra tískuhönnuða er að finna föt sem færu persónum þáttanna ágætlega ef þær stigu inn í raunveruleikann.

Michele Clapton er frá Englandi og hefur unnið við búningahönnun fyrir kvikmyndir og sjónvarp. Mesta athygli hefur hún þó vakið fyrir búninga í framhaldspætti sem gerast á vissum tímabilum. Þar má nefna Sense & Sensibility, The Devil's Whore og The Diary of Anne Frank. Langfrægust er hún þó fyrir að vera aðalbúningahönnuður Game of Thrones í fimm seríur. Reyndar hefur hún gefið út að hún muni ekki hanna búninga fyrir þá sjöttu en telur sig hafa lagt línurnar fyrir útlitið í öllum konungdæmunum sjö. Clapton hefur unnið til verðlauna fyrir framlag



MICHELE CLAPTON

sitt í GOT. Hún hefur nokkrum sinnum verið tilnefnd til Emmy-verðlauna en hlaut verðlaunin árið 2012 fyrir seríu 2 og árið 2014 fyrir seríu 4. Búningarnir skipta miklu máli fyrir heildarmynd GOT. Í tilefni af lokabætti fimmtu þáttaraðar GOT sem sýndur var í vikunni tóku blaðamenn hjá Style.com sig til og fundu nýlega hönnun sem dregur dóm af hönnun GOT.



CERSEI LANNISTER Eftir dauða Joffreys konungs klæddist Cersei svörtu. Kjöll úr smíðju Sophie Theallet kemst nálægt því að endurspegla valdsmannslegan glæsileika drottningarinnar.



SANSA STARK Í fimmtu þáttaraðinni er Sansa iðulega dökkklædd með litadökkt háir enda fer hún huldu höfði. Klæðnaðurinn er nokkuð frábrugðinn glæsiklæðunum sem hún klæddist í King's Landing. Hjá The Row er að finna klæði sem minna um margt á klæði Sönsu frá þessu tímabili.

Svefnvandi, kvíði, depurð

MAGNOLIA OFFICINALIS

Börkur af plöntunni **MAGNOLIA OFFICINALIS**, sem vex í fjallahéruðum Kína, hefur verið notaður við svefnvandamálum, kvíða og þunglyndi í yfir 2000 ár í Asíu.

- Heilbrigður svefn
- Upphaf svefns
- Samfelldur svefn
- Þunglyndi og kvíði

„Hjálpur þér að losna úr vítahringnum og ná stjórn á svefninum“
Dr. Michael Breus
www.thesleepdoctor.com



Heilbrigður svefn

Fánlegt í nær öllum apótekum landsins, Heilsuhúsið, Hagkaup, Fjarðarkaup, Orkusetrið, Lifandi Markaður, Heilsuver, Heilsuhornið Blómaval, Heilsulausn.is og Heimkaup

BALSAM

REIKNADU DÆMIÐ á 365.is

365.is | Sími 1817 **365**



Fjöldmörg tækifæri leynast í íslensku hráefni. Nemendur í vöruhönnun við LHÍ hafa undanfarin ár átt stefnumót við íslenska bændur og síðustu tvö ár unnið spennandi verkefni í samvinnu við Skógrækt Reykjavíkur. MYNDIR/LHI

Hönnuðir nýta íslenskt hráefni

Nemendur í vöruhönnun við Listaháskóla Íslands hafa undanfarin ár leitað fanga í íslensku hráefni og framleiðslu. Í verkefnum Stefnumót hönnuða og bænda hafa meðal annars orðið til rabarbarakaramella og skyrkonfekt fyrir markað. Þá hefur samstarf við Skógræktarfélag Reykjavíkur getið af sér spennandi hugmyndir í verkefni sem kallast Wood-You.

Verkefnið Wood-You er grunnvinna í lestri á hráefni en búist er við því að hægt verði að nota skóg á Íslandi sem nytjaskóg eftir um það bil tíu ár,“ segir Garðar Eyjólfsson, fagstjóri vöruhönnunardeildar við Listaháskóla Íslands.

Nemendur í vöruhönnun hafa undanfarin ár unnið í samstarfi við íslenska framleiðendur að nýsköpun úr íslensku hráefni og í samvinnu við bændur urðu meðal annars til rabarbarakaramella og skyrkonfekt. Í verkefnum Wood-You vinna nemendur með Skógrækt Reykjavíkur.

„Fyrstu sex vikurnar rannsaka nemendur og kortleggja möguleika hráefnisins á staðnum, í Heiðmörk. Þá tekur við þriggja vikna úrvinnsla í samvinnu við framleiðslufyrirtæki, út frá verkferlum og þeim tólum og tækjum sem til eru en verkefnið snýst um að samþætta staðbundin hráefni og staðbundna framleiðslu. Kúrsinum lýkur á kynningu þar sem rannsókninni, hugmyndinni og vör- unni er pakkað inn.“

Garðar segir margs konar spennandi möguleika liggja í íslensku hráefni og samstarfið við Skógræktina hafi gengið vel.

„Fólk er mjög opið fyrir hugmyndum hjá Skógræktinni og þar er í undirbúningi að geta frumunnið efniviðinn hraðar og betur á staðnum. Það er komin meiri alvara í hlutina finnst mér,“ segir Garðar. „Möguleikarnir eru svo ótal margir ef lagt er í rannsóknarvinnu. Það er hægt að gera svo margt með skóg annað en að höggva hann niður eða kurla. Til dæmis í tengslum við heilbrigðisgeirann og í alls konar iðnaði. Næst hugsum við okkur að velja jafn- vel bara eina viðartegund eða plöntu til að vinna með.“

Nánar má forvitnast um verkefnið á www.wood-you.com.

Úr heilsubrunni íslenskrar náttúru



Sæktu styrk í íslenska náttúru



SagaPro
færri salernisferðir



SagaMemo
fyrir minnið



Angelica
fyrir aukna orku



Voxis
fyrir sáran háls

SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

Engar töskur eins

Textílhönnuðurinn Erla Dís Arnardóttir hannar töskur undir eigin nafni og býr þær til frá grunni. Hún vefur efnin í töskurnar í vefstól og fóðrar með eigin munstrum. Munstrin eru ýmist silkiprentuð eða stafrænt prentuð á textíl. Engar tvær töskur eru eins og liggur mikil vinna á bak við hverja fyrir sig.

Erla kennir textíl í Háaleitisskóla en situr þess á milli við vefstólinn á vinnustofu sinni að Lindargötu og vefur töskur. Hún teiknar jafnframt munstur og selur í römmum. Þau eru litrík og fara vel á vegg. Sams konar munstur silkiþrykkir hún eða prentar stafrænt á efni og notar sem fóður í töskurnar. Í þeim mætast að hennar sögn áhrif frá íslenskri náttúru og frá borgarlífinu í Reykjavík.

„Ég hef alltaf teiknað mjög mikið. Í þessari vinnu byrjaði ég á því að taka ljósmyndir og túlkaði þær í teikningum sem ég útfærði svo við vefstólinn. Ég ætlaði ekki endilega að gera töskur en fannst efniviðurinn bjóða upp á það.“

Teikningarnar eru að sögn Erlu mjög lífrænar og í gegnum þær má greina fíngerða þræði. „Í teikningunum legg ég mikið upp úr litum og flæði en í silkiprentinu eru munstrin ögn formfastari.“

Erla gerir töskurnar frá grunni og er allur frágangur í hennar höndum. Þær eru til í þremur mismunandi útgáfum; tvær minni í lófa og ein stærri með loki. Engar tvær eru þó eins. „Sumar þeirra bróðera ég enda blundar í mér útsaamsnörd,“ segir Erla og hlær.

Hún er með vinnustofu að Lindargötu 66 ásamt nokkrum öðrum textílhönnuðum og eru þær með opið alla fimmtudaga frá 14 til 21 „Hingað getur fólk komið og valið sér fóður og efni sem ég vona að það kunni að meta. Sjálf legg ég upp úr því að kaupa mér færri og vandaðri hluti og þannig hluti legg ég upp með að búa til.“



Erla Dís gerir töskurnar frá grunni og er allur frágangur í hennar höndum.

MYNÐVERNIR



Erla vefur töskurnar og fóðrar með eigin munstri.

Á lambakjötið

Kryddin frá okkur eru ómissandi í eldhúsið hjá ykkur





VARMA

The Warmth of Iceland

WWW.VARMA.IS

 [FACEBOOK.COM/VARMAICELAND](https://www.facebook.com/varmaiceland)

ÞARI NÝTTUR TIL ÁTU

Í gegnum aldirnar hafa Íslendingar nýtt nokkrar tegundir af þara til matar. Neyslan var þó mest bundin við hallæri fyrir utan tvær tegundir sem nýttar voru utan þess, söli og fjörugrös. Af þessu þaraáti tíðkast aðeins sölváat í dag. Söl voru mikið nýtt hér á landi áður fyrr og eru einnig alþjóðlega þekkt neysluvara.

Fjörugrös voru mikið nýtt hér á landi. Líklegt er talið að notkun fjörugrasa og sölvu hafi borist hingað með keltneskum formæðrum okkar. Fjörugrös eru þekkt neysluvara víða erlendis og er þeim meðal annars safnað enn í dag á Írlandi.

Marinkjarni var mikið nýttur hér á landi í harðindum og var talinn bestur til mannelis af sæþörungum. Marinkjarni er þekktur á Bretlandseyjum og víðar á Vesturlöndum undir nafninu ætipari (e. edible kelp). Hann er náskyldur Kyrrahafstegundinni Undaria pinnatifida sem á japönsku heitir „wakame“ og marinkjarninn er gjarnan seldur á Vesturlöndum undir þessu nafni.

Heimild: Íslensk hollusta



STYRK STÖÐ

Saltfiskurinn hefur lengi verið ein styrkasta stoð í efnahagssögu þjóðarinnar og um leið ein helsta útflutningsafurð hennar frá miðri 18. öld. Rekja má saltfiskverkun og útflutning hans til 15. og 16. aldar hérlendis en þurrkun hans hófst þó ekki fyrr en á 17. öld.

Saltfiskverkun tók hins vegar stóran kipp á seinni hluta 18. aldar en á þeim tíma leystu þilskipin árabátana af hólmi og um leið varð saltfiskurinn helsta útflutningsafurð okkar Íslendinga. Áður höfðu vaðmál og skreið verið helsta undirstaða utanríkisverslunarinnar.

Þegar togarar komu til sögunnar má segja að saltfiskverkun hafi í raun orðið stóriðja og frá þeim tíma skipt mjög miklu máli fyrir efnahagslega afkomu Íslendinga.

Íslenski saltfiskurinn varð fljótt þekktur víða fyrir úrvals gæði og þá sérstaklega Bíldudalssaltfiskurinn. Fyrir vikið varð hann eftirsóttur víða um heim og gekk vel að selja hann víða, þrátt fyrir mikla samkeppni á þessum markaði.

Þrátt fyrir mikilvægi saltfisksins og óumdeild gæði hans hefur neysla hans hér á landi verið hófleg undanfarin ár en yngri kynslóðin er þó farin að elda hann í meiri mæli og á mun fjölbreyttari hátt en foreldrarir.

Saltfisksetur Íslands í Grindavík er áhugaverður viðkomustaður fyrir þá sem vilja kynna sér sögu saltfisksins og hvernig hann er samofinn sögu þjóðarinnar. Þar er saga saltfiskverkunar frá upphafi rakin í tímaröð til þeirra daga er véltækni leysir mannshöndina af hómi.

Heimild: www.ferlir.is.



NÝTT

PRÓFAÐU NÝTT KORNKEX FRÁ FRÓN MEÐ ÍSLENSKUM OSTI OG GRÆNMETI

Kornkex er einstaklega ljúffengt kex sem inniheldur blöndu af graskers-, sólblóma-, og sesamfræjum. Kornkex er trefjaríkt og er bakað úr 100% heilkornahveiti.

10,3 g TREFJAR



Frón kemur við sögu á hverjum degi...

www.fronkex.is

Í BETRA JAFNVÆGI OG SEFUR MIKLU BETUR MEÐ MELISSA

ICECARE KYNNIR *Melissa Dream-töflurnar fá þig til að sofa betur. Þetta er ekki lyf heldur náttúruleg vítamín og jurtir.*

Svefntruflanir geta stuðlað að vanlíðan. Við búum í hröðu og erilsömu samfélagi sem veldur því að svefntruflanir eru gríðarlega algengar. Ef þú færð ekki nægan svefn geturðu fengið bauga undir augun, húðin orðið fól og einnig getur það valdið þyngdaraukn-

ingu þar sem þú eykur framleiðslu á hormónum sem kalla fram hungurtilfinningu.

LAUS VIÐ FÓTAÓEIRÐ


Sigríður Helgadóttir fór að nota Melissa Dream þegar hún var búin að eiga nokkrar andvökunætur vegna fótaóeirðar sem truflaði svefn hennar. „Fótaóeirðin var mjög óþægileg og hélt fyrir mér vöku en ég er ekki vön að vera andvaka. Ég fór að leita mér ráða. Þá sá ég reynslusögur í blöðunum um Melissa Dream. Ég fór að lesa mér til um vöruna og ákvað að prófa, því það sakaði ekki að reyna.“

Sigríður tekur tvær töflur klukkutíma fyrir svefn þegar henni finnst hún þurfa á því að halda. „Þá næ ég að sofna fljótlega og svo finn ég ekki fyrir þessum fótapirringi. Það sem mér finnst líka æðislegt við þessar töflur er að þær eru náttúrulegar og hafa engin eftirköst þegar maður vaknar. Ég þarf ekki að taka þær á hverju kvöldi en mér finnst ég ná að slaka svo vel á þegar ég tek þær.“

Ég er mjög ánægð með Melissa Dream og ég mæli með því fyrir alla sem eiga erfitt með svefn.“

SOFÐU BETUR MEÐ MELISSA DREAM

- Vísindalega samsettar náttúruvörur.
- Aðstoða þig við að sofa betur og vakna endurnærð/ur.
- Innihalda ekki sljógandi efni.
- Innihalda náttúrulegu aminosýruna L-theanine, sem hjálpar til við slökun.
- Innihalda B-vítamín sem stuðla að eðlilegri taugastarfsemi.



FLJÓT AÐ SOFNA Sigríður slakar vel á og sefur betur þegar hún tekur Melissa Dream enda laus við fótaóeirð þegar hún tekur töflurnar.

MYND/ERNIR

- Innihalda mikið magnesíum, sem stuðlar að eðlilegri vöðvastarfsemi og dregur þar með úr óþægindum í fótum og handleggjum.

ÁTTU ERFITT MEÐ AÐ LÉTTA ÞIG?

Fita er ekki bara bundin við maga, rass og læri. Hún getur einnig sest innan í líffærin og fita í lifrinni getur haft slæm áhrif á líðanina.



Starfsemi lifrarinnar hefur mikið að segja um líkamlegt heilbrigði og hefur lifrin mikla þýðingu fyrir efnaskiptin. Það geta verið margar ástæður fyrir því að fita safnast upp í lifr-

inni. Það getur verið vegna áfengisneyslu en það getur einnig verið vandamál hjá fólki í yfirþyngd. Þreyta og þróttleysi geta verið merki um að mikið álag sé á lifrinni.

NÝTUR ÞÚ LÍFSINS OF MIKIÐ?

Þegar lífinu er lifað til fulls er auðvelt að finna fyrir því og það sést á fólki. Nú má fá hjálp til þess að minnka það að sögn Ólafar Rúnar Tryggvadóttur, framkvæmdastjóra hjá Icecare. „Active Liver styður við niðurbrot fitunnar í þörmunum, bætir meltinguna og stuðlar að eðlilegri lifrarástæðu. Dagsdaglega leiðir fólk almennt ekki hugann að lifrinni. Hún gegnir þó mikilvægu hlutverki varðandi efnaskipti og niðurbrot á fitu. Of mikið af kolvetnum, of mikið áfengi og feitur matur valda of miklu álagi á starfsemi lifrarinnar og gallsins.“

„Matur sem neytt er nú á dögum inniheldur meira af kolvetnum en matur sem forfeður okkar neyttu. Við erum ekki vön þeim. Of stór skammtur af kolvetnum miðað við prótein gerir lifrinni erfitt að viðhalda eðlilegum efnaskiptum og niðurbroti á fitu. Sem betur fer eru það ekki einungis

prótein sem geta örvað lifrarástæðu,“ útskýrir Ólöf.

LEYNDARMÁLIÐ UM ACTIVE LIVER

Active Liver inniheldur náttúrulegt jurtapýkkni, sem er þekkt fyrir að örva virkni lifrarinnar og gallsins, og efnið kólín, sem er mikilvægt fyrir fitubrenslu og hjálpar til við að minnka fitu sem getur safnast fyrir í lifrinni.



BIO-KULT CANDÉA BREYTTI LÍFINU

Bio-Kult Candéa er öflug vörn gegn Candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla.

Kolbrún Hlín Hlökkversdóttir var gjörn á að fá sveppasýkingar. Hún var mjög viðkvæm og fékk kláða og óþægindi ef hún notaði dömbindi eða túrtappa. „Ég varð himinlifandi þegar ég áttaði mig á því að ég fékk ekki kláða og pírting þegar ég var á sýklalyfjakúr, blæðingum eða eftir samfarir eins og ég var vön, og það eina sem ég hafði breytt út af vananum með var að nota hylkin frá Bio-Kult Candéa,“ segir Kolbrún. „Venjulega, þegar ég hef verið á sýklalyfjakúr, hef ég tekið inn margfalda skammta af mjólkursýrugerlum (acidophilus), en það virkar miklu betur fyrir mig að nota Bio-Kult Candéa-hylkin. Eftir að ég kynntist Bio-Kult Candéa hef ég ekki notað neina aðra mjólkursýrugerla þar sem það virkar langbest fyrir mig. Ég er mjög ánægð með árangurinn af Bio-Kult Candéa.“



ÁNÆGÐ MEÐ ÁRANGURINN Kolbrún fær ekki sveppasýkingar eftir að hún fór að nota Bio-Kult Candéa.

ÝMIS HÚDVANDAMÁL.

- Vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum.
- Öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract.
- Hentar vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn.

BIO-KULT CANDÉA

- Virkar sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi. Candida-sveppasýking getur komið fram sem fæðuóþol, pírtingur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, migreni eða



- Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar.

• Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.

SÖLUSTADIR OG UPPLÝSINGAR

Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is

BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Toyota Rav4 VX 10/2014 ek.11þús. Sjalfskiptur. Leður. Toppluga. Ásett verð 6.590.000.- Rnr.311285



BMW 520 Diesel 1/2012 ek.60þús. Sjalfskiptur. Toppluga. Leður. Bakkmyndavél. Ásett verð 6.990.000.- Rnr.287464

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



NÝ HJÓLHÝSI 2015

Niewiadow hjólhýsin hafa verið fráber og traustur ferðafélagi Íslendinga í áratugi! Frábært verð á nýjum hjólhýsum aðeins 2.490þ.!!! Skipti möguleg. Allt að 80% lán mögulegt. Rnr.126608. Erum með hjólhýsin á staðnum tilbúin til afhendingar. Til sýnis og sölu á Bílalíf s:562-1717.

Bílalíf
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Tabbert Davinci 460 árg 2014 með tveimur rúmum, hentugt fyrir slyddujappa, v. 4480 þús skipti á ód,raðn.121957 vantar hjólhýsi og húsbíla á svæðið, vaxandi sala.



Ford Transit árg 2006 Hobby 600 yfirbygging ek 27 þ km sella.markísa, hjólagrind, tv, cd, bakkmyndavél, einn með öllu, einstaklega vel með farinn bíll, er til sýnis á plani. raðn.122029,

Ferðavagnamarkaður
Breiðhöfði, 110 Reykjavík
Sími: 659 2452
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.
www.ferdavagnamarkadur.is



MERCEDEN-BENZ S 400 hybrid. Árgerð 2010, ekinn 82 PKM, bensín/ rafmagn. Vel útbúinn bíll. Sjón er sögu ríkari. Verð 11.990.000. Rnr.161499.

ASKJA notaðir bílar
Klettháls 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



KRÓKUR

Við flýttum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net



ALLT AÐ MILLJÓN KRÓNA
AFSLÁTTUR Á NÝJUM
SYNINGARHJÓLUM. Ýmsar gerðir til t.d GSX 1250, GSX-R750, VZR1800, VZ800 og fl. EKKI MISSA AF PESSU!

SUZUKI UMBODIÐ EHF
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



Palomino Colt 6/2006 - Fortjald með dúk - Svefntjöld x2 - Grjótgrind - Ný rafgeymir - Ný pólýhúðud trappa og felgur - Upphækkað - Lækkað verð úr 1090 þús - Tilboðsverð 990 þús - Er á staðnum raðnr 192056.



Rockwood Freedom 190 XR Rafmagns upplýfting - Sólarsetla - Fortjald - Ísskápur - Truma - Geymslupallur á beisli - Ásett verð 1690 þús - Tilboðsverð 1390 þús - Er á staðnum raðnr 118976.

100 bílar ehf
í miðbæ Mosfellsbæjar, 270
Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.
www.100bilar.is

Bílar til sölu



Volvo XC90 árg ,03, 7 manna, ek. 144.000 millur. Sjalfskiptur, bensín, leður, dráttarkúla. Verð 1.690.000. Uppl. í s. 864 5321.

250-499 þús.



SPARIBAUKUR - TILBOÐ 450 ÞÚS!

Hyundai Getz árg 2003, ek.121 þús, ný tímareim, beinskiptur, 5 dyra, dráttarkr., skoðaður 16, góður bíll sem eyðir litlu, ásett verð 550 þús TILBOÐ 450 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

500-999 þús.



FRÁBER FJÓLSK. BÍLL. TILBOÐ 590 ÞÚS

FORD FOCUS C-MAX 2004 ek.148 þús, ný skoðaður 16, ný kúpling, ný dekk ofl.dráttarkrókur, rúmgöður og skemtilegur fjölskyldubíll ásett verð 850 þús TILBOÐ 590 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955



4X4 SJÁFSKIPTUR

MMC Outlander 2.4 árg ,06 ssk, 4x4. Ek 150þús km. Skoðaður. Mjög heill og fallegur bíll. Ásett verð 1.190þús. TILBOÐSVERÐ AÐEINS 890þús. Allt að 100% vísalán í boði. Uppl í s:659-9696



DÍSEL SPARIGRÍS !

Peugeot 207 1.4 Dísel. árg ,07, ek 134þús km. nýleg tímareim. ný sk. góð dekk. 5dyra. eyðir ca 4-5L/100km. Ásett v:1.390þús. Tilboðsverð 890þús stgr. möguleiki á vísalán eða bílaláni. uppl í s:659-9696



Opel corsa 1.2 árg ,06 ek aðeins 55þús km. skoðaður. góð dekk. einn eigandi frá upphafi. smurbók. 5dyra. híti í sætum. bsk. virkilega heill og góður bíll sem að eyðir litlu. Tilboðsverð aðeins 890þús. vísalán í boði. uppl í s:659-9696



TILBOÐSVERÐ AÐEINS 690ÞÚS !

Subaru Impresia station 2.0 árg ,04 ek 176þús km. Sjalfskiptur. Ný skoðaður ,16. Ný heilsársdekk. Smurbók frá upphafi. Ásett v:890þús. Tilboðsverð aðeins 690þús. Möguleiki á allt að 100% vísaláni. Uppl í s:659-9696

1-2 milljónir



DÍSEL OCTAVIA !

Skoda Octavia 2.0 dísel. árg ,06, ek 172þús km. skoðaður. beinskiptur. mjög eyðslugrannur og flottur bíll. góð dekk. filmur. ásett verð 1.490þús. Tilboðsverð aðeins 1.190þús. möguleiki á vísaláni. uppl í s:659-9696

Bílar óskast



STADGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 500 þús. staðgreitt! Peir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.



Vörubílar - Kranabílar Sandur - Mold Jarðvinna Sími 577 5400

Vélsleðar



Rafgeymar og hleðslutæki fyrir hjól og vélsleða
Nitro - Kirkjulundi 11-557 4848 - nitro.is

Hjólhýsi



Mjög vel með farið Niewiadow hjólhýsi með fortjaldi, árg ,06. Klósett, ísskápur, ofn. ofl. V. 1.100 þús. Uppl. í s. 5666441 eða 6918641

Fellihýsi



Bílaþjónusta



Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsöpun - skilti www.verktak.is S: 5514000

Hjóllarðar



FRÁBER DEKKJATILBOÐ

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir



Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.

JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA

Erum að rífa flestar teg. frá asú og evrópu árg. ,99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opíð 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgræin bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

ÁRATUGA REYNSLA

Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningþjónustan Ró ehf. s. 780 3939

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Garðyrkja



Garðþjónusta Íslands ehf www.garda.is Vönduð vinnubrögð Róbert S. 517 5900



Smávélaviðgerðir, víðgerðir á utanborðsmóturum: Garðsláttuvélar, sláttuor, sláttutraktorar, jarðvegsþjoppur, dælur, kerrusmíð, Gokart þjónusta, keðjusagur, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjis.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjömu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



ALHLIÐA VERKTAKAR

Smíða, málninga og múrvinna. Nýsmíði og viðgerðir. Stór sem og smá verkefni koma til greina. Uppl. í s. 846 7622

Nudd

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

KÓPAVOGSTÚN 3

NÝJAR OG GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR

FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI

AFHENDING
Í NÓVEMBER




**BÓKAÐU
SKOÐUN**

GSM 820 8103
dadi@101.is

VERÐDÆMI

Íbúð 101, 2 herb.


VERÐ: 34.500.000 KR.



VERÐDÆMI

Íbúð 305, 3 herb.

VERÐ: 41.500.000 KR.



VERÐLISTI

Nr.	Stærð	Herb.	Verð
101	83,2	2	34.500.000
102	84,4	3	35.500.000
103	66,2	2	26.900.000
104	98,3	3	39.900.000
105	79,7	2	33.900.000
201	91,7	3	37.900.000
202	83,1	3	35.900.000
203	65,6	2	28.500.000
204	97,1	3	39.900.000
205	94,3	3	40.900.000
301	92,1	3	38.900.000
302	87,1	3	37.900.000
303	64,9	2	28.900.000
304	97	3	40.500.000
305	95,4	3	41.500.000
401	93	3	39.900.000
402	84,7	3	37.900.000
403	64,9	2	29.900.000
404	97,1	3	42.900.000
405	92,9	3	42.900.000
501	91,2	3	40.900.000
502	85,7	3	39.900.000
503	66,6	2	29.900.000
504	99,4	3	
505	94	3	
601	130,6	3	74.900.000
602	139,5	4	

Verð glíða til 1. sept. 2015, með fyrirvara um penthúllur.

SELÐ

SELÐ

Sala er hafin á glæsilegum og vönduðum íbúðum við Kópavogstún 3 fyrir 60 ára og eldri. Íbúðirnar eru 27 talsins, 2ja–3ja herbergja í 6 hæða lyftuhúsi, flestar með stæði í bílageymslu. Staðsetning er mjög góð, veðursæld mikil og stutt í alla þjónustu s.s. sundlaug, banka, bókasafn ofl. Íbúðirnar verða

afhentar í nóvember 2015, fullbúnar með vönduðum sérsníðuðum innréttingum frá GKS. Flísar á salerni og þvottahúsgólfi en án annarra gólfefna.

Gert hefur verið ráð fyrir því að hægt sé að loka svölum. Traustur byggingaraðili.

101 REYKJAVÍK
FASTEIGNASALA

Sími 511 3101 / www.101.is
Löggiltur fasteignasali, Kristín Sigurey Sigurðardóttir

Nánari upplýsingar og bókanir fyrir skoðun veitir
Daði Hafþórsson sölustjóri hjá 101 Reykjavík
fasteignasölu í síma **820 8103** eða í **dadi@101.is**.



JÁVERK
www.javerk.is

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSID

Spásmátt Tarot leskur
og kristalkúla

Síma 566 7311

Tímarspantarnir í síma 8694650

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjörnuspa. Tarot. Ársspa.
Draumaráðningar, ást og peningar.
Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S.
663 0746.Bjóðum hagstætt verð í töfluskípti.
Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.
straumblik@gmail.comKEYPT
& SELT

Til sölu



SPARAÐU PÉR SPORIN!

Rafskutla á 4 hjólum, 50 km á hleðslu,
4 lítr, svalt útlit. Skemmtilegt og
virkilega þægilegt! V. 329 þús 783-
3003

Sálmaskrár

Nú getur þú útbúið sálmaskrá á
heimasíðu okkar www.samskipti.is
eða látið okkur gera hana fyrir þig.
S: 5807820 eða sendu fyrirspurn á
netfangið sala@samskipti.is

Óskast keypt

KAUPUM GULL -
JÓN & ÓSKARKaupum gull til að smíða úr.
Spörum gjaldeyri. Heiðarleg
viðskipti. Aðeins í verslun okkar
Laugavegi 61.Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.STAÐGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.isOpið mán - lau 11-17,
Kringlan - 3. hæð
(Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL
HÚSABYGGINGA.

SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni,
parket, útihurðir, ofl. Gæði á
góðu verði. Nýkomnar Eurotec
A2 harðviðarskrúfur. Penofin
harðviðarólía. Indus ehf, Óseyrarbraut
2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660
0230 og 561 1122.SKÓLAR &
NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014,
hjálpá við endurtökuþróf og
akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863
7493.

HEILSA

Nudd

NUDD
Nuddstofan, Opið virka daga 10-19 og
laugardaga 12-18 S. 855 3199Byð upp á heilnudd og slökun.
Afslappandi og gott umhverfi. Opið til
22 á kvöldin. 200 Kóp. S. 894 4817.

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með
Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir
pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698
8301 www.tantra-temple.com

Þjónusta

Dóra Dröfn Skúladóttir
hjúkrunarfræðingur hefur fært
samfarsmeðferðarstofuna sína að
Bolholti 6. Með áherslu á Hugræna
atferlismeðferð. Viðtalspantarnir alla
daga í S. 841-7010 & hamir@simnet.is.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smíðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a
room price from 55.000 kr. per
month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

TIL LEIGU Á AÐEINS
950 KR FM!129 - 280 fm bíl með allt
að 10 m lofthæð, stórar
innkerysluhurðir, góð malbikuð
lód, og greið aðkoma.

Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000

Geymsluhúsnæði

SUMARTILBOÐ

GEYMSLULAUSNIR.IS

Verð frá 2900kr.mán Sækjum og
sendum. S: 615-5005

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr
mán. Langtímasamningur í boði. S.
567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og
Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2.
Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

ATVINNA

Atvinna í boði

Óska eftir duglegum starfsmönnum
í hellulagnir og lóðafraðgang. Nánari
upplýsingar í síma 899-2962 milli kl.
16-19.

VÉLSTJÓRI ÓSKAST

3000hó vélstjóri óskast til afleysinga.
Umsóknir sendist á johann@bjorgun.is

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI,
MÚRARA EÐA
JÁRNABINDINGAMENN?Höfum á skrá menn sem óska
eftir mikilli vinnu. Geta hafið
störf nú þegar.Proventus starfsmannaþjónusta
- Proventus.is S. 782-8800

Viðskiptatækifæri

SNYRTIFRÆÐINGAR OG
NUDDARAR ATHUGIÐ!Langar þig að vinna sjálfstætt og
skapa þínar eigin tekjur. Snyrtri og
heilsustofa miðsvæðis í Reykjavík
er með laust herbergi til leigu.
Þægilegt og gott vinnuumhverfi.Nánari uppl. í s.7818709 eða á
mimosnudd@gmail.comBÍLALEIGA ÓSKAST TIL
KAUPS!Óska eftir að kaupa litla bílaleigu í
rekstri. Uppl. veitir Páll í s. 893 7429
eða pve@simnet.is

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heilt ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt fritt í s. 555-4321
Karlar auglýsa fritt, 535-9922Símadómur • Live spjall
908-6000 • 535-9999

atvinna

Þjónustufulltrúi óskast

Heilderslunin Keimur ehf. óskar eftir
starfsmanni til starfa sem fyrst.Starfshlutfall er u.þ.b. 50% vinnutími er mánud. - föstud.
frá kl. 10 – 14.

Fjölbreytt starf í góðu vinnuumhverfi.

Leitum að starfsmanni með reynslu af sölustörfum til
verslana.Hann/hún þarf að hafa jákvætt viðmót og hæfni í mann-
legum samskiptum, stundvís og geta unnið sjálfstætt.
Almenn tölvukunnátta.Áhugasömum er bent á að senda inn umsókn með mynd
á abs@keimur.is fyrir þriðjudaginn 23. júní nk.

40.000

fréttabyrstir
notendurSmelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu
blaðið hvar sem er og hvenær sem er.Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna
og snjallsímann með Fréttablaðsappinu.

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:

Download on the App Store | Download from Windows Store | Google play



fasteignir

JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI

534 1020

Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is

GOTT SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI



TIL SÖLU

Bíldshöfði 18, 110 Reykjavík
Skrifstofuhúsnæði, 2. hæð
Stærð 294,5 fm.
Verð 36,5 milljónir

Allar nánari upplýsingar veitir:



Ólafur Jóhannsson

Rekstrarfræðingur
Löggiltur leigumiðlari
Löggiltur fasteignasali534 1023 / 824 6703
olafur@jofur.isHúsnæðið skiptist í móttökurými, 8 lokaðar skrifstofur, fundarherbergi, opið vinnurými, eldhús, tvö
salerni og tvö tæknirými (annað með kælingu). Auðvelt er að nota húsnæðið sem tvær einingar þar
sem eldhús, fundarherbergi og salerni geta verið sameiginleg. Steinteppi og dúkur á gólfi. Kerfisloft
með lýsingu. Eignin selst veðbandalaus. Laust við kaupsamning.

FRÉTTABLAÐIÐ

HVAÐ ER GJALDMIÐLASTRÍÐ?

Það er kallað gjaldmiðlastríð þegar ríki keppast við að lækka virði síns eigin gjaldmiðils. Þegar verð gjaldmiðilsins lækkar, þá lækkar útflutningsverð vara frá viðkomandi ríki einnig. Aftur á móti verður dýrara að flytja vörur inn til viðkomandi lands. Þannig styður lágt gengi við eftirspurn eftir framleiðslu í viðkomandi ríki og framleiðsla getur aukist. Vandinn er hins vegar sá að við þessar aðstæður rýrnar kaupmáttur íbúa í viðkomandi ríki. Þetta getur einnig orðið til þess að önnur ríki svara í sömu mynt og það verður til þess að milliríkjavíðskipti dragast saman.

Umræðan um gjaldmiðlastríð hefur verið nokkuð áberandi í erlendum miðlum að undanförmu. Financial Times greindi frá því á föstudaginn að Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hefði aukið á ótta um að þjóðarleiðtogar væru að efna til gjaldmiðlastríða þegar hún sagði að styrking evrunnar hamlaði umbótum í ríkjum eins og á Spáni og Írlandi. Orð hennar höfðu samstundis áhrif á evruna og lækkaði hún um 0,9 prósent gagnvart dollaranum sama dag og orðin voru láttin falla. Fyrr þessa sömu viku bárust fréttir af því að Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, hefði lýst áhyggjum sínum af styrkingu dollarans. Forsetaskrifstofan í Hvíta húsinu neitaði því að Obama hefði látið ummælin falla.

legri fjármálamiðstöð. Hann tók þó jafnframt fram að Íslendingar þyrftu ekki að hafa neinar áhyggjur af framtíðarhorfum landsins.

Í dag horfir Aliber mun bjartari augum á hagkerfið eins og það blasir við. „Við hjónin fórum út á flóa til þess að skoða hvali og við gátum séð byggingarkranana. „Það eru margir kranar. Það er byggingabóla í Reykjavík, eins og það var árið 2007,“ segir Aliber. Hann segir þetta þó ekki valda sér sama hugarangri og það gerði þá. Á þeim tíma hafi líka verið fjárfestingarbóla sem hafi verið úr öllum tengslum við raunveruleikann. „Ég er ánægður með að hagkerfið er á réttri leið,“ segir hann.

Hrífandi uppgangur í ferðaþjónustu
Aliber segir að sá uppgangur sem verið hafi í ferðaþjónustu sé mjög hrífandi. „Það er eins og samtvinnun kreppunnar og eldgossins í Eyjafjallajökli hafi vakið fólk

til vitundar um það að Ísland er frábær staður til að heimsækja,“ segir Aliber. Þetta hafi orðið til þess að hér hafi tekið til starfa fleiri hótél og fleiri veitingastaðir. En hann segir að Ísland sé ekki lengur ódýr staður til að heimsækja. Máli sínu til stuðnings segist hann hafa farið út daginn áður og keypt sér ís fyrir 950 krónur. „Og það er dýrt,“ segir hann.

Aliber segir þó ferðaþjónustuna hafa tvo ókosti. Annars vegar þann að heimsóknir ferðamanna séu mjög árstíðabundnar og því séu fjárfestingar vegna ferðaþjónustunnar ónýttar hluta úr ári. Hinn ókosturinn sé sá að flest störfin í ferðaþjónustunni séu láglaunastörf. „Hér er mikið af útlendingum að vinna í ferðaþjónustunni. Í gær var til dæmis ung úkraínska kona að afgreiða mig,“ segir Aliber. Íslendingar þurfi því líka að byggja upp atvinnugreinir sem krefjast háskólamenntunar og þar sem góð laun eru í boði.

VARAR VIÐ EVRUNNI Þegar Aliber kom hingað til lands árið 2011 varaði hann við því að Íslendingar tækju upp evru. Hann er enn þeirrar skoðunar að Íslendingar eigi að halda í krónuna.



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



REIKNNAÐU DÆMIÐ!

365

Það er
fljótlegt að
reikna dæmið
á 365.is

Hvað getur þú **sparað mikið** með því
að flytja fjarskiptin yfir til 365?



Á 365.is er reiknivél sem sýnir þér að ef þú færir fjarskiptin yfir til 365 getur þú fengið vandað sjónvarpsefni á fáránlega góðu verði. Fjarskiptin eru internet, GSM og heimasími. **Reiknaðu dæmið!**



GSM



10 GB **NÝTT**
GAGNAMAGN FYLGIR Á 0 KR.*

INTERNET



20 GB
GAGNAMAGN FYLGIR Á 0 KR.*

*Með völdum sjónvarpsáskriftum.

Gæfusamur að vera kominn í gott starf

Oddur Ástráðsson hóf laganám fyrir fimm árum og er kominn í fullt starf hjá Logos. Hann starfaði um árabil við fjölmiðla. Oddur hljóp Laugavegshlaupið í fyrra og undirbjó sig vel undir það.

Oddur Ástráðsson útskrifast um næstu helgi með lögfræðipróf. Hann hefur undanfarið unnið með skóla á lögmansstofunni Logos en er nú kominn í fullt starf sem fulltrúi lögmans.

„Ég grínast stundum með það að ég sé svolítið seinfær og ég byrjaði ekki í laganámi fyrr en ég var að verða 26 ára. Þannig að ég er nú svona eldri en flestir sammendur mínir,“ segir Oddur, spurður út í fyrri störf. Eftir útskrift úr menntaskóla fór hann að starfa á fjölmiðlum. „Fyrst á hinna frómu útvarpsstöð Talstöðinni sem síðan morfaði einhvern veginn inn í kvikindið NFS,“ segir Oddur. Hann segir að það hafi verið ótrúleg upplifun að starfa á NFS. „Síðan, þegar því var slátrað með eftirminnilegum hætti, varð það aftur að Stöð 2, þar sem ég starfaði til ársloka 2008,“ segir Oddur. Tæpum tveimur árum seinna, eða haustið 2010, hóf Oddur laganám.

„Þá var ég með nýfengna ábyrgðarkennd af því að ég var að verða pabbi. Og ég áttaði mig á því að ég þyrfti nú sennilega að fara að finna eitthvað út

úr því að vera til gagns fyrir annað fólk, en ekki bara fyrir sjálfan mig og þá ákvað ég að prófa þetta,“ segir Oddur, sem bætir því við að laganámið hafi legið nokkur vel fyrir sér. „Ég álit mig vera nokkuð gæfusaman að vera kominn í gott starf strax eftir útskrift, miðað við hvernig þessi markaður liggur núna. Fólk á erfitt með að finna sér eitthvað að gera,“ segir hann.

Oddur segir að stefnan sé ekki endilega sett á laganám í nánustu framtíð. Það verði líklegast ákveðið í samráði við yfirmenn á Logos og fari eftir því hvernig verkefnastaðan þar verður. „En svo hef ég eins haft hug á því, eftir atvikum, að fara í frekara framhaldsnám. Þannig að það ræðst af þessu samhengi öllu saman hvernig það verður.“

Oddur tók þátt í ungliða-pólitík á menntaskólaárunum. Hann á ekki langt að sækja pólitískan áhuga, því móðir hans er Svandís Svavarsdóttir, þingmaður VG, og afi hans er Svavar Gestsson, fyrrverandi menntamálaráðherra. Hann segir þó pólitíkina ekki blunda í sér. „Nei, er stutta svarið,“ segir

„Þá var ég með nýfengna ábyrgðarkennd af því að ég var að verða pabbi.“

hann. Hann segist þó hafa skoðanir og sannfæringu og að hann tali mikið um pólitík heima hjá sér. „En þó maður segi aldrei aldrei, þá er þetta ekki eitthvað sem ég sé fyrir mér í mínu lífi að sinna. Það eru alveg nógu margir í minni fjölskyldu sem eru í þeim bransa,“ segir Oddur. Sambýliskona Odds er Sigurlaug Elín Þórhallsdóttir og eiga þau soninn Úlf, sem er að verða sex ára og dótturina Ósk sem er um það bil 20 mánaða. Oddur segir að þau séu sín mesta gæfa í lífinu og það sé sitt helsta áhugamál að vera með þeim og sinna þeim. Það gefist mismikill tími til að sinna hobbýi. „En ég hef aðeins verið að munda mig við að hlaupa. Ég hljóp töluvert mikið í fyrra og fór Laugavegshlaup,“ segir Oddur. jonhakon@frettabladid.is



BYRJAÐI SEINT Oddur Ástráðsson var rétt að verða 26 ára þegar hann hóf laganám.

FRETTABLAÐIÐ/GVA

SKEMMTILEGUR OG MIKILL FJÖLSKYLDUMAÐUR



Ég þekki hann sem vinnufélag og kostirnir eru helst þeir að hann er fljótur til og klár. Hann er raunverulega duglegur við að tileinka sér hvaðeina sem þarf til að vinna störfin sem hann er beðinn um að vinna. Það er kannski það sem helst lýsir hans kostum. Hann er stórskemmtilegur, það vantar ekkert upp á það. Hann er skemmtilegur í umræðum um daginn og veginn.

Jón Elvar Guðmundsson, lögmaður hjá Logos.



Við kynntumst í laganáminu og höfum haldið sambandi síðan þá. Hann er fyrir það fyrsta alveg afburðaklár og greindur. Maður sá það mjög fljótlega í laganáminu að honum tókst jafnvel að koma aftan að kennurunum með erfiðum spurningum. Hann er mjög fljótur að greina aðalatriði frá aukaatriðum og átta sig á því hvernig lögfræðileg álitaefni snúa. Á minni skólagöngu hef ég ekki kynnst öðrum eins námsmanni fyrr. Svo er hann nú mikill fjölskyldumaður og passaði sig á því að gefa fjölskyldunni alltaf tíma þó að það væri mikill lestur stundum. Og hann er góður vinur, hægt að tala við hann um allan fjandann.

Þorsteinn Ingason, lögmaður á BBA Legal og skólafélagi.



SKÓLABÖRN Skólamaturlaugar áttu þúsund máltíðir á dag ofan í grunnskólabörn.

FRETTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Framkvæmdastjórinn segir hagræðingaraðgerðir hafa skilað árangri en Skólamaturlaugar hagnaðist um 48 milljónir á síðasta ári:

Skólamat aldrei gengið betur

„Þetta er okkar langsamlega besta ár bæði í veltu og arðsemi,“ segir Jón Axelsson, framkvæmdastjóri og eigandi Skólamaturlaugar, um afkomu fyrirtækisins á síðasta ári.

Hagnaður Skólamaturlaugar nam 48 milljónum króna á síðasta ári og hefur aldrei verið meiri. Til samanburðar hagnaðist Skólamaturlaugar um þrjár milljónir árið 2013 og 30 milljónir árið 2012.

„Við höfum verið í massívum aðgerðum að ná utan um kostnað en samt að halda uppi ánægju viðskiptavina. Við höfum náð miklum árangri þar meðal nemendanna sjálfra, heimilanna og skólanna,“ segir Jón.

Skólamaturlaugar, sem stofnaður var árið 2000, eldar daglega átta þúsund máltíðir ofan í grunn-



JÓN AXELSSON

skólabörn á Reykjanesi, í Garðabæ, Kópavogi og Hafnarfirði. Rekstarhagnaður Skólamaturlaugar nam 65 milljónum króna í fyrra samanborið við 13 milljónir árið 2013. Skuldir fyrirtækisins lækkuðu úr 200 milljónum í 192 milljónir milli ára en eigið fé nemur 75 milljónum króna. Eignir Skólamaturlaugar nema 267 milljónum og munar þar mest um hækkun á handbæru fé sem nam 72 milljónum króna og hækkaði það um 40 milljónir milli ára. Arðsemi eigin fjár nam 65 prósentum og eiginfjárlutfall 28 prósent. -ih

Laun standa í stað en þeir ríku verða ríkari

Ravi Batra hagfræðingur segir völd stórfyrirtækja helstu ástæðu aukins ójöfnuðar. Hann segir laun vestanhafs hafa staðið í stað frá árinu 1981 og hagkerfinu sé haldið gangandi með skuldaföfnun.

Ravi Batra, prófessor í hagfræði við Southern Methodist University í Dallas, segir seðlabanka og stjórnvöld á Vesturlöndum hafa viðhaldið offramleiðslu síðustu áratugi með hallarekstri og lágum stýrivöxtum.

Batra hefur allt frá því á 9. áratug 20. aldar varað við að of mikill ójöfnuður komi niður á sjálfbærni hagkerfis og geti valdið kreppum.

Batra benti á, í fyrirlestri í Háskóla Íslands á mánudag, að laun almennings í Bandaríkjunum hefðu ekki hækkad að neinu ráði frá árinu 1981 þrátt fyrir að framleiðni hefði margfaldast. Í Evrópu hafi laun fylgt framleiðni en með töfum. Þar sem laun stæðu í stað væri eftirspurn lítil. „Niðurstaðan er offramleiðsla um allan heim og þar af leiðandi kreppur og atvinnuleysi,“ segir Batra.

Batra sagði að vandanum hefði verið slegið á frest með mikilli skuldsetningu ríkisins og almennings. Í forsetatíð Baracks Obama hafi átt sér stað einhver mesta skuldaföfnun í sögunni samhliða mikilli hækkun hlutabréfa. Afleiðingin væri methagnaður fyrirtækja í miðri efnahagskreppu.

Því hafi hagnaður fyrirtækja aukist verulega en afleiðingin hafi verið að þeir eitt prósent ríkustu urðu ríkari en tekjur almennings stóðu í stað.

Ástæðan fyrir þessu vandamáli er að völd stórfyrirtækja eru of



FUNDARGESTIR Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og Már Guðmundsson seðlabankastjóri voru meðal fundargesta. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra átti að halda inngangserindi en forfallaðist þar sem hann var staddur í London vegna haftamála.

FRETTABLAÐIÐ/GVA

mikil og mörg þeirra í einokunaraðstöðu að sögn Batra. „Einokunarfyrirtæki borga lág laun og búast við mikilli framleiðni frá starfsmönnum,“ sagði hann.

Hagfræðingurinn segir að samkeppnislöggjöf í Bandaríkjunum hafi verið nær óvirk í landinu frá því á 9. áratugnum. „Árið 1911 var Standard Oil skipt upp, á grundvelli samkeppnislaga, í 16 fyrirtæki. Eitt þeirra var Exxon, annað þeirra Mobil. Í dag eru þau Exxon-Mobil,“ sagði Batra. Lausnin að hans sögn er virkari samkeppnislöggjöf og meira efnahagslegt lýðræði innan fyrirtækja þar sem starfsmenn hafi eitthvað um rekstur fyrirtækisins að segja.

„Einokunarfyrirtæki borga lág laun og búast við mikilli framleiðni frá starfsmönnum.“

Ravi Batra, hagfræðiprófessor

Batra sagði að sá tími kæmi að skuldaföfnunin myndi hætta og kreppa blasa við. Bólur á hlutabréfamarkaði myndu springa, eftirspurn dragast saman og atvinnuleysi aukast.

ingvar@frettabladid.is

Afmælistónleikar

19. september 2015

MAGGI EIRÍKS 70 ára

Reyndu aftur

Braggablús

Elska þig

Vegurinn heim

Samferða

Ó, þú

Magnús Eiríksson fagnar sjötíu ára afmæli sínu með stórtónleikum í Eldborg, þann 19. september. Dregnir verða fram gimsteinar, konfektmolar og blúsaðar perlur úr óviðjafnanlegu lagasafni Magnúsar sem fyrir löngu er samofið þjóðarsál Íslendinga. Nýir og gamlir vinir líta við s.s. KK, Ellen Kristjánsdóttir, Valdimar Guðmundsson, Pálmi Gunnarsson o.fl. Hljómsveit ásamt strengjasveit leikur undir stjórn Þóris Úlfarssonar. **Ómissandi tónleikar fyrir ómissandi fólk.**

Aukatónleikar

Kl. 21 – Uppselt

Kl. 17 – Aukatónleikar

Miðasala hafin á aukatónleika: harpa.is | 528 5050 | tix.is



HARPA

DÆGURFLUGAN

SUMARVERÐ

FJÖGURRA KJARNA SPJALDTÖLVA FYRIR SUMARIÐ Á KR. 16.990!

Nextbook er vinsælasta
spjaldtölvun okkar fyrir börn
og fullorðna. Frábært verð
vegna magnkaupa.



SUMARVERÐ

16.990

SAMA VERÐ UM ALLT LAND

nextbook NEX-NX785QC8G

Skemmtilega hönnuð og meðfærileg 7,85" Nextbook spjaldtölva með 1.6GHz Quad Core ARM Cortex A9 örgjörva. Kristaltær snertiskjár með 1024x768 punkta upplausn. 1GB DDR RAM vinnsluminni og 8GB Flash minni sem má stækka í 40GB með MicroSD minniskorti. Android 4.4 KitKat stýrikerfið. Myndavél að framan og aftan.

Vinsælasta spjaldtölvun okkar

Þessi spjaldtölva rýkur út hjá okkur fyrir börn og fullorðna. Frábær skemmtun með Google Play þar sem hægt er að nálgast þúsundir ókeypis leikja og fræðsluforrita.

Hentug barnastærð

8" passar mjög vel í litlar hendur og er góð millistærð á milli farsímastærðar og fullvaxinnar 10" spjaldtölvu.

Létt og meðfærileg

Nextbook er skemmtilega hönnuð og sérstaklega þunn. Vegur aðeins 387 grömm.

Quad Core örgjörvi

Fjögurra kjarna Cortex A9 örgjörvi sem skilar hraðri vinnslu með 1GB vinnsluminni.

Allt að 40GB minni

Kemur með 8GB innbyggðu Flash minni sem hægt er að stækka í 40GB með 32GB MicroSD minniskorti.

Kristaltær fjölsnertiskjár

Næmur og hraðvirkur skjár með 1024x760 punkta upplausn og skýrum skjá.

Myndavél að framan og aftan

Tvær myndavélar til að taka ljósmyndir eða myndbönd. 2MP að aftan og VGA upplausn að framan.

Android 4.4 KitKat

Nýja Android stýrikerfið með skemmtilegum nýjungum. Aðgangsstýring þannig að hægt er að stofna sérstakan aðgang fyrir alla notendur tölvunnar.

2 ára traust ábyrgð

Tölvulistinn hefur í yfir 21 ár rekið sitt eigið þjónustuverkstæði og veitt ábyrgðarþjónustu sem hægt er að treysta.

ALLT SPJALDTÖLVUÚRVALIÐ Á TL.IS



OPIÐ
10-18

tl.is

TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK
SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

AKUREYRI
GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

HÚSAVÍK
GARÐARSBRAUT 18A
Sími 464 1600

EGILSSTAÐIR
KAUPVANGI 6
Sími 414 1735

KEFLAVÍK
HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

SELFOSS
AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

AKRANES
ÞJÓÐBRAUT 1
SÍMI 431 3333

192.000 EINTÖK

Sala geisladiska snarminnkað

Alls seldust 192 þúsund eintök af geisladiskum og hljómplötum í fyrra, eða 676 þúsund færri en fimmtán árum áður, þegar salan nam 868 þúsund eintökum. Miðað við sama tíma hefur seldum eintökum geisladiska og hljómplatna á íbúa fækkað úr 3,1 í 0,6. Heildarverðmæti seldra geisladiska, hljómplatna og stafrænna skráa á síðasta ári nam 430 milljónum króna, eða sem nam rétt ríflega þriðjungi af sölverðmæti ársins 1999, reiknað á verðlagi síðasta árs.

12.06.2015 Svo tala menn um kjarkleysi hér. Hver var það sem þorði að standa uppi í hárinu á kröfuhöfunum? Ekki háttvirtur þingmaður Össur Skarphéðinsson. Hver var það sem þorði að taka Icesave? Ekki, ekki, ekki háttvirtur þingmaður Sigríður Ingibjörg Ingadóttir. Og hver þorði að lækka lán heimilanna? Ekki Samfylking og ekki Vinstri græn. Hvar er kjarkurinn? Hvar er kjarkurinn? Hræsni stjórnarandstöðunnar er það sem stendur upp úr og hefur alltaf gert.

Gunnar Braji Sveinsson utanríkisráðherra.



5 MILLJARÐA LÁN

Vodafone semur við Landsbankann

Vodafone á Íslandi hefur endursamið við Landsbankann hf. um langtímafjármögnun að fjárhæð 5 milljarðar króna. Fjármögnunin felur annars vegar í sér lán að fjárhæð 4.500 milljónir króna, sem meðal annars mun nýtt til uppgræðslu eldri lána félagsins, og hins vegar lánalínu að fjárhæð 500 milljónir króna. Lánasamningurinn er til 7 ára, með lokagjaldddaga árið 2022, en endursema má um álag eftir þrjú ár. Lánalínan gildir frá undirritun í dag, 16. júní 2015, til sama dags árið 2020.

STJÓRNAR- MAÐURINN

Að breytast eða deyja

„Change or die“ er frasi sem oft á við í viðskiptum og líklega óvísða meira en á fjölmiðlamarkaði.

RUPERT MURDOCH er sennilega mesti frumkvöðull á sviði fjölmiðlunar sem þekktur hefur.

ÞAÐ VAR MURDOCH sem á sínum tíma gerði The Sun að mest lesna dagblaði Bretlands, og færði dagblaðaprentun úr spennitreyju verkalýðsfélaga og til nútímans með nýttiskun prentsmiðju í Austur-Lundúnum.

ÞAÐ VAR LÍKA Murdoch sem lagði grunninn að evrópsku nútíma-áskriftarsjónvarpi (og veðsetti fjölskylduheimilið í leiðinni) og átti stærstan þátt í því að enska knattspyrnan lagði heiminn að fótum sér sem dagskrárefni. Í seinni tíð hefur hann svo verið í fararbroddi tekjuöflunar fyrir vefmiðla, og var sá fyrsti sem þorði að setja greiðsluveggi á fréttasíður.

MURDOCH HEFUR aldrei óttast breytingar. Þvert á móti hefur hann reynt að sjá þær fyrir og lagt allt í sölurnar til að vera í lykilstöðu á umbrotatímum. Það er ástæða þess að hann hefur verið á toppnum í hálfu öld.

SÍÐUSTU ÁRATUGIR eru saga breytinga á fjölmiðlum. Þar er ekki einungis átt við tilkomu internetsins, heldur einnig annarrar nútímatækni á borð við upptökubúnað, snjallsíma, streymiþjónustu o.s.frv. Þessi bransi þróast svo hratt að fimm ára gamlir samningar við kvikmyndaver innihalda engin ákvæði um streymiþjónustu eða VOD – þessi hugtök voru hreinlega ekki til.

MEIRA AÐ SEGJA sólarhringsfréttastöðvar á borð við CNN eða Sky, sem flestir taka nú sem sjálf-sögðum hlut, eru einungis þrjátíu ára gamlar. Sumir segja að slíkar stöðvar verði brátt útdauðar, enda heyrir fréttáhorf gegnum sjónvarp hjá yngstu aldurshópum full-orðinna nánast sögunni til.

ÞRÍATÍU ÁR eru ekki langur tími. Í ljósi sögunnar þótti stjórnarmanninum því athyglisvert að lesa að Apple væri nú að ráða blaðamenn til að starfa á svokölluðu Apple News Service, sem kunnugir segja að verði fréttaupplættiapp sem svipi til Google News. Munurinn er bara sá, að Apple ætlar ekki einungis að safna fréttum fjölmiðla, heldur einnig að framleiða eigin fréttir.

APPLE ER sennilega það fyrirtæki sem mest áhrif hefur haft á atferli fólks undanfarin ár með því að kynna til leiks tæki, töl og hugbúnað sem fólk áður vissi ekki að það þyrfti á að halda. Því verður spennandi að sjá hvernig Apple tæklar fjölmiðlabransann.

LJÓST ER að keppinautar á þeim markaði þurfa að hafa augun opin, og vera reiðubúnir að breytast eða deyja.

ERÍKUR
HAUKSSON

BJÖRGVIN
HALLDÓRSSON

MATTHÍAS
MATTHÍASSON

STEFÁN
JAKOBSSON

& ROKKABILLÝBANDIÐ

HEIÐURSTÓNLEIKAR

THE
BEATLES

HÁSKÓLABÍÓ 15. ÁGÚST 2015



TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MIÐI.IS

mid.is PROM

SECRETSOLSTICE.IS

#SECRETSOLSTICE

ERTU Í FRÍI Á MÁNUDEGINUM?

SECRET 19.-21.
SOLSTICE JÚNÍ
2015

LAUGARDALUR × REYKJAVÍK

EKKI LÁTA ÞIG VANTA Í STÖRSTA PARTÍ SUMARSINS!
MIÐSALA Á TIX.IS, Í LUCKY RECORDS OG MOHAWK





Kolvetna-
skert

Óskajógúrt þjóðarinnar á tyllidögum

Óskajógúrt hefur verið sjálfsagður hluti af matarmenningu íslensku þjóðarinnar í rúm 40 ár. Rétt eins og skúradembur á þjóðhátíðardaginn er Óskajógúrtin aldrei langt undan. Þín óskastund getur því verið hvar og hvenær sem er.



MENNING

Förum úr kassanum og út á brúnina

Tónlistarhátíðin Reykjavík Midsummer Music verður haldin í fjórða sinn í Hörpu og nágrenni dagana 18.-21. júní. Hátíðin, sem lýtur listrænni stjórn Víkings Heiðars Ólafssonar píanóleikara er einn skemmtilegasti viðburður tónleikaársins og sérstaklega fjölbreytt.

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Víkingur Heiðar Ólafsson er upphafsmaður hátíðarinnar Reykjavík Midsummer Music og hann segir að þetta sé nú óneitanlega hans barn. „Ég var búinn að ganga með þessa hugmynd í maganum í mörg ár. Að stefna saman rjómanum af erlendum og íslenskum tónlistarmönnum svo þetta er sannkölluð rjómaþanda sem hátíðin býður upp á. Við förum líka út fyrir þennan hefðbundna aðskilnað á milli klassískra tónlistarmanna og annarra þó svo hátíðin sé klassísk í grunninn og þannig skapast ferskir og spennandi hlutir.“

Íslensk geggjun

Margir þeirra útlendinga sem eru að koma er fólk sem ég hef verið að vinna með og mér fannst tilvalið að nýta þessi sambönd til þess að gera eitthvað skemmtilegt. Það reyndist svo vera auðveldara en ég átti von á að fá útlendingana til þess að koma og taka þátt og það er ýmislegt sem spilar inn í það. Harpa hefur til að mynda mikið aðdráttarafl og svo langar hreinlega alla til þess að koma til Íslands um sumarsólstöður og spila tónlist. Þannig að það vilja allir koma sem mögulega geta og það er mjög gleðilegt.

Svo er líka ákveðin áskorun fyrir mig standa í öllu þessu vafstri sem ég er venjulega alveg laus við. Ég er í því að sækja um styrki og vinna þetta á fullu og taka þetta svona á íslensku geggjuninni; að ætla sér of mikið en að láta þetta samt ganga.“

Út á brún

Víkingur Heiðar bendir á að Tónlistarhátíðin Reykjavík Midsummer Music sé um margt ólík mörgum þeirra hátíða sem flestir þekkja. „Við byrjuðum að æfa á mánudagsmorguninn og það var alltaf frábær stemning. Mikil orka sem myndast þegar öllu þessu hæfileikafólki er teft saman en við gefum okkur þrjá daga til æfinga og svo er rennt í sjóinn. Á hátíðinni verða tíu tónleikar í boði en það eru allir að vinna með sama leiðarstefni en tækla það á sinn hátt þannig að hátíðin er afskaplega fjölbreytt. Þetta snýst um að koma tónlistarmönnum úr kassanum og út á brúnina. Ég vel því inn á hátíðina tónlistarmenn sem ég veit að eru til í þetta og ráða við verkefnið.“



STRADIVARIUS Víkingur Heiðar við flygilinn og Sayaka Shoji með 200 ára Stradivariusfiðluna sína sem var á sínum tíma í eigu Napóleons.

FRÉTTABLAÐID/GVA

Eftirhermur

Leiðarstef hátíðarinnar í ár er Imitation og eftirhermur úr ýmsum áttum verða áberandi í efnisskrá, sem geymir fjölmörg óvænt stefnumót. „Listin hermir eftir lífinu og lífið hermir eftir listinni þangað til enginn veit lengur hvort er hvað, tónskáld og flytjendur herma miskunnarlaust hverjir eftir öðrum – en líka eftir fuglum, hvöllum og jafnvel moskítóflugum svo eitthvað sé nefnt.“

Í efnisskránni, sem alls telur 10 tónleika, er stundum röið á framandi mið, og ekki hikað við að blanda saman tónlistarstefnum og stílum. Allt er þetta jú bara tónlist. Ágætis dæmi eru tónleikar sem verða að kvöldi 19. júní Myndir á annarri sýningu. En þar ætlum við Davíð Þór Jónsson, Skúli Sverrisson, Pétur Grétarsson og Kristinn H. Árnason að tefla fram glænýrri útgáfu á meistaraverki Mussorgskís, Myndum á sýningu. Útgáfan er innblásin af frægri endurgerð bresku framúrstefnu-rokksveitarinnar Emerson Lake & Palmer á Myndum á sýningu, en hún kom út á plötu 1971 og hafði mikil áhrif.

Á sömu tónleikum hljóma svo verk eftir Stravinsky og Schnittke, sem báðir sóttu mikið í smíðju eldri meistara og unnu eitthvað alveg nýtt úr gömlum efniviði. Þá hljómar einnig verkið Cheap Imitation eftir John Cage – titillinn segir allt sem segja þarf.“

Góðir gestir

Víkingur Heiðar segir að það sé frábær innspýting að fá góða gesti víða að til þess að taka þátt í hátíðinni með snjöllum íslenskum tónlistarmönnum. „Við erum að fá til okkar frábæra gesti. Þar má til dæmis nefna japönsku fiðlustjórnuna Sayöku Shoji, sem heillaði hátíðargesti í fyrrasumar og snýr nú aftur með Stradivariusfiðlu sína. Fiðlan var smíðuð 1729, var eitt sinn í eigu Napóleons og heitir Récamier eftir konunni sem hann gaf hana.“

Einnig vil ég nefna sellóleikarann Jan-Erik Gustafsson og fiðluleikarann Önnu-Liisu Bezrodny, sem eru í fremstu röð einleikara í álfunni, armenska píanistann Marianna Shirinyan sem er búsett í Danmörku og þýska



RJÓMABLANDA Á hátíðinni er stefnt saman hæfileikafólki víða að.

víóluleikarinn Pauline Sachse og fiðluleikarinn Eric Silberger. Íslensku listamennirnir eru ekki síðri; hin eina sanna Sigrún Eðvaldsdóttir, konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari og svo þeir félagar Davíð Þór

Jónsson, Skúli Sverrisson, Pétur Grétarsson, Hávarður Tryggvason og Kristinn Árnason og svo fæ ég að vera með. Aðalmálið er að þetta eru ekki bara frábærir spilarar, heldur frumlegt og skemmtilegt listafólk sem er óhrætt við að taka áhættu.“

Okkur þykir báðum ákaflega vænt um þetta illmenni

Kolbrún Björt Sigfúsdóttir er leikstjóri og framleiðandi sýningar á Ríkharði III. sem sópaði til sín verðlauninum á Fringe í Prag.

„Við vorum með vinnustofu í Hafnarbíói í nóvember, sýndum svo í Prag í lok maí og það gekk líka svona glimrandi vel,“ segir Kolbrún Björt Sigfúsdóttir, leikstjóri og framleiðandi Brite Theater í Edinborg, þar sem hún er búsett. Kolbrún lærði í Listháskólanum hér heima, hélt til Bretlands 2011 og tók masterspróf í sviðsetningum á Shakespeare árið 2013.

Einnar leikkonu leikssýning Kolbrúnar og leikkonunnar Emily Carding á Ríkharði III., meistaraverki Williams Shakespeare, sló vægast sagt í gegn á Fringe-leiklistarhátíðinni í Prag í liðinni viku þar sem hún gerði sér lítið fyrir og fór heim með öll þrenn verðlaunin sem eru veitt á hátíðinni. En slíkt hefur aldrei gerst áður í sögu þessarar virtu leiklistarhátíðar. Ein verðlaun eru veitt þeirri sýningu sem best þykir fanga anda hátíðarinnar, önnur fyrir að veita sérstakan innblástur og þau þriðju

eru svo framkomu- eða leikaraverðlaun. „Þetta var auðvitað afar óvænt og gleðilegt og hefur mikla þýðingu fyrir okkur. Við höfum verið að gera þetta sjálfar og fjármagna úr eigin vasa en nú vonumst við til þess að fleiri hátíðir leiti til okkar og það hjálpar okkur mikið. Við verðum á átta hátíðum í sumar og það stefnir í að þeim muni halda áfram að fjölga með haustinu. Næsta sumar komum við svo til Íslands og verðum á Act Alone-einleikshátíðinni og það er mikið tilhlökkunarefni.“

„Það er ein kona að leika allan Ríkharð og áhorfendurnir eru allar hinar persónurnar,“ segir Kolbrún og er að vonum glöð með viðtökurnar sem sýningin hefur fengið. „Áhorfendurnir fá nafnspjöld með sínum karakter og þurfa svo að taka á móti því sem Ríkharður lætur dynja á þeim. Fólk þekkir verkið auðvitað misvel en í Prag var til að mynda kona á meðal áhorf-

enda sem skyrpti á Ríkharð á hárréttu augnabliki og hún greinilega þekkti sinn Shakespeare.“

Það sem er svo skemmtilegt við Ríkharð er að hann talar mikið við sína áhorfendur. Lætur uppi um öll sín áform og gerir okkur meðsek í öllu sínu brólti og við ákváðum að taka þennan eiginleika hans eins langt og við gátum.“

Kolbrún segir að þær Emily eigi það sameiginlegt að þykja afskaplega vænt um Ríkharð þótt hann sé illmenni. „Þetta er einhvers konar Stokkhólmsheilkenni hjá okkur. Svo förum við að velja því fyrir okkur hvaðan öll þessi heift kemur og komumst að því að hann hefur vissulega sínar ástæður. Í raun er hann að vinna af heilindum fyrir sína þjóð, svona eins og stjórnmálamenn eru líkast til alla jafna að gera að eigin mati, en óneitanlega tekst þeim misvel upp.“



magnus@frettabladid.is



VERÐLAUNAHAFI Kolbrún Björt Sigfúsdóttir er leikstjóri og framleiðandi sýningarinnar á Ríkharði III. og fram undan eru átta leiklistarhátíðir í sumar og Ísland næsta sumar.

MYND/ TOM OAKES

BONUS BONUS BONUS BONUS



17. JÚNÍ
Í BÓNUS



AFGREIÐSLUTÍMI

10:00 - 18:00

Ath. Verslun Bónus í Kringlunni er lokuð 17.júní



BONUS EKKERT BRUÐL

Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

TREND MARGS KONAR MYNSTUR

Það getur verið gaman að brjóta upp mynstur með því að blanda nokkrum ólíkum saman og svo getur það einnig komið ansi skemmtilega út.



DRIES VAN NOTEN

VIVIENNE WESTWOOD

SAINT LAURENT

STELLA MCCARTNEY

DRIES
VAN
NOTEN

Rappgoðsagnir undir miðnætursól

Hljómsveitin Wu-Tang Clan er á leiðinni til landsins og kemur fram undir miðnætursólinni á Secret Solstice-hátíðinni í Laugardalnum um næstu helgi. Sveitin hefur verið að ferðast um Evrópu og er góður rómur gerður að frammistöðu meðlima hennar á sviði.

Hljómsveitin Wu-Tang Clan kemur fram á Secret Solstice-tónlistarhátíðinni sem fer fram í Laugardalnum næstu helgi. Sveitin er líklega þekktasta rappsveit allra tíma og hefur notið gífurlegra vinsælda hér á landi, eins og annars staðar í heiminum, síðan fyrsta plata hennar kom út árið 1993. Hin ferska nálgun Wu-Tang gaf rapptónlist nýja vídd þegar sveitin kom fram á sjónarsviðið á tíunda áratug síðasta áratugar. Sveitin var dularfull og spilaði hljóðbúta úr gömlum, asískum kung fu-kvikmyndum í lögum sínum; það vakti mikla athygli. Tíu rapparar skiptust á um að fara með rímur við undirleik snillingsins RZA, sem fór nýjar leiðir í takt-smíði. Ljóst er að meðlimir Wu-Tang Clan eru goðsagnir sem allir rappunendur þekkjá.

Frá „slömmum“ Shaolin

Meðlimir Wu-Tang sköpuðu sína eigin heimsmynd, þar sem tilvitnani í asíska heimspeki blönduðust lífi í fátækrahverfum New York. Flestir meðlimanna eru frá Staten Island í New York, en hverfið var kallað Shaolin af meðlimum borgarinnar, sem er vísun í Shaolin-munkaklaustrið í Kína. Fátækustu hverfi Staten Island, flest á svæði sem kallast North Shore, eru enn í dag kölluð „slömm“ Shaolin. Meðlimir sveitarinnar lýstu erfðu lífi sínu og samferðafólks síns. Þeir veittu innsýn í lífið í fátækrahverfum, en gerðu það á nýjan hátt. Morð, byssur, eiturlyf og barneignir ungra svartra kvenna voru meðal þess sem meðlimir Wu-Tang fjölluðu um í textum sínum, með beittum hætti.

Samstaða stundum lítil

Lengst af voru meðlimir Wu-Tang tíu talsins, ef með var talinn rapparinn Cappadonna, sem var oft á hliðarlínunni en greip í míkra-



Á LEIÐINNI
Hér má sjá Wu-Tang Clan á sviði fyrr í mánuðinum. Góður rómur er gerður að frammistöðu rapparanna á sviði.

fóninn í fjölmörgum lögum. Árið 2004 lést Old Dirty Bastard (ODB) úr stórum skammti eiturlyfja en minningu hans hefur verið haldið á lofti af öðrum meðlimum sveitarinnar. Til að mynda er hans þekktasta lag Shimmy Shimmy Ya enn tekið á tónleikum.

ODB átti, eins og nokkrir aðrir meðlimir sveitarinnar, góðan sólóferil samhliða verunni í Wu-Tang. Flestir meðlima sveitarinnar hafa gefið út eigin plötur og eru sumir meðlimir í öðrum sveitum. Oft hefur reynt erfitt að skapa samstöðu á milli meðlimanna og hafa deilur oft gert vart við sig hjá sveitinni. Sökum þess hve allir meðlimir eru uppteknir af öðrum verkefnum hefur sveitin sjaldan náð að koma saman í heild sinni,



FYRSTA PLATAN Wu-Tang Clan gaf út sína fyrstu plötu árið 1993.

hvort sem það er í hljóðveri eða á tónleikum.

Evróputúrinn 2015

Sveitin er nú á tónleikaferðalagi um Evrópu, en eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hér á landi hefur vantað RZA, Raekwon og Method Man á þá tónleika sem sveitin hefur haldið hingað til. Hinir sex meðlimirnir hafa þó fengið fína dóma fyrir sína frammistöðu á tórnum. Tónleikar sveitarinnar í Glasgow fengu þó ekkert sérstaka dóma vegna hljóðvandamála, en fram kom í umsögninni að meðlimir Wu-Tang hafi verið jafn óánægðir með hljóðmennina og áhorfendur. Þeir Ghostface Killah, Masta Killa, GZA, U-God, Inspectah Deck og Cappa-

donna eru sagðir í flottu formi. Á YouTube má sjá hluta af nokkrum nýafstöðnum tónleikum í Evrópu og er greinilegt að hinir fjölmörgu aðdáendur sveitarinnar um allan heim eru þyrstir í Wu-Tang tónleika. Enn er þó búist við því að sveitin verði fullmönnuð undir miðnætursólinni í Laugardalnum. Ósk Gunnarsdóttir, kynningarfulltrúi Secret Solstice, segir að níu meðlimir hafi verið bókaðir og að aðstandendum hátíðarinnar hafi ekki verið tilkynnt um annað en að þeir mæti allir. En miðað við dóma erlendra miðla er ljóst að þótt einhverja meðlimi vanti megi búast við hörku tónleikum frá þessum þálfreyndu rappstjörnum.

kjartanatli@365.is

Molar um Wu-Tang

Meðlimir: RZA, GZA, Method Man, U-God, Masta Killa, Raekwon, Ghostface Killah, Inspectah Deck, Old Dirty Bastard og Cappadonna.

Breiðskífur: Enter The Wu-Tang (36 Chambers) (1993)
Wu-Tang Forever (1997)
The W (2000)
Iron Flag (2001)
8 Diagrams (2007)
A Better Tomorrow (2014)

Stofnuð: 1992

Önnur útgáfa en tónlist: Tölvuleikurinn Wu-Tang Shaolin Style kom út á Playstation-leikjatölvur í október 1999. Þar var hægt að leika meðlimi sveitarinnar í bardagaleik.

Fatalínan Wu-Wear var vinsæl undir lok tíunda áratugar síðustu aldar. Sveitin þénaði vel á fatamerkinu, en meðlimir hennar voru misánægðir með hönnunina. Method Man segist meðal annars aldrei hafa klæðst Wu-Wear-fötum.

Sala á plötum: Talið er að plötur sveitarinnar og sólóplötur meðlima hennar hafi selst í yfir 40 milljónum eintaka um allan heim. Wu-Tang Forever seldist best og náði hún toppsætum á helstu vinsældalístum víða um heim.



WU-TANG Merkið veur alltaf athygli.

SJÓÐHEITT KOLAGRILL

í garðinn, á pallinn eða í ferðalagið.



KOLAGRILL
TILBÚIÐ Á
3
MÍNÚTUM

Verð frá kr. 34.000,-


FASTUS

Veit á vandaða lausn

Opið mán - fös 8.30 - 17.00 • Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

STÚLKAN Í LESTINNI EFTIR PAULA HAWKINS

ENGIN SKÁLDSAGA HEFUR SELST JAFN HRATT!



Íslensk þýðing: Bjarni Jónsson

„Paula Hawkins leikur sér að sjónarhornum og tímasetningum af mikilli fimi og skapar gríðarlega spennu og samúð með óvenjulegri aðalpersónu.“
THE GUARDIAN

#1
í Bretlandi og
Bandaríkjunum
mánuðum
saman!

DYNAMO REYKJAVÍK

Rachel ferðast alltaf með sömu lest á morgnana. Og lestin stansar alltaf á sama ljósinu, fyrir aftan gömul íbúðarhús sem standa við lestarsporið. Rachel fer að finnast hún þekkja íbúana í einu húsanna. Hún kallar fólkíð „Jess og Jason“. Líf þeirra virðist fullkomið, Rachel

vildi svo sannarlega vera í þeirra sporum. En einn daginn sér hún skelfilegan atburð út um lestargluggann. Rachel skýrir lögreglunni frá málavöxtum og flækist inn í ófyrirsjáanlega atburðarás. Getur verið að inngrip hennar hafi bara orðið til ills?

Dásamlegar íslenskar pönnukökur með sultu og rjóma

Á sjálfan sautjanda júní er svo sannarlega tilefni til þess að skella í nokkrar pönnukökur og halda kaffiboð með öllu tilheyrandi.

- 3 dl hveiti
- 1 msk. sykur
- 5 dl mjólk
- ½ tsk. lyftiduft
- 2 egg
- ½ tsk. vanillu-extrakt eða -dropar
- 30 g smjör

Setjið þurrrefnin saman í skál og blandið vel saman, hellið 3 dl af mjólk saman við, hrærið saman í kekkjalaust deig.

Bætið einu og einu eggj saman við

og hrærið vel. Bætið því sem eftir er af mjólkinni saman við deigið og vanillunni, blandið vel saman. Bræðið smjör á pönnukökupönnunni.

Hellið smjörinu saman við deigið og blandið því vel saman við. Hellið þunnu lagi af deiginu á pönnuna og bakið pönnukökuna þar til hún er farin að þorna á yfirborðinu.

Snúið pönnukökunni við og bakið kökuna þar til hún verður ljósbrún á hinni hliðinni.



→ Peir sem vilja smakka eitthvað annað en sultu og rjóma geta prufað að strá á þær stráskyri og kreista sítrónu yfir nýbakaðar pönnukökur.

Uppskrift er fengin af Evalaufeykjaran.com



EITTHVAÐ EFINS?
Jennifer Lopez var eitthvað óviss við tókur á þættinum *Shades of Blue* í Brooklyn á dögum.



ALGJÖR ROKKARI Dave Grohl kallar ekki allt ömmu sína en hann fótbrotnaði á tónleikum The Foo Fighters á föstudaginn, en hélt samt ótrauður áfram að spila.



Á FERÐ OG FLUGI
Það er fylgst með hverju skrifi popprinsessunnar Rihönnu en hér er hún nýlent í Japan.

FRÆGIR Á FERÐ OG FLUGI



HVÍLÍKUR HÓPUR Samuel L. Jackson, Lewis Hamilton, Oliver Spencer og Tinie Tempah voru allir á staðnum í GQ London Collections Men Closing Party sem haldið var í London.



Í GÓÐUM GÍR Adam Levine, söngvari hljómsveitarinnar Maroon 5, var fluttur á tónleikum sveitarinnar í Madrid.



ALLTAF HRESS Cara Delevigne er alltaf í stúði. Hún var í Madrid á dögum að kynna myndina *Paper Towns*.



Í STUÐI Laverne Cox heimsótti útvarpsstöðina Extra á mánudaginn. Hún leikur í þáttunum *Orange Is the New Black* en þriðja sería þáttanna er nýkomin á Netflix.



HARPA

Einfaldari leið til stjarnanna

Endurbætt miðasala á harpa.is

Við höfum endurbætt og einfaldað til muna miðasölu Hörpu á vefnum. Með nýju kerfi, bættu aðgengi og skilvirkara viðmóti gefst ykkur kostur á að nálgast miða á viðburði á enn fljótlegri og þægilegri hátt en áður.

Þannig bjóðum við gestum okkar upp á einfaldari leið að öllum þeim fjölmörgu stjörnum, stórum og smáum, sem prýða Hörpu árið um kring. Kynntu þér það sem framundan er á harpa.is og tryggðu þér miða. Það er úr nægu að velja.

Stuðmenn Sumar á Sýrlandi — 5. & 6. júní



Endurnýjun áskrifta Sinfóniunnar — hefst 10. júní



Tina Drottning rokksins — 13. júní



Ásgeir — 16. júní



Patti Smith — 17. ágúst



Nýdönsk — 12. & 13. september



Diddú 60 ára — 13. september



Maggi Eiríks 70 ára — 19. september



www.harpa.is

Harpa tónlistar-
og ráðstefnuhúsið
í Reykjavík

Austurbakki 2
101 Reykjavík
528 5000

Miðasala
528 5050

SÝNINGAR Í DAG 17. JÚNÍ

FRÁ PEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR

INSIDE OUT

CHICAGO SUN TIMES VARIETY

THE TELEGRAPH

MÖGNUM GRÍNMYND SEM ALLIR VERÐA AÐ SJÁ.

ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í FÓTBOLTA VALDI ÞESSA MYND.

FRÁ FRAMLEIÐANDANUM STEVEN SPIELBERG KEIUR EN FLOTASTA MYND SUMARSINS

JURASSIC WORLD

entourage

DWAYNE JOHNSON

SAN ANDREAS

SPARBIÓ

MEÐTAR AÐ GRÆNU Eða APPELSMUGLU KL. 10:30 A APPELSMUGLU OG KL. 12:00 A GRÆNU

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
INSIDE OUT 2D KL. 1:30 - 2:30 - 3:40 - 5:50	INSIDE OUT 2D KL. 5:40
INSIDE OUT 3D KL. 1:30 - 3:40 - 5:50	INSIDE OUT 3D KL. 3:10
ENTOURAGE KL. 3:50 - 8 - 10:30	INSIDE OUT 2D KL. 8
ENTOURAGE VIP KL. 8 - 10:30	ENTOURAGE KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20
JURASSIC WORLD 3D KL. 2:50 - 8 - 10:40	JURASSIC WORLD 3D KL. 3:50 - 8 - 10:35
JURASSIC WORLD 2D VIP KL. 2:30 - 5:20	SAN ANDREAS 2D KL. 5:30 - 8 - 10:10
SAN ANDREAS 2D KL. 8 - 10:30	MAD MAX: FURY ROAD 2D KL. 10:30
TOMORROWLAND KL. 5:20 - 8	INSIDE OUT 2D KL. 1:30 - 3:40 - 5:50
MAD MAX: FURY ROAD 2D KL. 8 - 10:40	INSIDE OUT 3D KL. 1:10 - 3:20
AVENGERS 2D KL. 10:40	ENTOURAGE KL. 8 - 10:20
AKUREYRI	SAN ANDREAS 2D KL. 5:30 - 8 - 10:30
INSIDE OUT 2D KL. 5:45	KEFLAVÍK
ENTOURAGE KL. 8 - 10:30	INSIDE OUT 2D KL. 5:50
SAN ANDREAS 2D KL. 8	ENTOURAGE KL. 8 - 10:20
TOMORROWLAND KL. 5:30	JURASSIC WORLD 2D KL. 5:30 - 8
MAD MAX: FURY ROAD 2D KL. 10:30	SAN ANDREAS 2D KL. 10:30

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

INSIDE OUT

JURASSIC WORLD

SPY

HRÚTAR

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is

OPÍÐ 17. JÚNÍ - VERIÐ VELKOMIN

INSIDE OUT

POWERSÝNING KL. 10:35

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar

SHE'S FUNNY THAT WAY	8, 10
INSIDE OUT 3D - ÍSL TAL	1:50
INSIDE OUT 2D - ÍSL TAL	1:50, 3:55, 6
JURASSIC WORLD 2D	2, 5, 8, 10:35(P)
HRÚTAR	4, 6
SPY	8, 10:30

Spáir lítið í fötunum sínum

Tom Ford er einn heitasti fatahönnuðurinn í dag og er iðulega þekktur fyrir að vera einstaklega vel til höfður. Í viðtali við Harpers Bazaar á dögunum ljóstraði hann upp aldeilis merkilegri staðreynd um sjálfan sig. Spurður hvernig hefðbundin morgunrútína færi fram fyrir framan fataskápin segði Ford alls ekki spá mikið í því. Oftar ekki gripi hann í jakkafötin sem lögju á stólum frá gærkvöldinu og henti sér í þau. Stundum væri hann jafnvel svo flippaður að skella sér í gallabuxur, bol og klæðilegan jakka, þegar sá gállinn væri á honum. Ford undirstrikaði þetta með því að bæta við: „Ég var nú vanur að hafa meira fyrir þessu, nú nenni ég því ekki.“



TOM FORD

ZOOEY DESCHANEL

Þekktust fyrir að leika Jess í The New Girl, en hefur líka gert góða hluti í Yes Man, Elf og syngur í hljómsveitinni She & Him. Fædd 1980.



KATY PERRY

Æðislega fræg söngkona sem gefið hefur út fjölda plötna, auk þess sem hún hefur talað fyrir Strympu í The Smurfs eitt og tvö. Fædd 1984.



TVÍFARAR Í HOLLYWOOD?

Stjörnurnar eru allar einstakar, auðvitað, en sumar hverjar eru skuggalega líkar. Sumar svo líkar að fólk virðist í trekað ruglast á hvor er hvað. Þær Katy Perry og Zooey Deschanel eru fyrirtaks dæmi, en þær valda ítrekuðum ruglingi, önnur syngur og hin leikur, en svo vanda þær kvæði sínu í kross og gera hvort tveggja. Hér eru nokkur dæmi um stjörnur sem líta út fyrir að deila nákvæmlega sama DNA-kokteilnum, þar sem hæfileikar og útlit fara skuggalega oft saman.

INSIDE OUT

LAUGARÁS BÍÓ

FJÖLSKYLDUPAKKINN

Allir borga barnaverð

MINNST 4 MÍÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA

NÁNAR Á WWW.SMARBIO.IS/BYLTING

DAGSKRÁ OG MIDASALA ER Á EMIÐLIS

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ

Ódýrt í bíó

OPÍÐ 17. JÚNÍ

miði.is

Midasala og nánari upplýsingar

INSIDE OUT SÝND KL. 1:50

JURASSIC WORLD SÝND KL. 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS




JAVIER BARDEM

Lék í myndunum Skyfall, The Gunman, Eat-Pray-Love og er giftur Penélope Cruz. Fæddur 1969.



JEFFREY DEAN MORGAN

Hefur gert það gott í þáttum eins og Gray's Anatomy, Supernatural og Weed. Fæddur 1966



MILEY CYRUS

Lék í þáttunum Hanna Montana og ein þekktasta popppían í bransanum. Fædd 1992, tveimur árum á undan Bieber.



JUSTIN BIEBER

Uppgötvaður á YouTube, aðeins tólf ára. Gríðarlega vinsæll tónlistarmaður í dag, eins og Miley. Hann er fæddur 1994.



Golfstöðin



20 15
U.S. OPEN
CHAMBERS
BAY

EITT AF
RISAMÓTUM
ÁRSINS

BEINAR ÚTSENDINGAR FRÁ MÓTINU:

Fimmtudaginn	18. júní	kl. 17:00
Föstudaginn	19. júní	kl. 17:00
Laugardaginn	20. júní	kl. 17:00
Sunnudaginn	21. júní	kl. 17:00

OPNA BANDARÍSKA MEISTARAMÓTIÐ

Á morgun hefst Opna bandaríska meistaramótið sem er annað risamót ársins. Woods, McIlroy, Spieth og allir hinir eru mættir á Chambers Bay-völlinn og verður spennandi að sjá hver stendur uppi sem sigurvegari á sunnudaginn. Allir keppisdagarnir verða í beinni útsendingu á Golfstöðinni.

Tryggðu þér áskrift á 365.is

3.490 kr. ef þú ert með Stóra pakkann eða Sportpakkann.

5.490 kr. ef þú ert með aðra áskrift hjá 365.

6.490 kr. ef þú ert ekki með neina áskrift hjá 365.



Nánar á 365.is og í síma 1817

GSM áskrift, internet, heimasími og aðild að Vild fylgir áskrift að Golfstöðinni

0 kr.



4 GSM áskriftir
60 mín. og 60 SMS

60 mín. og 60 SMS fylgja hverri áskrift

0 kr.



Internet
20 GB

0 kr.



Heimasími
100 mín.*

*Greitt er 9,7 kr. upphafsgjald þegar hringt er úr heimasíma

365



REYNDUR Mirko var í lykhlutverki hjá Njarðvík í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mirko í Hött

KÖRFUBOLTI Miðherjinn Mirko Stefán Virižević er genginn í raðir nýliða Hattar í Domino's-deild karla. Mirko, sem er íslenskur ríkisborgari, er frá Njarðvík sem hann lék með á síðasta tímabili.

Mirko, sem er 34 ára, hefur einnig leikið með Breiðabliki, Haukum og KFÍ hér á landi. Þessi rúmlega tveggja metra hái miðherji var með 10,7 stig og 10,5 fráköst að meðaltali með Njarðvík á síðasta tímabili.

- íps



AFTUR HEIM Ramune styrkir lið Hauka gríðarlega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ramune snýr aftur á Ásvelli

HANDBOLTI Landsliðskonan Ramune Pekarskyte er gengin í raðir Hauka á ný eftir nokkurra ára dvöl í atvinnumennsku. Þessi öfluga skytta skrifaði undir tveggja ára samning við Hauka, sem ætla sér stóra hluti á komandi tímabili.

Ramune, sem er 34 ára, er fædd í Litháen en fékk íslenskan ríkisborgararétt í júní 2012 og hefur síðan þá leikið með íslenska landsliðinu.

Ramune kom fyrst til Hauka árið 2003 og lék með liðinu í sjö ár við góðan orðstír. Hún hélt svo í atvinnumennsku 2010 og lék með Levanger í Noregi, SønderjyskE í Danmörku og nú síðast með franska liðinu Le Havre.

- íps

Mikilvægast að lifa í núinu

Kristinn Jónsson hefur átt frábært tímabil til þessa í Pepsi-deild karla og er leikmaður 8. umferðar hjá Fréttablaðinu. Hann segist hafa lært mikið af síðasta tímabili sem hann varði í Svíþjóð, þrátt fyrir mótlætið.

FÓTBOLTI Það er ekki oft að vinstri bakvörður er eitt hættulegasta sóknarvopn liðs í toppbaráttu Pepsi-deildar karla. En það er engu að síður tilfellið hjá Breiðabliki og Kristni Jónssyni. Kristinn opnaði markareikninginn sinn í sumar með tveimur mörkum gegn Víkingum á sunnudagskvöld en hefur þar að auki lagt upp sex mörk í sumar.

Þar fyrir utan er hann hluti af varnarliðu sem hélt marki Breiðabliks hreinu í 451 mínútu þar til að Rolf Toft kom boltanum fram hjá Gunnleifi Gunnleifssyni um helgina. Árangurinn hefur ekki látið á sér standa – Blikar hafa unnið fimm leiki í röð, eru taplausir og geta komið sér á toppinn með sigri á FH á sunnudagskvöld.

„Við erum ekkert byrjaðir að hugsa um þann leik,“ sagði Kristinn, en Breiðablik mætir KA í 16-liða úrslitum bikarsins á fimmtudag. „Við eigum von á erfiðum leik gegn KA og erum að einbeita okkur að honum. Við mætum KA í úrslitum Lengjubikarsins og vitum hvað liðið er öflugt.“

Kom heim til að núllstilla mig

Kristinn er uppalinn Bliki en síðasta sumar var hann lánaður til Brommapojkarna í sænsku úrvalsdeildinni. Þrátt fyrir að liðið hafi fallið og Kristinn hafi verið meiddur stóran hluta tímabilsins talar hann um dvöl sína á afar jákvæðum nótum.

„Þetta var hrikalega góð reynsla og ég lærði helling sem ég hafði ekki lært í Breiðabliki. Það blés á móti þarna úti enda staðan á liðinu erfið, en það er ekki nokkur spurning að þetta er reynsla sem mun gagnast mér í framtíðinni,“ segir Kristinn, sem segir að vegna meiðsla sinna hafi það í raun aldrei komið til tals að framlengja dvölinu hjá félaginu eða leita annarra tækifæra.

„Ég kom því heim með það í huga að núllstilla mig og ná mér fyrst og fremst góðum af meiðslunum. En þetta var góð reynsla og ég mæli hiklaust með þessu fyrir alla knattspyrnumenn. Núna veit ég enn betur hversu mikið maður þarf að leggja á sig til að ná árangri.“

Smitandi áhrif Höskuldur

Kristinn hefur verið að spila af



LIPUR Kristinn Jónsson skoraði tvívegis gegn Víkingum um helgina í 4-1 sigri Breiðabliks.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

slíkri getu í sumar að það kæmi ekki á óvart að erlend félög væru byrjuð að renna hýru auga til hans. En hvað er Kristinn að gera öðruvísi nú en fyrir önnur tímabil með Breiðabliki?

„Ég er fyrst og fremst með gott fólk í kringum mig – mjög góða sjúkrahjálpara sem hafa gert mikið fyrir mig. Þá æfði ég mikið með Höskuldi Gunnlaugssyni í vetur. Það er hrikalega flottur strákur og metnaður hans hefur haft smitandi áhrif á mig. Höskuldur er nefnilega algjörlega gegnheill strákur og heidarlegur sem kemur til dyranna nákvæmlega eins og hann er klæddur,“ segir Kristinn um félagan sinn, en saman mynda þeir ógnarsterkt par á vinstri vængnum hjá Breiðabliki.

Þess ber að geta að Höskuldur

skoraði eitt mark gegn Víkingum og lagði svo upp eitt til viðbótar, einmitt fyrir Kristin. Höskuldur var þá nýbúinn að skora tvö mörk í 3-0 sigri U-21 liðs Íslands á Make-dónú í undankeppni EM 2017.

„Það hefur gengið hrikalega vel hjá okkur Höskuldi en ég verð samt að minnast á að það eru fleiri að spila vel hjá okkur sem hafa ef til vill fengið minni athygli. Andri Rafn [Yeoman], Oliver [Sigurjónsson] og svo Damir [Muminovic, miðvörður] sem hefur verið hrikalega öflugur í vörninni. Það hefur verið mjög gott að spila með honum.“

Gera sitt besta hverju sinni

Kristinn var verðlaunaður fyrir góða frammistöðu með sæti í íslenska landsliðinu fyrir leikinn

„Núna veit ég enn betur hversu mikið maður þarf að leggja á sig til að ná árangri.“

Kristinn Jónsson, leikmaður Breiðabliks.

gegn Tékklandi. Hann veit að hann á betri möguleika á að halda sæti sínu þar með því að komast aftur í atvinnumennsku.

„Ég er auðvitað með mín markmið eins og aðrir. En eitt af því sem Arnar Grétarsson [þjálfari Breiðabliks] hefur hamrað á og gerði í allan vetur er að við eigum að lifa í núinu og gera það besta sem við getum hverju sinni. Það muni skila sér í einhverju stærra. Það er einmitt það sem við erum að gera hjá Breiðabliki.“

eirikur@frettabladid.is

Dýrasti leikmaðurinn í sögu Njarðvíkur

Stefan Bonneau mun gleðja íslenskt körfuboltaáhugafólk áfram í Dominos-deildinni í körfubolta næsta vetur.

KÖRFUBOLTI Það kostar sitt fyrir Njarðvíkinga að halda Stefan Bonneau í Ljónagryfjunni en miðað við frammistöðu hans síðasta vetur gæti Bonneau-æðið borgað sig fljótt í baráttunni um að ná Íslandsbikarnum aftur í Njarðvík. Njarðvíkingar tilkynntu það í gær að Stefan Bonneau muni spila áfram með liðinu í Domino's-deildinni.

Stefan Bonneau er með betri bandarískum leikmönnum sem hafa spilað hér á landi og að margra mati alltof góður til að spila í Domino's-deildinni. Fréttirnar um að þetta tilbrifatröll ætli að skemmta körfuboltaáhugafólki áfram á næsta tímabili hafa gerbreytt útlitun fyrir Njarðvíkurliðið sem var búið að missa leikmenn í upphafi sumars.

Það að Stefan Bonneau hafi samið við Njarðvíkinga fyrir 17. júní í stað þess að biða eftir tilbodum frá stærri liðum úr stærri deildum þýðir bara eitt. Hann er að fá góðan samning hjá Njarðvík og formaðurinn Gunnar Örylgsson viðurkennir það fúslega.

„Við rændum að sjálfsögðu ekki banka til að eiga fyrir þessu en það

er eðlilegt að menn spyrji því leikmaðurinn er af þessum gæðum eins og við þekkjum. Vissulega er þetta dýr leikmaður á íslenskan mælikvarða og kannski sá dýrasti,“ sagði Gunnar Örylgsson í viðtali við Íþróttadeild 365.

„Hann er okkar Messi og ef liðið ætlar að taka þátt í titilbaráttu og vera á toppnum þá þarf að sýna ákveðinn metnað. Okkar metnaður liggur í því að vera með frábæra leikmenn og hann er hluti af þeirri sveit sem við erum að setja saman,“ sagði Gunnar.

Stefan Bonneau kom til Njarðvíkinga um áramótin og var með 34,0 stig og 5,2 stoðsendingar að meðaltali í deild og úrslitakeppni. Stefan Bonneau skoraði 52 stig í síðasta leiknum þar sem Njarðvíkingar töpuðu í tvíframlengdum oddaleik í undanúrslitum á móti verðandi Íslandsmeisturum í KR.

„Hann er dýr en við ráðum við þetta því við hefðum aldrei tekið þetta skref öðruvísi en að vita að við ráðum við þetta. Við erum líka að tryggja okkur ákveðinn skemmtikraft með Stefan. Við þekkjum það

frá síðustu leiktíð að hann trekkti áhorfendur að vellinum og það eru ákveðnar tekjur sem myndast þegar fólk mætir á völinn. Hann er líka leikmaður með þau gæði að styrktaraðilar horfa til okkar. Við erum með þau mál nokkuð opin þó að það séu enn þá möguleikar í stöðunni. Það verður því spennandi að sjá hver viðbrögð manna verða eftir að þessi ráðning er komin í höfn,“ sagði Gunnar.

„Þetta er án efa dýrasti leikmaður sem við höfum nokkurn tímann tekið inn í klúbbinn. Það er metnaður í okkur og Njarðvík er glæsilegur körfubolta klúbbur. Við byggjum á mikilli sigurhefð og það er ekkert annað sem kemur til greina hjá okkur en að vera í hópi þeirra bestu,“ segir Gunnar.

„Ég gef það að sjálfsögðu ekki upp hversu dýr hann er og þetta er ekki eins og í fótboltanum í Evrópu. Hann er vissulega dýrasti leikmaðurinn sem við höfum tekið til okkar, en ég finn það strax eftir fréttir dagsins að þetta er rétt ákvörðun hjá okkur. Við munum leita leiða til að afla tekna fyrir klúbbinn og nú

→ Stefan Bonneau

- 34,0 stig og 5,2 stoðsendingar að meðaltali í deild og úrslitakeppni.
- Skoraði 52 stig í síðasta leiknum á heimavelli Íslandsmeistaranna.

þegar hafa ákveðnar styrktaraðilar haft samband við mig og þeir munu gera enn betur við okkur á ári komanda. Ég er mjög ánægður með þessa ákvörðun fyrir okkar hönd,“ sagði Gunnar.

„Hann kostar okkur ekki meira en tíu milljónir fyrir allt tímabilið og við skulum orða það þannig að við náðum mjög góðum samningi við hann,“ sagði Gunnar.

Njarðvíkingar sömdu við Hjalta Friðriksson á döggunum og það er að heyra á formanninum að það gæti verið von á fleiri fréttum af leikmannamálum á næstunni. Það er því ljóst að Njarðvíkingar ætla sér mjög stóra hluti næsta vetur.



- 66j

Góðar stundir
gerast hægt



Sendu okkur 5 toppa af Merrild umbúðum og þú gætir unnið hina sígildu kaffikönnu frá Stelton.



10 heppnir vinningshafar verða dregnir út í hverri viku frá 30. júní til 1. september 2015, alls 100 talsins.

Þátttökuumsög í öllum verslunum. Á Facebook-síðu okkar, Facebook/Merrild á Íslandi, verða birt úrslit auk frekari upplýsinga um leikinn.

Gullöld fram undan í Grafarvoggi?

Aðeins tvö lið á öðru ári í efstu deild hafa náð í fleiri stig í fyrstu átta umferðunum en þau sem Fjölnismenn hafa aflað í sumar frá því að þriggja stiga reglan var tekin upp 1984. Bæði Fram á níunda áratugnum og ÍA á þeim tíunda fögnuðu mörgum titlum í framhaldinu.

FÓTBOLTI Fjölnir hefur aldrei endað ofar en í sjötta sæti í efstu deild og aldrei verið meðal þeirra bestu lengur en í tvö ár í senn. Nú lítur út fyrir að þetta kornunga félag sé loksins búð að slíta barnskónum og tilbúið að festa sig í sessi í Pepsi-deildinni.

Fjölnismenn hafa komið flestum á óvart með frábærri byrjun sinni í Pepsi-deildinni og eftir þriðja sigur sinn í röð í fyrirkvöld er liðið í þriðja sæti deildarinnar og þegar búið að vinna jafnmarga leiki og allt síðasta tímabil.

Annað tímabilið hefur oft reynst liðum erfitt og það eru mörg dæmi um það. Víkingsliðið í sumar er til dæmis áttunda liðið á öðru ári í tólf liða deild sem nær ekki að vinna tvo eða fleiri leiki í fyrstu átta umferðunum. Inn á milli tekst þó liðum að byggja ofan á nýliða-tímabilið og festa sig í deildinni. Byrjun Grafarvogspilta ætti að vera upphafið að einhverju meira ef marka má súper-byrjanir liða á sínu öðru ári.

Enginn gert betur en Fram

Framarar komu aftur upp í efstu deild sumarið 1984 og náðu þá fjórða sæti sem nýliðar. Liðið byrjaði síðan sumarið 1985 frábærlega þar sem það náði í 22 stig í fyrstu átta leikjunum og var með átta stiga forskot á toppnum þegar tímabilið var nærri því hálfnað.

Framarar gáfu eftir í seinni umferðinni en urðu bikarmeistarar. Þeir áttu síðan eftir að vinna stóran titil næstu fimm árin þar af urðu þeir þrisvar sinnum Íslandsmeistarar; 1986, 1988 og 1990.

Sögulegt hjá Skagamönnum

Skagamenn skrifuðu söguna með því að verða Íslandsmeistarar sem nýliðar sumarið 1992 og siguranga þeirra hélt áfram. Þeir fengu 21 stig í fyrstu átta leikjum sínum sumarið 1993 og enduðu það síðan sem tvöfaldir meistarar. Skagamenn urðu síðan Íslandsmeistarar í þrjú ár til viðbótar.



GAMAN Í GRAFARVOGINUM Fjölnismenn fagna hér einu af níu mörkum sínum í síðustu þremur leikjum liðsins í Pepsi-deildinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Það er enginn að fara að ætlast til þess að Fjölnismenn fari að safna titlum á næstu árum en þeir gætu kannski komið sér eins vel fyrir í deildinni og Fylkismenn gerðu í upphafi aldarinnar. Fylkir náði þá jafnmörgum stigum og Fjölnir í sumar í fyrstu átta leikjum sínum á öðru ári. Fylkismenn unnu bikarinn það ár sem og það næsta og þrátt fyrir að liðinu hafi ekki tekist að landa þeim stóra þá hefur það spilað í efstu deild allar götur síðan og lengst allra af liðunum í Pepsi-deildinni í sumar fyrir utan KR.

Aron Sigurðarson og Þórir Guðjónsson skoruðu mörk Fjölnis í sigrinum á Leikni og hafa þeir félagar þegar skorað mörg af flottari mörkum tímabilsins. Þórir hefur nú skorað í fjórum af síðustu fimm leikjum liðsins og samtals fimm mörk í deildinni en

BESTA BYRJUNIN Á ÖÐRU ÁRI Í EFSTU DEILD (SÍÐAN AÐ ÞRIGGJA STIGA REGLAN VAR TEKIN UPP SUMARIÐ 1984)

22 STIG FRAM 1985	ENDADÍ Í 4. SÆTI + BIKARM.
21 STIG ÍA 1993	ÍSLANDSMEISTARI
17 STIG FYLKIR 2001	5. SÆTI + BIKARMEISTARI
15 STIG FRAM, 2008	3. SÆTI
14 STIG ÍBV 2010	3. SÆTI
KEFLAVÍK 2005	4. SÆTI

13 STIG ÍBV 1991	KA 1988	7. SÆTI
12 STIG LEIFTUR 1996		3. SÆTI
11 STIG VALUR 2006	KEFLAVÍK 1994	3. SÆTI
10 STIG Stjarnan (2010, 8. sæti), Breiðablik (2007, 5. sæti), Breiðablik (1995, 8. sæti), FH (1986, 8. sæti), Pröttur (1984, 8. sæti) og Þór Ak. (7. sæti).	PÓR AK. 1993	7. SÆTI

Aron virðist nú vera að springa út eftir að hafa lofað mjög góðu með flottri frammistöðu nokkrum sinnum í fyrRASUMAR.

Það er þó ekki síður varnarleikur liðsins sem er að leggja grunn-

inn að velgengninni sem og það að heimavöllur liðsins hefur lifnað við eftir dapra mætingu í fyrra. Nú hafa mætt yfir þúsund manns að meðaltali á fyrstu fimm leikina og Fjölnisstrákarnir hafa séð

til þess inni á vellinum að þar er einn allra besta heimavöllur deildarinnar í dag.

Fjölnisvörninn hefur aðeins fengið á sig eitt mark í fyrstu fimm leikjum sínum og 13 af 17 stigum liðsins hafa komið í hús á Fjölnisvellinginum. Eftir 2-0 tap á KR-vellinginum í 3. umferðinni leit ekki út fyrir að eitthvað spennandi væri í bígerð hjá Grafarvogslíðinu en nú fimm leikjum síðar hefur liðið náð í 13 stig í viðbót og unnið alla leiki nema þegar það gerði 3-3 jafntefli við Val á Vodafonevellinginum.

Hvort þessi frábæra byrjun sé ávísun á komandi gullöld í Grafarvoginum er óvíst, en miðað við spilamennskuna í síðustu leikjum þá eru Fjölnismenn komnir til að vera í Pepsi-deildinni og hafa fyrir löngu sparkað annars árs draugunum yfir Gullinbrúna og í átt að Fossvoginum. ooj@frettabladid.is

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka parið tíma

Rakarastofan Klapparstíg

S: 551 3010

→ Fram 1985

- VARD Í 6. SÆTI SEM NÝLIÐI 1984

FYRSTU 8 LEIKIR Á ÖÐRU ÁRI:
1. sæti með 22 stig og 14 mörk í plús (22-8)

22 +14

LOKASTAÐA Á ÖÐRU ÁRI:
4. SÆTI

NÆSTU SEX TÍMABIL:
Íslandsmeistari 1986, 1988 og 1990
Bikarmeistari 1985, 1987 og 1989

→ ÍA 1993

- ÍSLANDSMEISTARI SEM NÝLIÐI 1992

FYRSTU 8 LEIKIR Á ÖÐRU ÁRI:
1. sæti með 21 stig og 19 mörk í plús (27-8)

21 +19

LOKASTAÐA Á ÖÐRU ÁRI:
Íslandsmeistari

NÆSTU SEX TÍMABIL:
Íslandsmeistari 1994, 1995 og 1996
Bikarmeistari 1993 og 1996

→ Fjölnir 2015

- VARD Í 9. SÆTI SEM NÝLIÐI 1984

FYRSTU 8 LEIKIR Á ÖÐRU ÁRI:
3. sæti með 17 stig og 7 mörk í plús (14-7)

17 +7

Fjölnir hefur unnið fimm leiki af fyrstu átta en liðið vann jafn marga leiki í öllum 22 umferðunum í Pepsi-deildinni í fyrra.

Einn af sígillum Fjölnis var á útivelli á móti ríkjandi Íslandsmeisturum Stjörnunna.

→ Fylkir 2001

- VARD Í 2. SÆTI SEM NÝLIÐI 2000

FYRSTU 8 LEIKIR Á ÖÐRU ÁRI:
1. sæti með 17 stig og 9 mörk í plús (14-5)

17 +9

LOKASTAÐA Á ÖÐRU ÁRI:
5. sæti

NÆSTU SEX TÍMABIL:
Íslandsmeisturur 2002 og enn í deildinni
Bikarmeistari 2001 og 2002

Fáðu þér appið!
visir www.fasteignir.is



Á FLJÚGANDI SIGLINGU Breiðablik hefur verið óstöðvandi í upphafi móts og unnið fimm af fyrstu sex leikjum sínum í Pepsi-deildinni. Blikastúlum var spáð sigri í deildinni fyrir mót og þær hafa staðið undir væntingum það sem af er.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

PEPSI DEILD KVENNA

FYLKIR - ÍBV **1-4**
0-1 Kristín Erna Sigurásdóttir (33.), 0-2 Shaneka Gordon (41.), 0-3 Gordon (45.), 0-4 Cloe Lacasse (45.).

KR - PRÖTTUR R. **0-0**

VALUR - BREIÐABLIK **0-6**
0-1 Jóna Kristín Hauksdóttir (5.), 0-2 Guðrún Arnardóttir (36.), 0-3 Fannís Friðriksdóttir (41.), 0-4 Fannís (53.), 0-5 Málfríður Erna Sigurðardóttir (67.), 0-6 Telma Hjaltalín Prastardóttir (79.).

SELFLOSS - AFTURELDING **2-0**
1-0 Donna Kay Henry (59.), 2-0 Magdalena Anna Reimus (77.).

STAÐAN

Breiðablik	6	5	1	0	22-2	16
Selfloss	6	5	0	1	15-6	15
ÍBV	6	4	1	1	17-5	13
Stjarnan	6	4	0	2	15-4	12
Þór/KA	6	3	2	1	15-11	11
Valur	6	3	0	3	12-14	9
Fylkir	6	1	1	4	5-16	4
KR	6	0	2	4	3-17	2
Pröttur	6	0	2	4	0-14	2
Afturelding	6	0	1	5	3-18	1

HLEÐSLA
ÍPRÓTTADRYKKUR

100%
HÁGÆÐA
PRÓTEIN



KOLVETNASKERT LAKTÓSAFRÍ



Þú þarft líkamlega orku, úthald og einbeitingu til að ná árangri í lífinu. Kolvatnaskert, laktósafrí Hleðsla, með súkkulaðibragði, er gerð úr náttúrulegu íslensku hágæðapróteini. Búið er að kljúfa allan mjólkursykur og nýja Hleðslan hentar því öllum sem eru með mjólkursykuróþol. Láttu ekkert stöðva þig. Fáðu þér laktósafría Hleðslu.

DAGSKRÁ



19:25

BUBBI OG DIMMA

Upptaka frá einstaklega vönduðum tónleikum Bubba og Dimmu sem haldnir voru í Eldborgarsal Hörpu þann 7. mars síðastliðinn.

FJÖLBREYTT MIÐVIKUDAGSKVÖLD!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365



20:55

CATCH ME IF YOU CAN

Dramatísk spennumynd um slyngan svikahrapp sem ítrekað leikur á liðsmenn bandarísku alríkislögreglunnar. Myndin er sannsöguleg og var tilnefnd til tveggja Óskarsverðlauna.

23:15

REAL TIME WITH BILL MAHER

Vandaður spjallþáttur þar sem Bill Maher fer yfir málefni líðandi stundar með hinum ólíkustu gestum.



22:00

BLUE JASMINE

Cate Blanchett hlaut Óskarsverðlaunin fyrir stórkostlegan leik sinn í þessari frábæru mynd frá 2013.



22:20

ORANGE IS THE NEW BLACK

Seinni hlutinn sýndur af þriðju þáttaröðinni sem er svo aðgengileg í heild sinni á Stöð 2 Frelsi.



SEINNI HLUTI

19:00

MONSTER HOUSE

Létt og stórskemmtileg draugasaga fyrir hugaða krakka á öllum aldri!



STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 07.01 Waybuloo
- 07.20 Mæja býfluga
- 07.30 Lási löggubíll
- 08.45 Elías og Fjárslóðsleitinn
- 10.00 Lego Batman: The Movie - DC Su
- 11.10 Grallararnir
- 11.30 Big Time Rush
- 11.50 The Middle.
- 12.15 Don't Trust the B*** in Apt 23
- 12.40 Mom
- 13.00 Around the World in 80 Plates
- 13.45 The Lying Game
- 14.30 Mayday
- 15.25 The Goldbergs
- 15.45 Baby Daddy
- 16.10 Bjarnfreðarson
- 18.00 Simpson-fjölskyldan
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.55 The Middle
- 19.20 Víkingalottó
- 19.25 Bubbi og Dimma

21.00 Catch Me If You Can Dramatísk spennumynd. Frank Abagnale Jr. er slyngur svikahrappur sem ítrekað leikur á liðsmenn bandarísku alríkislögreglunnar. Frank vilur ekkert fyrir sér og bregður sér ýmist í gervi flugmanns, lækis, sak-sóknara eða söguprófessors. Slóð hans liggur um mörg lönd og fölsuðu ávís-anirnar hrannast upp. Myndin, sem er sannsöguleg, var tilnefnd til tveggja Óskarsverðlauna.

23.20 Real Time with Bill Maher
00.20 Battle Creek Glæpaþættir með gamansömu ívafi með Josh Duhamel og Dean Winters í aðalhlutverkum. Þættirnir fjalla um tvo afar ólíka rannsóknalögreglumenn sem hafa mismunandi skoðun á nákvæmlega öllu. Á einhvern undarlegan hátt ná þeir þó saman í starfi og vinna að því að uppræta glæpi á götum Battle Creek.

- 01.05 NCIS
- 01.45 Mary and Martha
- 03.15 Bjarnfreðarson
- 05.05 The Middle
- 05.25 Simpson-fjölskyldan
- 05.50 Fréttir

SPORT besta sætið

- 07.00 Gíbraltar - Pýskaland
- 08.40 Danmörk - Serbía
- 10.20 Fjölnir - Leiknir R.
- 12.00 Pepsímörkin 2015
- 13.30 Armenía - Portúgal
- 15.15 Lettland - Holland
- 16.55 Ísland - Tékkland
- 18.45 Cleveland - Golden State
- 20.35 Pólland - Georgía
- 22.15 Euro 2016 - Markaður F
- 23.05 Goðsagnir - Ólafur Þórðarson
- 23.55 Demantamótaröðin - New York
- 01.55 UFC Now 2015

SPORT 2 enski boltinn

- 08.55 Sunderland - Crystal Palace
- 10.45 Fjölnir - Leiknir R.
- 12.35 Pepsímörkin 2015
- 13.50 Slóvenía - England
- 15.30 Írland - Skotland
- 17.15 Goals of the Season 2014/2015
- 18.10 Newcastle - Swansea
- 20.00 Manstu Skemmtilegur spurningaleikur um enska boltann í umsjón Guðmundar Benediktssonar. Þetta er fjögur þáttur á léttum nótum þar sem gleðin verður í fyrirrúmi og allir vinna.
- 20.45 Leicester - Chelsea
- 22.35 Premier League World 2014
- 23.05 Man. City - Southampton
- 00.45 Premier League Review 2014/2015

INN

20.00 Björn Bjarna 20.30 Auðlindakistan 21.00 Á ferð og flugi 21.30 Sjónvarp Kyflings

STÖÐ 3

- 18.15 Last Man Standing
- 18.35 Hot in Cleveland
- 19.00 Hart of Dixie.
- 19.45 Silicon Valley
- 20.15 Awake
- 21.00 Orange is the New Black Þriðja röðin af þessum verðlaunabáttum um Piper Chapman sem lendir í fangelsi fyrir glæp sem hún framdi fyrir mörgum árum.
- 22.00 Orange is the New Black
- 22.55 Orange is the New Black
- 23.55 Orange is the New Black
- 00.55 Orange is the New Black
- 01.55 Orange is the New Black
- 02.45 Orange is the New Black
- 03.30 Dallas
- 04.10 Sirens
- 04.35 Tónlistarmyndbönd frá Bravo

KrakkaStöðin

07.00 Áfram Diego, áfram! 07.24 Svampur Sveinsson 07.49 Tommi og Jenni 07.55 UKI 08.00 Brunabíllarnir 08.22 Ævintýri Tinna 08.47 Ævintýraferðin 09.00 Strumparnir 09.25 Latibær 09.47 Elías 10.00 Dóra könnuður 10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 10.45 Doddi litli og Eyrnastór 10.55 Sumardalsmyllan 11.00 Áfram Diego, áfram! 11.24 Svampur Sveinsson 11.49 Tommi og Jenni 11.55 UKI 12.00 Brunabíllarnir 12.22 Ævintýri Tinna 12.47 Ævintýraferðin 13.00 Strumparnir 13.25 Latibær 13.47 Elías 14.00 Dóra könnuður 14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 14.45 Doddi litli og Eyrnastór 14.55 Sumardalsmyllan 15.00 Áfram Diego, áfram! 15.24 Svampur Sveinsson 15.49 Tommi og Jenni 15.55 UKI 16.00 Brunabíllarnir 16.22 Ævintýri Tinna 16.47 Ævintýraferðin 17.00 Strumparnir 17.25 Latibær 17.47 Elías 18.00 Dóra könnuður 18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 18.45 Doddi litli og Eyrnastór 18.55 Sumardalsmyllan 19.00 Monster House

GULLSTÖÐIN

- 17.35 Friends
- 18.00 Modern Family
- 18.25 Mike & Molly
- 18.45 The Big Bang Theory
- 19.10 Hæðin
- 19.55 Hannað fyrir Ísland
- 20.35 Chuck
- 21.20 True Detective
- 22.20 Curb Your Enthusiasm
- 22.55 Sullivan & Son
- 23.15 Hæðin
- 00.00 Hannað fyrir Ísland
- 00.40 Chuck
- 01.25 True Detective
- 02.25 Curb Your Enthusiasm
- 02.55 Tónlistarmyndbönd frá Bravo

BÍÓSTÖÐIN

- 08.35 Ocean's Eleven
- 10.30 Diary of a Wimpy Kid: Dog Days
- 12.05 Bridges of Madison County
- 14.20 Diana
- 16.15 Ocean's Eleven
- 18.10 Diary of a Wimpy Kid: Dog Days
- 19.45 Bridges of Madison County Rómantísk mynd sem fjallar um ljósmyndara frá National Geographic sem kemur til Iowa á sjöunda áratugnum til að mynda brýrnar í Madison-sýslu. Þar lendir hann í óvæntu ástarævintýri þegar hann kynnist giftri sveitakonunni sem er heldur óánægð með hlutskipti sitt í lífinu. Þetta er falleg ástarsaga með Clint Eastwood og Meryl Streep í aðalhlutverkum.
- 22.00 Blue Jasmine
- 23.40 Rush Spennandi og dramatísk mynd frá 2013 sem byggð er á sönnum atburðum með Daniel Brühl, Chris Hemsworth og Olivia Wilde í aðalhlutverkum. Hér er sögð saga breska ökuþórsins James Hunt sem varð heimsmeistari í Formúlu 1 árið 1976 og atti þar m.a. kappi við ríkjandi heimsmeistara, Niki Lauda. Myndin gerist í glansheimi Formúlu 1 kappakstursins á áttunda áratug síðustu aldar.
- 01.40 Skyline
- 03.15 Blue Jasmine

RÚV

- 08.00 Morgunstundin okkar
- 08.01 Froskur og vinir
- 08.08 Einar Áskell
- 08.21 Friðþjófur forvitni
- 08.43 Franklín og vinir hans
- 09.05 Kúlugúbbarnir
- 09.28 Sigga Liggala
- 09.40 Robbi og skrímsli
- 10.02 Drekar: Knapar Birkeyjar
- 10.20 Bækur og staðir
- 10.25 Ferðastíklur I
- 11.00 Hið sæta sumarlíf
- 11.10 Hátíðarstund frá Austurvelli Bein útsending. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra flytur ávarp.
- 12.00 Ikingut
- 13.25 Edda Heiðrún Backman
- 14.30 Stikkfrí
- 15.55 Saga Þjóðar
- 17.20 Disneystundin
- 17.21 Finnbogi og Felix
- 17.43 Sígildar teiknimyndir
- 17.50 Herkúles
- 18.15 Tákn málsfréttir
- 18.25 Hljómskálinn
- 18.54 Víkingalottó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Ávarp forsætisráðherra 2015
- 19.50 Rödd Þjóðar
- 21.05 Stella í orlofi
- 22.30 Á annan veg
- 23.55 Áfram Mið-Ísland
- 00.50 Gáru á vatninu
- 01.40 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.22 Dr. Phil
- 09.04 The Talk
- 09.43 Pepsi MAX tónlist
- 13.40 Cheers
- 14.05 Dr. Phil
- 14.45 Reign
- 15.30 Britain's Next Top Model
- 16.20 Minute to Win It
- 17.05 Royal Pains
- 17.50 Dr. Phil
- 18.30 The Talk
- 19.10 Million Dollar Listing
- 19.55 Growing Up Fisher
- 20.15 Lífið er yndislegt
- 21.45 The Bridge
- 22.30 Sex & the City
- 22.55 Madam Secretary
- 23.40 Agents of S.H.I.E.L.D.
- 00.25 American Crime
- 01.10 Lífið er yndislegt
- 02.40 The Bridge
- 03.25 Sex & the City
- 03.50 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2015
- 13.00 Golfing World 2015
- 13.50 US Open 2014
- 18.50 Golfing World 2015
- 19.40 PGA Tour 2015

HRINGBRAUT

00.00 Fólk með Sirrý 01.00 Atvinnulífið 01.30 Ritstjórnarnir 02.00 Fólk með Sirrý 03.00 Atvinnulífið 03.30 Ritstjórnarnir 04.00 Fólk með Sirrý 05.00 Atvinnulífið 05.30 Ritstjórnarnir 06.00 Fólk með Sirrý 07.00 Atvinnulífið 07.30 Ritstjórnarnir 08.00 Fólk með Sirrý 09.00 Atvinnulífið 09.30 Ritstjórnarnir 10.00 Fólk með Sirrý 11.00 Atvinnulífið 11.30 Ritstjórnarnir 12.00 Fólk með Sirrý 13.00 Atvinnulífið 13.30 Ritstjórnarnir 14.00 Fólk með Sirrý 15.00 Atvinnulífið 15.30 Ritstjórnarnir 16.00 Fólk með Sirrý 17.00 Atvinnulífið 17.30 Ritstjórnarnir 18.00 Fólk með Sirrý 19.00 Atvinnulífið 19.30 Ritstjórnarnir 20.00 Hugarvarf 21.00 Eðaltónar 21.15 433.is 21.45 Grillspaðinn 22.00 Hugarvarf 22.45 Eðaltónar 23.15 433.is 23.45 Grillspaðinn

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.

365.is

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro

FM 90,1

Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1

FM 95,7


FM 957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7

X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5

K100
FM 102,9 Lindin



Tilvaldir í lík- og frystikistuna.
-Hvíl í Kviði.

BESTI BITINN



„Erfitt val en bestu bitarnir eru kókossúpan á Núðluskálinni, flest allt á O-Sushi og hummusinn á Mandí.“
Sunna Ben, myndlistarkona og ein þeirra sem standa að baki brjóstabyltingu.

Eru mjög spenntir fyrir opnuninni í dag

Skyndibitastaðurinn Reykjavík Chips verður opnaður í dag. Friðrik Dór segir þá félagar tilbúna í slaginn.

„Við fengum svo mikinn tíma til að sitja og bíða þannig að við erum, ég ætla ekki að segja yfirspenntir, en við erum mjög spenntir. Næstum því yfirspenntir,“ segir Friðrik Dór Jónsson eldhress, sem opnar ásamt félögum sínum, Arnari Dan Kristjánssyni, Ólafi Arnalds, Ragnari Kristjánssyni og Hermannni Óla Davíðssyni, skyndibitastaðurinn Reykjavík Chips.

Vegna verkfalla dróst opnunin en Friðrik Dór segir þá félagar heldur betur tilbúna í slaginn í dag.

Matseðill Reykjavík Chips stendur saman af frönskum með ýmiss konar sósum og segir Friðrik Dór þær setja punktinn yfir i-ö. „Við leggjum mikinn metnað í sósurnar. Þær eru allar lagaðar á staðnum fyrir utan vegan-sósu sem við fáum frá Sollu á Gló,“ segir hann, en tvær sósur eru í boði fyrir þá sem aðhyllast veganisma.

Friðrik Dór, Arnar og Hermann eru gamlir vinir úr grunnskóla. „Svo fóru menn í hinar ýmsu áttir og voru í mismiklu sambandi, svo komum við aftur saman í svona

“Við leggjum mikinn metnað í sósurnar. Þær eru allar lagaðar á staðnum fyrir utan vegan-sósu sem við fáum frá Sollu á Gló.”

náið samband þegar Arnar hringdi okkur. Það er hægt að gera mjög góða bíómynd úr þessu,“ segir hann glaður í bragði að lokum.

Reykjavík Chips er á Vitastíg 10 og er opnað klukkan 11.30. -gló



HLAKKA TIL Friðrik Dór og Arnar eru mjög spenntir fyrir því að opna loksins Reykjavík Chips. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sumar útsala



Þú finnur bækinginn á dorma.is

Stillanlegt og þægilegt



AFSLÁTTUR
100.000
krónur

Charlotte Julien



C&J SILVER STILLANLEGT með Shape heilsudýnum

Stillanlegur botn og Shape heilsudýnum
Stærð: 2x90x200 cm.


Fullt verð: 466.900 kr.

C&J stillanleg rúm:
· Inndraganlegur botn
· 2x450 kg lyftimótorar
· Mótor þarfnast ekki viðhalds
· Tviðert stál í burðargrind
· Hliðar- og endastopparar
· Hljóðlátur mótur - Total silence®

Aðeins 366.900 kr.

Fullkominn stuðningur

- enn meiri mykt



25%
AFSLÁTTUR



SHAPE DELUXE HEILSURÚM

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 26 cm þykk heilsudýna
- 2 cm latexlag bólstrað í áklæði
- 4 cm gel memoryfoam
- 4 cm shape memoryfoam
- Non-slip efni á botni dýnnar
- Engir rykmaurar
- 5 ára ábyrgð!
- Ófnæmisprófuð
- Burstaðir stálfætur



Shape Deluxe dýna með Classic botni og löppum
Stærð: 180x200 cm.

Fullt verð: 234.900 kr.

MEIRA Á
dorma.is

Aðeins 176.175 kr.

Holtagördum
512 6800
Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100

Afgreiðslutími
Mán. til fös. frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16
www.dorma.is

DORMA

Láttu drauminn ræstast



KAMPAKÁTUR Lagið kom fyrst út árið 1977 og segir Haukur heppilegt að hátíðarhöldin séu hefðbundin og svipuð frá ári til árs. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Langaði til að lýsa deginum

Lagið 17. júní hljómar víða í tilefni dagsins. Höfundur þess og annar textahöfundur er Haukur Ingibergsson sem langaði til þess að fanga stemninguna.

„Hugmyndin var að semja lag sem væri tileinkað þessum degi. Það hefur einhvern veginn límst við þennan dag og það er auðvitað voða gaman að hafa gert svoleiðis lag,“ segir Haukur Ingibergsson glaður í bragði.

Lagið sem rætt er um kannast sjálfsagt allir Íslendingar við en það heitir 17. júní og er gjarnan spilað á þessum degi af augljósum ástæðum.

„Ég samdi lagið og svo vorum við tveir sem sömdum textann,“ segir Haukur en það var Bjartmar Hannesson sem skrifaði textann ásamt Hauki.

Haukur er nú formaður Landsambands eldri borgara en starfaði sem skólastjóri á Bifröst þegar lagið var samið. „Bjartmar var þá bóndi á Hreðavatni sem er næsti bær við Bifröst, þannig að það má segja að þetta sé svona beint úr sveitinni,“ segir hann létur í lund.

„Hugmyndin var að fanga þá stemningu sem skapast á 17. júní og reyna að lýsa hvað dagurinn bærir í skauti sér og hvernig fólk fagnaði,“ segir hann og bætir við: „Það má nú kannski segja að það sé heppilegt að hátíðarhöld 17. júní eru hefðbundin og víða svipuð frá ári til árs þannig að þetta hefur lifað nokkuð vel.“

Lagið sló vægast sagt í gegn og er fastur liður í hátíðarhöldum þjóðhátíðardagsins, sjálfur segist Haukur ekkert endilega hafa búist við að það lifði enn góðu lífi árið 2015. „Nei, maður bjóst nú

ekki við því. Þetta var algjörlega svona hugmynd sem maður vissi ekkert hvert myndi fara,“ segir hann og bætir við að það sé óeitanlega gaman að lagið eigi enn upp á pallborðið hjá landsmönnum.

„Það er óralangt síðan lagið kom út, ég hugsa að þetta hafi komið fyrst út árið 1977. Þá var hljómsveit á Akranesi sem hét Dúmbó og Steini og flutti það upphaflega. Svo kom út önnur örlítið breytt útgáfa með hljómsveitinni Upplyftingu einhvern tíma á tíunda áratugnum,“ segir hann en lagið er því þrjátíu og átta ára gamalt.

„17. júní er náttúrulega dagur sem skiptir þjóðina miklu máli. Þetta er dagurinn þegar Ísland varð sjálfstætt ríki, það er ekkert sjálfsagt að 300.000 manna þjóð sé það þannig að þessi dagur er gífurlega mikilvægur og endapunktur á baráttu sem hafði staðið yfir í hátt í hundrað ár. Þessi dagur er punkturinn yfir ákveðna þróun sem menn voru búnir að leggja mikið í að ná, þannig að þótt þetta sé svona „jolly“ dagur og svoleiðis hefur hann mikla pólitíska þýðingu,“ segir Haukur og auðheyrir að hann hefur talsverðar mætur á deginum.

„Það vona ég að ég fái að gera. Ég veit það ekki, kannski kveiki ég á útvarpinu og svo fer maður eitthvað út að finna stemninguna,“ segir hann hress að lokum spurður að því hvort hann muni ekki hlusta á lagið góða í dag.

gydaloa@frettabladid.is

17. júní

Blómin springa út og þau svelgja í sig sól. Sumarið í algleymi og hálf tölur enn í jól. Í hjarta sínu fólk gleðst og syngur lítið lag, því lýðveldið Ísland á afmæli í dag.

Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei. Það er kominn 17. júní. Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei. Það er kominn 17. júní.

Jóni heitnum Sigurðssyni færir forsetinn, firnamikinn árviðan og stóran blóm-sveiginn. Fjallkonan í múnderingu þrífur upp á pall, með þrjáli les upp ljóð, eftir löngu dauðan kall.

Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei. Það er kominn 17. júní. Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei. Það er kominn 17. júní.

Skrúðgöngurnar þramma undir lúðrasveitarleik, lítil börn með blöðrur, hin eldri snafs og reyk. Síðan liður dagurinn við hátíðanna höld, heitar étnar pylsurar við fjölmörg sölutjóð.

Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei. Það er kominn 17. júní. Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei. Það er kominn 17. júní.

Um kvöldið eru alls staðar útidansleikir, að nunnan koma rándýrir skemmtikraftarnir. En rigning bindur enda á þetta gleðigeim, því gáttir opnast himins og allir fara heim.

Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei. Það er kominn 17. júní. Hæ, hó, jibbí, jei og jibbí, jei. Það er kominn 17. júní.

SÍMAR AUGLÝSINGAEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svananur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga Hjördís@365.is, Sigríður Órn Einarsdóttir sigfus@365.is, Svanhildur Ólaf Þorsteinsdóttir svansi@365.is, Órn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrafnar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



DOMINO'S Á ÍSLANDI ÓSKAR ÍSLENDINGUM GLEÐILEGRAR ÞJÓÐHÁTÍÐAR

Í DAG ER

HÁTÍÐ

Þessar eru sannkallaðar hátíðarpizzur og hæfa því vel í dag



PRIMA

Pepperoni, safaríkir kirsuberjatómatar, ferskur mozzarella, úrvals beikonsneiðar, basilpestó og svartur pipar.



MEAT DELIGHT

Úrvals beikonsneiðar, sérvalin steikarpylsa, rjómaostur, piparostur og chiliflógur.



ELDÓRADÓ

Hvítlauksolía í stað pizzusósu, rjómaostur, úrvals beikonsneiðar, pepperoni, jalapeno og chiliflógur.



VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!

PRIMA: Pepperoni, safaríkir kirsuberjatómatar, ferskur mozzarella, úrvals beikonsneiðar, basilpestó og svartur pipar.

📞 SÍMI 58 12345 📱 DOMINO'S APP 🌐 WWW.DOMINOS.IS

BAKPANKAR

Kjartans Atla
Kjartanssonar



Þjóðhátíðar- dagur allra

Í upphafi þessa pistils langar mig að biðjast afsökunar. Síðast þegar ég skrifaði á þennan vettvang sagðist ég ekki skilja hvers vegna Samtökin 78 ætluðu í mál við innhringjendur á Útvarpi Sögu fyrir hatursummæli í apríl. Ég sagðist halda að Gleðigangan og annað sem væri aðeins jákvætt væri líklegra til árangurs í mikilvægri baráttu samkynhneigðra fyrir eðlilegum lífsgæðum. En mér var réttilega bent á að ég, gagnkynhneigður karlmaður, hef lítið vit á réttindabaráttu minnihlutahópa og þeirri miklu vinnu sem þeir þurfa að leggja á sig til að njóta sömu lífsgæða og ég.

Á ÞJÓÐHÁTÍÐARDAGINN

Sjálfan er nefnilega gott að minna sig á að sama hversu opinn maður telur sjálfan sig vera getur maður alltaf gert betur. Í amstri hversdagsins er auðvelt að gleyma þeim sem eru öðruvísi en maður sjálfur og eiga engan málsvara í þessu oft ósanngjarna kerfi sem mótir stóran hluta af okkar lífi. Á 17. júní minnumst við þeirrar baráttu sem háð var til að tryggja sjálfstæði íslensku þjóðarinnar. En hvers virði er sjálfstæði þjóðar þar sem fólk nýtur ekki sömu réttinda?

ALLTOF margir í samfélaginu okkar þurfa að hafa alltof mikið fyrir hlutum sem eiga að vera sjálfsagðir. Svona stuttur pistill nær auðvitað ekki að fanga allt það óréttlæti sem viðgengst í samfélagi okkar og því skilningsleysi sem minnihlutahópar búa við af okkur, í forréttindastöðum, sem höfum ekki þurft að berjast fyrir hlutum sem við teljum sjálfsagða.

ÍHALDSSÖM öfl berjast svo fyrir því að viðhalda þessum forréttindum; reyna að koma í veg fyrir að samfélagið próist þannig að allir geti notið sín. Rök íhaldsseminnar eru að óþarfi sé að breyta því sem virkar. En slíkt er sett fram með gildismati hins þröngsýna meirihluta. Og slíkur þankagangur stuðlar að stöðnun samfélagsins. Mannlegt samfélag á að vera í stöðugri þróun. Þar sem mistök gærdagsins eru kennslu-efni morgundagsins.

GLEÐILEGAN þjóðhátíðardag, allir Íslendingar!

Gasblöðrur
Lítlar: 699 kr.
Stórar: 999 kr.



Iceland

ÞAÐ ER KOMINN 17. JÚNÍ!

HÆ WOW JIBBÍ JEI!

WOW air óskar landsmönnum öllum gleðilegrar þjóðhátíðar.

SJÁUMST UM BORD!

WOWAIR.IS

